FRÉTTABLAÐIÐ

11. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 16. JANÚAR 2021



Hversu illa þarf þér að líða til að þú sért orðinn veikur?

Héðinn

Ég er eins og þið

Héðinn Unnsteinsson hleypti Unni Ösp Stefánsdóttur alla leið í dagbækur sínar, suma daga skrifaðar á geðdeild, þegar hún vann að leikgerð á sjálfsævisögulegri bók hans Vertu úlfur. Héðinn og Unnur ræða geðhvörf, geðheilbrigði, fordóma, mennskurófið og almennt baráttuna við það að vera manneskja. ↬22

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Trump kveður

Forsetinn á örfáa daga eftir í embætti eftir róstusama tíma. ↬ 10



Þrjár konur stíga fram

Ragna Björg Björnsdóttir, Sigurbjörg Jónsdóttir og Elísabet Sif Helgadóttir segja sína sögu. ↬ 28



Syngur frá hjartanu

Natan Dagur gerir það gott í The Voice í Noregi. ↬ 54

LOKADAGAR ÚTSÖLU

ELKO



Könnunin náði til 11 þúsund nemenda. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Aukin streita vegna faraldurs

SAMFÉLAG 38 prósent nemenda í efri bekkjum grunnskóla segjast hafa fengið andstyggileg eða særandi skilaboð frá einstaklingi eða hópi. Þar af 19 prósent þrisvar sinnum eða oftar. 24 prósent á sama aldri viðurkenna að hafa sent slík skilaboð, þar af 8 prósent þrisvar eða oftar.

Þetta kemur fram í könnun Rannsókna og greiningar sem framkvæmd var í september og október í fyrra. Könnunin var lögð fyrir tæplega 11 þúsund nemendur í 8. til 10. bekk 81 grunnskóla landsins. Svarhlutfallið var um rúm 85 prósent.

Í könnuninni er spurt um ýmsa þætti úr lífi nemenda, svo sem vímuefnaneyslu, íþróttaiðkun, heilsu og aðstæður á heimilinu. Að þessu sinni var einnig spurt um áhrif faraldursins á nemendur. Töldu 28 prósent sig upplifa aukna streitu vegna hans en 32 prósent minni streitu. 26 prósent sögðu að samskipti við vini og vinkonur hefðu versnað en 18 prósent að þau hefðu batnað. – khg

Skíðað um brekkur Hlíðarfjalls



Skíða- og brettafólk gat tekið gleði sína á ný á Norðurlandi þegar skíðasvæðið í Hlíðarfjalli var opnað, en það var þó með nokkrum takmörkunum. Allir urðu að kaupa sér miða á netinu áður en þeir mættu, veitingasalan var lokuð og panta þurfti fyrirfram í skíðaleigunni. Það var þó fátt annað að sjá en bros á vörum glaðra skíðamanna. Nægur snjór er í fjallinu en veðurspáin gerir ráð fyrir hæglátu veðri fyrir norðan. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Ari varð hlutskarpastur í myndagátu Fréttablaðsins

SAMFÉLAG Nafn Ara Ingólfssonar, tæknimanns hjá Íslenskri erfðagreiningu, var dregið úr réttum lausnum við myndagátu Fréttablaðsins og hlaut hann í vinning 10 þúsund króna gjafabréf hjá Kjötkompaníi.

„Ég er bara nokkuð ánægður með þetta og ég held að mamma mín hefði verið stolt af mér og skemmt sér vel ef hún hefði lifað þetta," segir Ari, sem á skemmtilegar minningar af því að leysa hinar ýmsu gátur með fjölskyldu sinni í æsku.

„Við fjölskyldan dunduðum við myndagátu Morgunblaðsins fram eftir öllu og allar krossgátur voru leystar svo ég er alinn upp við þetta," segir Ari en bætir við að hann hafi þó að mestu fengist við sudoku-þrautir í seinni tíð.

„En ég man vel eftir að myndagátan sem kom alltaf um áramótin var alltaf leyst og það var ákveðin áskorun," segir Ari. Þá segist hann aldrei fyrr hafa sent inn lausn á gátu sem þessari. „Þetta er mjög skemmtilegt, sendi inn í fyrsta sinn og er dreginn út." Finna má lausn við myndagátunni á síðu 18. – bdj



Ari er alinn upp við að leysa gátur.

> Ég held að mamma mín hefði verið stolt af mér og skemmt sér vel ef hún hefði lifað þetta.
>
> Ari Ingólfsson



Spila burt fordóma gegn geðsjúkdómum

Fimm nemendur í sálfræði við Háskólann í Reykjavík eru tilnefndir til Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands, fyrir borðspil sem hugsað er til notkunar í grunnskólum. Markmið spilsins er að minnka fordóma gegn geðröskunum.

SAMFÉLAG „Undanfarið hefur framboð á fræðslu um geðheilbrigðismál aukist til muna og verið er að bjóða upp á fyrirlestra um geðheilbrigði, sérstaklega fyrir ungmenni í framhaldsskólum. Okkur langaði hins vegar að ná til yngri krakka en einnig að vera með fræðsluna á öðru formi," segir Elva Lísa Sveinsdóttir, nemi í sálfræði við Háskólann í Reykjavík.

Hún, ásamt fimm samnemendum sínum, er tilnefnd til Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands fyrir borðspilið Verkfærakistuna. Borðspilið er hugsað til notkunar í lífsleiknitímum á unglingastigi grunnskóla og fara þátttakendur í gegnum spilið sem leikmenn með ákveðna geðröskun og nýta sér hugræna atferlismeðferð (HAM).

„Spilið hefur það markmið að minnka fordóma gegn geðrænum vandamálum og auka vitund ungmenna á því að ávallt sé gott að leita sér aðstoðar, sama hve lítið vandamálið er," segir Elva. „Markmiðið er einnig að nemendur geti nýtt sér aðferðir HAM út frá spilinu þegar upp koma erfiðleikar í lífinu," bætir hún við.

Hugmyndin að spilinu kom upp þegar ein úr hópnum var að læra undir lokapróf, þar sem meðal annars var fjallað um HAM. „Hún hugsaði með sér af hverju henni hefði ekki verið kennt meira um geðheilsu, geðraskanir og fleira í þeim dúr þegar hún var á þessum viðkvæma aldri sem unglingur," segir Elva.

Þá segir hún rannsóknir sýna að einkenni geðsjúkdóma komi oftast fyrst fram á unglingsárunum, því fyrr sem gripið sé inn í, því betur farnist fólki síðar meir. „Með því að hafa fræðslu í skólum er hægt að ná til sem flestra ungmenna og vonandi bæta líðan þeirra," segir hún.

Elva segir fimmmenningana sem að spilinu standa sammála um að umræðan um geðsjúkdóma hafi opnast mikið undanfarið og að fordómar gagnvart þeim hafi almennt minnkað. „Þrátt fyrir það eru enn þá margir sem leita sér ekki aðstoðar því þeim finnst það feimnismál að fara til sálfræðings," segir Elva og leggur áherslu á mikilvægi þess að opna umræðuna enn frekar.

„Það er mjög mikilvægt að ungmenni leiti sér aðstoðar og viti hvaða úrræði eru í boði. Það ætti enginn að vera feiminn við að leita sér aðstoðar, sama hve stórt eða smátt vandamálið er. Okkur finnst einnig mikilvægt að ungmenni viti að það er aldrei of snemmt eða of seint að leita sér aðstoðar," segir Elva.

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands verða afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum þann 20. janúar næstkomandi og eru þau veitt þeim námsmönnum sem hafa unnið framúrskarandi starf við úrlausn verkefna sem styrkt voru af Nýsköpunarsjóði námsmanna árið 2020. Verkfærakistan er eitt af sex verkefnum sem tilnefnd eru í ár.

birnadrofn@frettabladid.is



Kristín Rós, Elva Björg, Sara Margrét, Hildur Lovísa og Elva Lísa unnu saman að gerð spilsins sem þær kalla Verkfærakistuna. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> Það er mjög mikilvægt að ungmenni leiti sér aðstoðar og viti hvaða úrræði eru í boði.
>
> Elva Lísa Sveinsdótir

7 ára ábyrgð framleiðanda
á öllum nýjum Kia bílum

www.kia.is

Nýtt ár, nýir straumar. Rafmagnaður Kia Niro.



e-niro

*Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustueftirlit sem kaupandi ber kostnað af. Lestu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd.

**m.v. 50% innborgun og lán til 96 mán. Vextir 4,15%. Heildargreiðsla láns er 2.575.646 kr. Áætlað hlutfallstala kostnaðar er 5,23%

100% rafmagn, ríkulega búinn og sportlegur.

Vertu rafmagnaður með Kia Niro á nýju ári. Niro er einstaklega rúmgóður og vel búinn borgarjepplingur með allt að 455 km akstursdrægi og 80% hleðslu á 42 mínútum. Niro er fáanlegur sem 100% rafbíll, Plug-in Hybrid og Hybrid og við eigum eintök af öllum gerðum til afhendingar. Einnig fylgir Niro hin einstaka 7 ára verksmiðjuábyrgð Kia.

Komdu í heimsókn og láttu sjá þig með Niro. Við tökum vel á móti þér.

Askja býður öflugar hleðslulausnir fyrir allar stærðir heimila. Nánar á hledslulausnir.askja.is

KIA
The Power to Surprise

Kia e Niro 39 kWh verð frá:

4.990.777 kr.

Afborgun á mánuði 31.478 kr.**

ASKJA · Krókhálsi 11-13 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

TÖLUR VIKUNNAR 10.01.2021 TIL 16.01.2021

11
prósent Íslendinga búa við hávaða frá nágrönnum sínum eða af götunni við heimili sitt.

25
gráðu frost mældist á Spáni. Snjókoman í Madrid var sú mesta í hálfa öld.

90
prósent kvenna sem leituðu í Kvennaathvarfið á síðasta ári höfðu orðið fyrir andlegu ofbeldi.

1.300
íbúar yrðu í fyrirhuguðu sameinuðu sveitarfélagi Tálknafjarðar og Vesturbyggðar.

47
prósent var hlutfall mengandi blýhagla við greiningu heilbrigðiseftirlits á skotæfingasvæðinu á Álfsnesi.

Þrjú í fréttum
Aðgerðir, Óperan og kjarnasamfélag

Guðmundur Felix Grétarsson



gekkst undir aðgerð þar sem græddar voru á hann hendur. Hann er nú vaknaður og samkvæmt fjölskyldu hans ber hann sig vel. Þetta er í fyrsta sinn sem slík aðgerð er framkvæmd í heiminum, en hún krafðist um 50 lækna og hjúkrunarfræðinga.

Ólöf Kolbrún Harðardóttir
fyrrverandi óperustjóri



segir stöðuna í Íslensku óperunni sorglega. Klassískir söngvarar hafa lýst yfir vantrausti á stjórn og óperustjóra Íslensku óperunnar eftir sýknudóm í máli Þóru Einarsdóttur söngkonu gegn Óperunni. „Það er ekki borin virðing fyrir skoðunum fagfólks og alls ekki fyrir samningum þess," sagði Ólöf við Fréttablaðið.

Simon Joscha Flender
arkitekt



er einn þeirra sem hyggjast byggja fyrsta kjarnasamfélagið á Íslandi. „Samfélagið byggir á því að allir sem þar búa hafa sína eigin íbúð eða hús, en deila ýmsum öðrum svæðum og hlutum," segir Simon og bætir við að kjarnasamfélög séu algeng víða um heim.

Hóta borginni lögsókn vegna tveggja skotsvæða á Álfsnesi

Embættismenn hjá Reykjavíkurborg eru bornir þungum sökum í bréfi þar sem íbúar við Kollafjörð boða lögsókn, sjái borgin ekki til þess að tvö skotfélög sem hafa æfingaaðstöðu á Álfsnesi verði látin fara þaðan. „Grænn meirihluti" í borginni er sagður hafa að markmiði að fela alvarlega blý- og hljóðmengun.



Frá skotsvæðunum á Álfsnesi er skotið í átt til sjávar og kvartar fólk við Kollafjörð um hávaða. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

UMHVERFISMÁL „Þetta leikrit er löngu farið úr böndunum og við krefjumst svara um hvenær skotfélögin munu fara," segja íbúar og landeigendur í Kollafirði og Kjalarnesi, næst skotæfingasvæðunum á Álfsnesi, í harðorðu bréfi til sviðsstjóra Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.

Í ofangreindu bréfi frá lokum nóvember síðastliðins segjast bréfritarar, sem eru fimmtán landeigendur og íbúar, ekki ætla að lifa lengur við það „að Reykjavíkurborg haldi áfram að styðja við ólöglega mengun og vera þátttakendur í ógeðfelldum vinnubrögðum sem í rúman áratug hafa flæmt fólk frá eignum sínum og tekið fjölda eigna í gíslingu," eins og segir í bréfinu, sem Fréttablaðið hefur fengið afrit af og hópurinn kveður innihalda það sem þau vilji segja um málið.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær benda sýnatökur og rannsóknir Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur til þess að magnið af blýi við skotsvæði tveggja félaga á Álfsnesi sé margfalt meira en áður hafi verið talið. Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlitsins hafði á árinu 2017 svarað íbúum á þann veg að notkun blýskota heyrði til undantekninga, en samkvæmt sýnum sem eftirlitið sjálft tók í haust eru 47 prósent haglanna við svæðið úr hinu mengandi blýi.

Einnig segir heilbrigðiseftirlitið nú að miðað við hljóðmælingar ætti að takmarka opnunartíma skotsvæðanna.

Íbúarnir segja hins vegar að ekki hafi verið staðið rétt að hljóðmælingum heilbrigðiseftirlitsins. Hávaðinn sé enn meiri en þar komi fram. Forsvarsmenn stofnunarinnar hafi sýnt þeim „ekkert annað en hroka og dónaskap" og embættismenn og hagsmunahópar hafi „unnið sleitulaust í rúman áratug að því að blekkja og falsa mælingar vegna skotæfinga á Álfsnesi".

> **Nú er staðan sú að fólk hefur enga trú á neinu sem kemur frá Umhverfis- og skipulagssviði.**
>
> Íbúar við Kollafjörð

Áfram segir í bréfinu að brotið hafi verið á hópnum „með valdníðslu og algjörlega óboðlegum vinnubrögðum" af hálfu Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur, til að halda skotfélögunum starfandi. „Okkur var sagt að þeir fengju leyfi í eitt ár í viðbót og átti sá tími að fara í að finna nýtt svæði fyrir skotfélögin. Síðan kemur í ljós að á meðan Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur er að þykjast mæla mengunina þá er Reykjavíkurborg að leggja ljósleiðara til Skotfélags Reykjavíkur á kostnað skattgreiðenda."

Kveðjast bréfritararnir krefjast svara. „Nú er staðan sú að fólk hefur enga trú á neinu sem kemur frá Umhverfis- og skipulagssviði. Heldur vill fara með þetta strax í gegn um réttarkerfið, þar sem lögfræðingar okkar telja okkur með unnið mál í höndunum og fjárhagslegt tjón okkar hleypur á hundruðum milljóna," er fullyrt í bréfinu.

Að sögn íbúanna telja þeir „eftirlit græna meirihlutans í borginni" til skammar og að markmiðið virðist vera að fela alvarlega blý- og hljóðmengun.

„Reykjavíkurborg verður að svara þeirri spurningu hvenær skotsvæðin á Álfsnesi fara burt. Hætta að stinga höfðinu í sandinn og hætta að meðhöndla íbúa á Kjalarnesi sem annars flokks," segir í lok bréfs landeigendanna og íbúa við Kollafjörð.

Líf Magneudóttir, formaður Umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur, sagði í Fréttablaðinu í gær að borgin væri að kanna nýja staðsetningu fyrir skotfélögin tvö.

gar@frettabladid.is



HINIR4WDFRÆKNU

KOMDU OG REYNSLUAKTU

NÝR TOYOTA

HILUX

Enn meira afl og dráttargeta
Þjarkur búinn ríkulegum þægindum

Kaupauki við aukahlutina þína*
Þú kaupir aukahluti að eigin vali fyrir að lágmarki 300.000 kr. og færð aukalega 33" breytingu, heilsársdekk og felgur

Verðlistaverð kaupauka um
570.000 kr.

NÝR TOYOTA

HIGHLANDER
HYBRID

Spánnýr foringi sportjeppanna
Toyota Hybrid hefur aldrei verið svona stór

TOYOTA

LAND CRUISER

Konungurinn er orðinn enn kraftmeiri
Vertu áhyggjulaus við allar aðstæður

70th ANNIVERSARY


Veglegur kaupauki fylgir 70 ára afmælisútgáfu**
33" breyting, heilsársdekk og felgur
Hliðarlistar
Hlíf undir framstuðara
Hlíf á afturstuðara
Krómlisti á hlera
Krómstútur á púst

Verðlistaverð kaupauka um
950.000 kr.

TOYOTA

RAV4
PLUG-IN HYBRID

Eldsnöggur Plug-in Hybrid
Sportjeppi sem gaman er að leika við



TOYOTA TRYGGINGAR
vátryggt af TM

7 ÁRA ÁBYRGÐ
3 ÁRA ÞJÓNUSTA

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. *Á ekki við um aðgerðir/aðkeypta hluti frá þriðja aðila. */** Gildir ekki með öðrum tilboðum eða LX útfærslu Hilux/Land Cruiser 150 og á eingöngu við um nýja bíla. Birt með fyrirvara um villur.

Duldar reglur um auglýsingastyrki dregnar fram í dagsljósið

KÓPAVOGUR Sigurbjörg Erla Egilsdóttir, bæjarfulltrúi Kópavogs, gerði auglýsingar bæjarins í Sjálfstæðisblaðinu Vogum að umtalsefni í bæjarstjórn. Fékk hún þá þau svör að allir flokkar ættu rétt á þessu, þó það kæmi ekki fram í reglum um styrki til stjórnmálaflokka.

„Þetta er ekki í neinum samþykktum en var ákveðið á fundi fyrir um tíu árum síðan," segir Sigurbjörg. Mikið rót hefur verið á íslenska flokkakerfinu og fulltrúar ýmissa nýrra flokka náð kjöri, þar á meðal Píratar og Viðreisn, sem nú eiga bæði fulltrúa í Kópavogi.



Sigurbjörg Erla segir Pírata hafa misst af 450 þúsund krónum í mögulega styrki. MYND/AÐSEND

Samkvæmt þessum lítt sýnilegu reglum geta flokkar fengið 150 þúsund króna styrk í formi auglýsinga. Sigurbjörg segir að einhverjir hafi getað nýtt sér þetta aðrir en Sjálfstæðismenn, en þeir þó í langmestum mæli, þar sem þeir gefa út blað. Þá geti aðeins flokkar sem eigi þegar fulltrúa nýtt styrkinn og halli því á ný framboð.

„Það er alvarlegt að fólk sé ekki upplýst um þetta og flokkar standi ekki jafnir. Við vissum þetta ekki og höfum því misst af 450 þúsund krónum í hugsanlega styrki á undanförnum þremur árum. Því þetta flyst ekki á milli ára," segir Sigurbjörg. „Í svari sem ég fékk við fyrirspurn var sagt að þetta væri gert til að styrkja lýðræðislega umræðu. Það er ekki mjög lýðræðislegt ef aðeins einn flokkur getur nýtt þetta í raun."

> **Það er alvarlegt að fólk sé ekki upplýst um þetta og flokkar standi ekki jafnir.**
>
> Sigurbjörg Erla Egilsdóttir, bæjarfulltrúi Pírata í Kópavogi

Eftir að Sigurbjörg vakti athygli á þessu ákvað bæjarráð Kópavogs að formfesta reglurnar um auglýsingastyrki til stjórnmálaflokka. **– khg**



Alls biðu 270 duftker í hillum kirkjugarðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kippur í fjölda grafarbeiðna

SAMFÉLAG Grafarbeiðnum til Kirkjugarða Reykjavíkur hefur fjölgað og umsóknir tekið kipp, eftir að sagt var frá gríðarlegum fjölda ósóttra duftkera. Þórsteinn Ragnarsson, forstjóri Kirkjugarðanna, greindi frá því fyrr í mánuðinum að alls biðu yfir 270 duftker í hillum bálstofu kirkjugarðanna þess að verða greftruð.

Síðan þá hafa á milli 10 og 20 grafarbeiðnir borist og segir Þórsteinn ánægjulegt að fólk hafi brugðist við eftir umfjöllun í Fréttablaðinu fyrr í mánuðinum. Útfararstofur hafa undanfarið lagt sitt af mörkum. „Við erum farin að ýta við fólki núna", segir Sverrir Einarsson, útfararstjóri Útfararstofu Íslands. „Þetta er oft mjög viðkvæmt mál og fólk hreinlega veigrar sér við að fara í verkið. Það byrjar að fresta þessu og svo þarf að bíða kannski eftir einhverjum utan frá eða utan af landi. Þetta er alls konar. En þetta er ekki trassaskapur," leggur Sverrir áherslu á.

Hann bendir á að við hefðbundnari útför sé í beinu framhaldi farið í kirkjugarð og kistan jarðsett og ferlinu lokið strax. Þegar bálför er valin, líða ein til tvær vikur þar til allt er tilbúið til greftrunar. „Þá getur fólk orðið hrætt við að ýfa upp sárin." **– lb**

Neyðarlínan gerir tilraunir með notkun ammoníaksorku

Í febrúar hefjast tilraunir Neyðarlínunnar og ísraelska fyrirtækisins GenCell um að nýta ammoníak í stað rafgeyma og til rafmagnsframleiðslu. Neyðarlínan hefur minnkað kolefnisspor sitt að langstærstum hluta en takmarkið er að gera enn betur. Olíunotkun hefur dregist saman um 150 þúsund lítra árlega.



Neyðarlínan starfrækir um 100 fjarskiptastöðvar um allt land. MYND/GUÐJÓN ELÍSSON

UMHVERFISMÁL Í febrúar mun Neyðarlínan hefja tilraunir á því að nýta ammoníak sem rafgeyma og til rafmagnsframleiðslu, í samstarfi við Orkusjóð. Það er ísraelskt fyrirtæki að nafni GenCell sem þróað hefur kerfið, sem vonast er til að geti leyst mengandi vélar af hólmi.

Neyðarlínan hefur nú þegar náð að minnka tæplega 92 prósent af olíubrennslu sinni, sem gerir rúmlega 387 tonn af koltvísýringi. Sparast um 150 þúsund olíulítrar á ári og stefnt er á að spara 50 þúsund lítra til viðbótar á næstu tveimur árum.

Ýmsar aðferðir hafa verið notaðar til orkuskipta, bæði hvað varðar bílaflotann og yfir 100 fjarskiptastöðvar sem Neyðarlínan starfrækir um allt land, sem margar eru á hálendinu langt frá byggð. Síðan 2012 hafa stöðvar verið tengdar við rafveitur og sums staðar reistar smávatnsaflsvirkjanir, vindmyllur eða sólarsellur til að knýja þær. Í dag er aðeins ein þeirra eftir sem gengur á sígengisvél og brennir olíu allt árið.

„Við tókum ákvörðun um það árið 2009 að útrýma eins mikilli olíukeyrslu og hægt er," segir Þórhallur Ólafsson, framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar. „Persónulega finnst mér þetta líka mjög mikilvægt markmið." Sífellt sé verið að leita umhverfisvænni leiða til orkuöflunar. Skoða þurfi aðstæður á hverjum stað fyrir sig og hvaða leið henti, til dæmis á Skeiðarársandi, í Kerlingarfjöllum eða Grímsey.

Bendir hann á að mikil sóun felist í að keyra stöðvarnar á olíu. Stöð geti þurft 250 kílóvatta vél þar sem álagið er 200 yfir háveturinn. Á sumrin sé þörfin miklu lægri, kannski 30 kílóvött, og meirihluti olíunnar fari í að keyra nákvæmlega ekki neitt.

„Hreinir orkugjafar sem þessir eru í mikilli framþróun, en það kaupir enginn lausnir nema vita hvernig þær reynast," segir Þórhallur. „Það er mjög þægilegt að gera tilraunir sem þessar hérna á Íslandi. Við viljum sjá hvort að þetta dugi, hver kostnaðurinn sé og hvort við getum nýtt þetta hérna til framtíðar."

Búnaður GenCell er á leiðinni til landsins og stefnt er á að hefja tilraunir á Hólmsheiði í febrúar. Verður ammoníaki breytt í rafmagn með efnarafal, en hingað til hefur vetni verið notað til þess. Magnús Hauksson, verkfræðingur hjá Neyðarlínunni, segir að þekking á framleiðslu ammoníaks og umgengni við það sé til staðar, meðal annars í kælikerfum frystihúsa. Framleiðsluferill ammoníaks sé ekki mengandi og engir þungmálmar til staðar, eins og í rafgeymum.

> **Við tókum ákvörðun um það árið 2009 að útrýma eins mikilli olíukeyrslu og hægt er.**
>
> Þórhallur Ólafsson, framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar



„Að nota ammoníak sem eldsneyti er nýtt," segir Magnús. „Við horfum til þess að þetta geti verið lausn á móti rafgeymum hjá okkur og hver kútur af ammoníaki getur dugað í 50 ár. Í þessum tilraunum er einnig verið að horfa til að hægt sé að framleiða rafmagn með nákvæmlega sömu tækni." Með slíkri tækni væri til dæmis hægt að framleiða rafmagn í skipi til að knýja það.

kristinnhaukur@frettabladid.is



SEÐLABANKI ÍSLANDS

auglýsir eftir umsóknum um styrk tengdan nafni Jóhannesar Nordals

Auglýst er eftir umsóknum um styrk sem tengdur er nafni Jóhannesar Nordals og veittur er af Seðlabanka Íslands.

Tilgangur styrksins, sem veittur er árlega, er að styðja framtak sem miðar að því að varðveita menningarverðmæti sem núverandi kynslóð hefur fengið í arf.

Styrkfjárhæðin nemur fjórum milljónum króna og verður henni úthlutað í maí 2021. Heimilt er að skipta fjárhæðinni á milli tveggja eða fleiri umsækjenda.

Umsóknarfrestur er til og með 12. mars 2021. Sótt er um styrkinn í gegnum heimasíðu bankans: www.sedlabanki.is/menningarstyrkur eða með útfyllingu eyðublaðs sem aðgengilegt er á heimasíðunni og í afgreiðslu bankans á Kalkofnsvegi 1.

Nánari upplýsingar: Sigrún María Einarsdóttir á skrifstofu seðlabankastjóra.

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Kalkofnsvegi 1 · 101 Reykjavík · 569 9600 · sedlabanki@sedlabanki.is

Ríkisstjórnin opnar landamærin með varfærni á verkalýðsdaginn

COVID-19 Ríkisstjórnin ákvað á fundi sínum í gær að taka varfærin skref þann 1. maí til afléttingar sóttvarnaaðgerða á landamærum, sem taka munu mið af ástandi faraldursins á brottfararstað komufarþega.

Verða ríki flokkuð í græn, appelsínugul, rauð og grá, eftir stöðu faraldursins í hverju landi.

Farþegar frá hættuminni löndum verða undanþegnir sóttkví og síðari skimun, geti þeir framvísað vottorði um neikvæða niðurstöðu PCR-prófs innan tiltekins tíma. Komufarþegar sem geta framvísað gildu vottorði sem sýnir fram á að COVID-19 sýking sé afstaðin verða áfram undanþegnir sóttvarnaaðgerðum á landamærum og það sama mun gilda um komufarþega sem geta framvísað gildu bólusetningarvottorði.

> **Við skilgreiningu í áhættuflokka verða notuð sömu viðmið og lagt er til í samræmdum tilmælum Evrópusambandsins. Fjórir litir eru í litakóðunarkerfinu. Grænn, appelsínugulur, rauður og grár.**

Við skilgreiningu í áhættuflokka verður notast við sömu viðmið og lagt er til í samræmdum tilmælum Evrópusambandsins.

Með því að greina svo snemma frá fyrirkomulaginu vonast ríkisstjórnin til að framkvæmda- og söluaðilar geti undirbúið breytingar vel. **– bb**

RENAULT
Passion for life

FRUMSÝNING Í DAG FRÁ 12–16

Nýr Renault CAPTUR

Plug-in Hybrid með 65 km*
á rafmagninu og **fimm ára ábyrgð**.

*Drægni miðað við gögn frá framleiðanda samkvæmt WLTP staðli um drægi í þéttbýli.

Renault Captur Plug-in Hybrid
Verð frá: 4.690.000 kr.

Í nýja Captur Plug-in Hybrid sestu undir stýri á tæknilega fullkomnum og ótrúlega sparneytnum bíl sem skilar þér allt að 65 km* á rafmagninu einu saman. Pantaðu reynsluakstur og upplifðu Renault þægindi og aksturseiginleika.

www.renault.is

Heimsending á reynsluakstri

Pantaðu tíma á www.bl.is,
við komum með bílinn, sótthreinan og fínan, og sækjum hann svo aftur til þín.

ENNEMM / SÍA / NM004056

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Staðsetur óróa til að bæta eftirlitið

Hópstjóri náttúruvárvöktunar hjá Veðurstofunni hefur fengið styrk úr Rannsóknasjóði til að ráðast í ítarlega rannsókn á jarðskjálftaóróa ásamt alþjóðlegum hópi vísindamanna. Hún vonast til að verkefnið, IS-TREMOR, auki áreiðanleika náttúruváreftirlits.

VÍSINDI „Þetta er heildstætt verkefni við að rannsaka jarðskjálftaóróa, sem nýtist bæði rannsóknum og náttúruváreftirliti hér á landi," segir Kristín Jónsdóttir, verkefnastjóri IS-TREMOR og hópstjóri náttúruvárvöktunar hjá Veðurstofu Íslands. Verkefnið IS-TREMOR er meðal þeirra 82 nýju rannsóknarverkefna sem fá styrk frá Rannsóknasjóði Rannís í ár, en það er mesti fjöldi frá upphafi.

„Við erum að beita allra nýjustu fræðunum, þar sem notast er við gervigreind og fylgnireikninga til að finna og staðsetja óróa," segir Kristín. Sjálf vinnur hún við eftirlit með jarðskjálftum hér á landi og beitir þekkingu og reynslu sinni þaðan við verkefnið. „Ég veit hvar götin eru í eftirlitinu. Við viljum með þessu búa til gagnagrunn yfir óróa, sem getur þá nýst til að skilja tíðni og eðli slíkra atburða í jörðinni."

Jarðskjálftaórói mælist yfirleitt nokkrum sinnum á ári í náttúruvár-eftirlitinu, en vegna flækjustigs virka hefðbundnar staðsetningaraðferðir ekki og orsakir óróans eru oftast óþekktar. Hún bindur vonir við að með þessu verkefni aukist þekking og þar með áreiðanleiki náttúruvár-eftirlits. „Markmið verkefnisins er að smíða sjálfvirkan hugbúnað sem finnur og skrásetur alla óróaatburði og staðsetja þá þar að auki."

Órói er mældur með jarðskjálftamælum og lýsir sér sem samfelld bylgjulest með útslag hærra en bakgrunnurinn en er án skýrra fasa eins og mælast í jarðskjálftum. Ýmis náttúruleg ferli koma af stað óróa, þar á meðal eldgos, jökulhlaup og aurskriður.



Órói í Skaftárkatli gæti þýtt hlaup í Skaftá. MYND/BENEDIKT G. ÓFEIGSSON

Vatnajökull er sérstaklega erfiður viðfangs. „Þar erum við með fimm virkar eldstöðvar undir jöklinum og þar mælum við töluvert af óróaatburðum. Þar eru fáir mælar því það er erfitt að viðhalda mælum uppi á jöklinum auk þess sem það er ekki hægt að setja þá upp hvar sem er. Það er því mjög krefjandi verkefni að hafa eftirlit með þessum eldstöðvum og skiptir miklu máli að beita sjálfvirkum áreiðanlegum aðferðum."

Ekki verða settir upp nýir mælar eða neitt slíkt. „Við erum ekki að tala um neinn nýjan tækjabúnað, þetta snýst allt um úrvinnsluaðferðir, hugbúnað og sjálfvirknivæðingu."

Verkefnið er til þriggja ára og unnið í samstarfi við vísindamenn í Belgíu, Frakklandi og Sviþjóð, sem eru leiðandi á þessu sviði. „Við erum núna að ljúka þriggja ára verkefni sem neitir IS-NOISE sem snerist um að skoða samfelld jarðskjálftagögn, svokallað jarðsuð og nota það til að fylgjast með hvernig jarðskorpan breytist með tíma. Við höfum þegar fengið áhugaverðar niðurstöður varðandi breytingar á jarðsuði í tengslum við innskotin á Reykjanesskaga."

Kristín segir jarðvísindamenn um allan heim mjög áhugasama um Ísland. „Þetta er algjörlega einstakt land til að rannsaka jarðvísindi. Við erum með 32 virkar eldstöðvar, við erum með jökla, mikla jarðskjálftavirkni, flekaskil og heitan reit undir miðju landsins. Ísland er ótrúlega spennandi land fyrir jarðvísindafólk." **arib@frettabladid.is**

Óvenjumikið af öndvegisumsóknum

Framlög til Rannsóknasjóðsins voru hækkuð úr 2,5 milljörðum króna í 3,7 milljarða í ár. Alls fá 82 ný verkefni styrk í ár, sem er mesti fjöldi frá upphafi og jafnframt hefur heildarupphæð sem úthlutað er aldrei verið hærri.

„Þetta hittir óvenjuvel á. Það eru óvenjumargar umsóknir í ár sem teljast sem öndvegisumsóknir, mjög metnaðarfull og stór rannsóknarverkefni," segir Jón Gunnar Bernburg, prófessor í félagsfræði og formaður stjórnar Rannsóknasjóðsins. „Það hefur verið þannig síðustu ár að sjóðurinn hefur ekki getað styrkt öll þau gæðaverkefni sem hann hefði þurft að gera. Með þessu náum við að efla vísinda- og háskólastarf í landinu mjög mikið."

Hlutfall umsókna sem fær styrk er nú komið í 20 prósent. Stór hluti fjármagnsins sem rennur úr sjóðnum fer í laun doktorsnema og nýdoktora sem starfa við rannsóknir. „Þetta getur verið allt frá heimspekinema yfir í nýdoktor á tilraunastofu í raunvísindum. Þetta eykur samkeppnishæfni íslensks háskólastarfs."



Kristín Jónsdóttir, verkefnastjóri IS-TREMOR



OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR UM LEIGUÍBÚÐIR Í BRYGGJUHVERFI

Bjarg íbúðafélag hefur opnað fyrir umsóknir um leiguíbúðir í Bryggjuhverfi í Reykjavík.

Umsóknir og nánari upplýsingar á heimasíðu félagsins **www.bjargibudafelag.is**

BJARG ÍBÚÐAFÉLAG

BSRB



Tugþúsundir voru myrtar af nastistum í Buchenwald. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Leikir á sleða vanvirða við fórnarlömb helfarar

ÞÝSKALAND „Íþróttaiðkun er brot á umgengnisreglum og hún truflar frið hinna látnu," segir í yfirlýsingu Buchenwald-stofnunarinnar sem rekur safnið til minningar um útrýmingarbúðirnar alræmdu. Borið hefur á því að gestir mæti þangað og leiki sér við að renna sér á sleðum á staðnum merkingarþrungna.

„Sum sleðaförin enda við fjöldagrafir," sagði Jens-Christian Wagner, formaður stofnunarinnar, í samtali við þýska blaðið Der Spiegel. Mun hann nú neyðast til þess að efla gæslu í Buchenwald til að fólk sýni fórnarlömbum helfararinnar tilhlýðilega virðingu.

Wagner sagðist hafa skilning á því að fjölskyldur þyrftu að finna eitthvað til að gera saman úti við í ljósi strangra samkomutakmarkana. Þetta væri þó ekki rétta leiðin. Hugsanleg ástæða fyrir því að fólk hefði ekki skilning á þessu væri að sífellt væri lengra liðið frá þessum voveiflegu tímum.

Á bilinu 50 til 80 þúsund manns voru myrt í Buchenwald og minni nærliggjandi búðum nálægt borginni Weimar í austurhluta Þýskalands. Gyðingum, geðfötluðum, samkynhneigðum og fleiri var þrælað út, þeir skotnir á staðnum eða notaðir í vísindatilraunir af læknum nasista frá 1937 til 1945. – **khg**

Hneyksli skekur Holland

HOLLAND Ríkisstjórn Mark Rutte í Hollandi hefur sagt af sér vegna hneykslismáls. Þúsundir barnafjölskyldna, aðallega innflytjendur, voru krafðar um endurgreiðslu á barnabótum og sakaðar um skattsvik, sem reyndust ekki eiga sér neina stoð. Margar fjölskyldur lentu í miklum fjárhagsvandræðum vegna þessa. Fjölskyldurnar sem sakaðar voru um skattsvik fengu ekki að áfrýja niðurstöðunni og í einhverjum tilfellum fór svo að hjónabönd fóru í vaskinn.

Af þessum sökum afhenti Rutte Hollandskonungi afsagnarbréf stjórnar sinnar. Í samtali við blaðamenn eftir fund með konungi sagði Rutte að „saklaust fólk hefði verið vænt um glæpsamlega hegðun og líf þess eyðilagt. Ábyrgðin er okkar." Ríkisstjórnin mun starfa áfram fram að kosningum sem fara fram í mars. – **þp**



VILTU HEILBRIGÐA MELTINGARFLÓRU?

Góð meltingarflóra getur haft mikil áhrif á líkamlega og andlega líðan þína.

Hún styrkir ónæmiskerfið, en yfir 70% af því er að finna í meltingarveginum.

Kynntu þér nánar á Lyfja.is.

LYFJA

Valdatíð Trumps líður senn undir lok

Donald Trump kveður Hvíta húsið á miðvikudaginn. Þessi fjögur ár hafa verið róstusöm. Samskipti Bandaríkjanna við bandamenn sína hafa versnað, hann lokaði á fjárframlög til WHO og viðbrögðin við COVID-19 verða honum til ævarandi skammar.

Fanndís Birna Logadóttir
fanndis@frettabladid.is



Kjörtímabili Donalds John Trump, 45. forseta Bandaríkjanna, lýkur miðvikudaginn 20. janúar, en Joseph Robinette Biden, fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna, tekur þá við embætti forseta Bandaríkjanna.

Óhætt er að segja að embættistíð Trumps hafi verið róstusöm, en á þeim fjórum árum sem hann hefur setið í embættinu hefur margt á daga hans drifið.

Einangrunarstefna

Slagorð Trumps fyrir forsetakosningarnar, „Gerum Bandaríkin frábær á ný“, fól í sér ákveðna einangrunarstefnu og átti sú stefna eftir að vera áberandi næstu fjögur ár.

Aðeins nokkrum dögum eftir embættistökuna ákvað Trump að draga Bandaríkin út úr viðskiptasamningi Kyrrahafsríkja og tilkynnti að hann hygðist endurskoða aðra viðskiptasamninga, til að mynda Fríverslunarsamning Norður-Ameríku.

Trump stóð við stóru orðin og fljótlega fóru Bandaríkin að einangrast á alþjóðavettvangi. Forsetinn var þversum í samstarfi í baráttu við loftslagsbreytingar og dró Bandaríkin út úr Parísarsáttmálanum. Í miðjum heimsfaraldri batt hann enda á fjárframlög til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO). Samskipti Bandaríkjanna við fyrrverandi bandamenn stirðnuðu á meðan Trump styrkti tengsl við lönd eins og Rússland og Norður-Kóreu.

Hann náði vissulega árangri þegar kom að stríðsrekstri í Afganistan og í Sýrlandi, en staðan í Íran versnaði og heldur áfram að versna.

Þá hefur viðskiptastríð Bandaríkjanna við Kína einnig verið einkennandi fyrir kjörtímabilið, en tengslin milli ríkjanna eru enn verulega stirð.

Ólga innanlands

Ákvarðanir Trumps höfðu ekki aðeins áhrif á alþjóðavettvangi heldur hefur einnig verið mikil ólga innan Bandaríkjanna.

Eitt af fyrstu verkum Trumps í embætti var að setja á ferðabann og stöðva komu hælisleitenda frá ríkjum þar sem múslimar eru í meirihluta. Orðræða forsetans um jaðarsetta hópa átti í kjölfarið eftir að gefa öfgahópum byr undir báða vængi.

Óeirðir í Charlottesville árið 2017, þar sem til átaka kom milli hvítra þjóðernissinna og þeirra sem mótmæltu boðskap þeirra, voru ákveðið merki um það sem koma skyldi, en Trump virtist þá ekki vera tilbúinn til að fordæma öfgahópa með afdráttarlausum hætti.

Þegar Black Lives Matter hreyfingin náði hápunkti árið 2020 eftir dauða George Floyd, var annað uppi á teningnum. Hann fordæmdi þá aðgerðir mótmælenda harðlega og kenndi öfgahópum af vinstri vængnum um.

Margir bentu í kjölfarið á tvískinnung Trumps og gagnrýndu hann fyrir að ýta undir hegðun öfgahópa.

Sífellt til rannsóknar

Allt frá því að Trump tók við embætti hefur hann sætt ýmsum rannsóknum, bæði fyrir meint skattalagabrot og möguleg brot í embætti.

Fyrsta slíka rannsóknin sneri að afskiptum Rússa af forsetakosningunum árið 2016 og meintum tilraunum Trumps til að koma í veg fyrir rannsókn á þeim afskiptum eftir að hann tók við embætti.

Niðurstöður þeirrar rannsóknar sýndu að tengsl hefðu verið milli kosningateymis Trumps og yfirvalda í Rússlandi. Þó taldist ekki sannað að lagt hefði verið á ráðin um að koma Trump til valda. Trump sjálfur slapp því með skrekkinn, þótt nokkrir bandamanna hans hafi fengið dóma vegna málsins.

Í lok árs 2019 kom síðan að því að Trump var formlega ákærður til embættismissis (e. impeached) af fulltrúadeild Bandaríkjaþings, vegna samskipta sinna við forseta Úkraínu og ákvörðunar um að setja fjárhagsaðstoð til Úkraínu á ís í skiptum fyrir mögulega rannsókn á Joe Biden og syni hans, Hunter Biden. Ákæran laut meðal annars að misbeitingu valds og hindrun á framgangi réttvísinnar.

Þar með varð Trump þriðji forsetinn í sögu Bandaríkjanna til að vera ákærður, en öldungadeildin sýknaði hann í febrúar 2020.

Sótthreinsi- og ljósameðferðir

Kosningaárið 2020 átti eftir að reynast erfitt fyrir Trump, ekki síst vegna heimsfaraldurs COVID-19. Hann sætti stöðugri og harðri gagnrýni fyrir viðbrögð sín við veirunni, en Bandaríkin hafa komið sérstaklega illa út úr faraldrinum.

Fyrsta tilfellið greindist í Bandaríkjunum í janúar í fyrra, en næstu mánuði átti Trump eftir að draga álit sérfræðinga, til að mynda Anthony Fauci yfirmanns heilbrigðismálastofnunar Bandaríkjanna, í efa og gera lítið úr veirunni.

Trump vakti sérstaka athygli fyrir framúrstefnulegar hugmyndir um læknisfræðileg ráð við COVID-19 og sérfræðingar um allan heim máttu hafa sig alla við að leiðrétta órökstuddar vangaveltur leiðtoga hins frjálsa heims. Komið hefur í ljós að lyfið hýdroxíklórókín, sem forsetinn hampaði mjög sem vænlegu lyfi við sjúkdómnum, gerir lítið gagn gegn kórónaveirunni og getur raunar verið skaðlegt. Þá lagði hann til á blaðamannafundi í Hvíta húsinu að rannsakað yrði hvort hægt væri að sigrast á kórónaveirunni með því að dæla sótthreinsivökva í líkamann og að prófað yrði að lýsa með útfjólubláu eða mjög sterku ljósi á líkama hinna veiku.

Faraldurinn sýndi bresti innan heilbrigðiskerfisins og efnahagur landsins, sem Trump hafði áður haldið nokkuð stöðugum, hrundi. Engu að síður virtist Trump vera tregur til að grípa til aðgerða og reyndist það dýrkeypt. Milljónir manna hafa nú greinst með veiruna og hundruð þúsunda látist eftir að hafa smitast. Atvinnuleysi er enn mikið og eiga fjölmargir Bandaríkjamenn enn um sárt að binda. Þótt bólusetningar séu hafnar í Bandaríkjunum er enn langt í land og er faraldurinn áfram í mikilli uppsveiflu.

@realDonaldTrump

Hegðun forsetans á samfélagsmiðlum verður mörgum minnisstæð. Trump notaði Twitter ekki aðeins til að ausa úr skálum reiði sinnar yfir efnistökum blaðamanna og málflutningi andstæðinga sinna í pólitík. Hann tilkynnti þar líka um mannabreytingar í starfsliði sínu, rak menn og réði aðra í Twitterfærslum, ræddi viðkvæm milliríkjamál, jafnvel þjóðaröryggismál, og gekk svo langt að hóta kjarnorkustríði á Twitter.

Vegna þess hve ónákvæmar, villandi og oft rangar upplýsingar hann veitti á samfélagsmiðlum, sáu þeir sér ekki annað fært en vara við færslum hans. Svo fór að lokum að aðgangi forsetans var lokað varanlega á flestum samfélagsmiðlum.

Brigsl um svindl

Bandaríkjamenn gengu til kosninga í byrjun nóvember 2020. Kannanir í aðdraganda kosninganna sýndu töluvert fylgishrun forsetans, sem var þó fullviss um að ná endurkjöri. Vegna faraldursins var kosið utan kjörfundar og með póstatkvæðum í mun meiri mæli en áður. Trump sá sér leik á borði, fann póstatkvæðagreiðslum allt til foráttu og fór að halda því fram að víðtækt kosningasvindl myndi eiga sér stað.

Joe Biden vann að lokum kosningarnar en Trump stóð þó á sínu, hélt því ítrekað fram að kosningasvindl hefði átt sér stað, og reyndi að fá niðurstöðunum hrundið. Þrátt fyrir mikla baráttu báru tilraunir hans ekki árangur. Úrslitatilraunina gerði hann þegar þingið kom saman til að staðfesta kjör Bidens, en til hennar þurfti hann stuðning bæði varaforseta síns og þingmanna.

Tilraun til uppreisnar

Þann 6. janúar 2021 komu báðar deildir Bandaríkjaþings saman til að staðfesta úrslit kosninganna. Trump neitaði enn að játa sig sigraðan og hafði fengið nokkra þingmenn með sér í lið.

Sama dag söfnuðust þúsundir stuðningsmanna Trumps saman í Washington, D.C., til mótmæla. Sjálfur ávarpaði Trump stuðningsmenn sína og hvatti þá til dáða.

Ástandið stigmagnaðist verulega í kjölfar ávarpsins, óeirðir brutust út og stuðningsmenn Trumps brutu sér leið inn í þinghúsið. Rýma þurfti þingsalina og sögðust margir þingmenn hafa óttast um líf sitt.

Meðan á óeirðunum stóð neitaði Trump að fordæma aðgerðir stuðningsmanna sinna og sagðist skilja reiði þeirra. Hegðun hans umræddan dag leiddi til þess að fleiri úr röðum Repúblikana snéru við honum baki og fordæmdu framkomu hans. Helstu samfélagsmiðlar lokuðu aðgangi hans, sem var forsetanum ekki síður þungbært, enda Twitter hans helsti vettvangur til tjáskipta við stuðningsmenn og reyndar heimsbyggðina alla.

Í kjölfar óeirðanna lögðu Demókratar í fulltrúadeildinni fram ákærur til embættismissis á hendur Trump og þann 13. janúar var Trump formlega ákærður fyrir að hvetja til uppreisnar. Þar með varð hann fyrsti Bandaríkjaforseti sögunnar til að vera ákærður tvisvar.

Málið fer nú fyrir öldungadeild Bandaríkjaþings og verður leitt til lykta eftir að Biden hefur tekið við embætti.

Klofin þjóð í vanda

Trump skilur eftir sig djúpan vanda og klofna þjóð, sem nýr forseti mun þurfa að takast á við á næstu árum. Þá eru enn eftir nokkrir dagar af embættistíð Trumps og enn getur átt eftir að draga til frekari tíðinda.

Fréttablaðið heldur áfram umfjöllun um embættistíð Donalds Trump, á vefnum frettabladid.is á morgun, sunnudag.



Forsetinn fráfarandi Donald Trump hefur gjarnan tjáð sig um það sem honum mislíkar á Twitter. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



Samband Trumps og Kim Jong-un, leiðtoga Norður-Kóreu, olli mörgum áhyggjum en þeir hittust í Kóreu sumarið 2019. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Donald Trump og Vladimir Pútín Rússlandsforseti hittust á APEC leiðtogafundi sem haldin var í Damang í Vítenam sumarið 2017. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



Robert S. Mueller, settur saksóknari í Rússlandsmálinu



Anthony Fauci, yfirmaður heilbrigðisstofnunar Bandaríkjanna

Munið að skila upplýsingum vegna framtalsgerðar 2021

Skila skal eftirtöldum upplýsingum vegna ársins 2020 á **rafrænu formi** á þjónustusíðunni **skattur.is**

◆ **Launa- og verktakaupplýsingar**
Skilaskyldir eru allir þeir sem innt hafa af hendi launagreiðslur, hlunnindi (þ.m.t. kaup- og söluréttarsamningar), lífeyri, bætur, styrki, greiðslur til verktaka fyrir þjónustu (efni og vinnu) eða aðrar greiðslur (þ.m.t. umsýslu- eða umboðsgreiðslur, s.s. í ferðaþjónustu o.fl.). Einnig allir þeir sem í rekstri sínum eða annarri starfsemi hafa látið launamönnum eða öðrum vélknúin ökutæki í té til afnota.

◆ **Hlutafjárupplýsingar**
Skilaskyld eru öll hlutafélög, einkahlutafélög, samlagshlutafélög og sparisjóðir.

◆ **Stofnsjóðsupplýsingar**
Skilaskyld eru öll samlagsfélög, sameignarfélög og samvinnufélög, þ.m.t. kaupfélög.

◆ **Viðskipti með hlutabréf/afleiður og önnur verðbréf**
Skilaskyldir eru bankar, verðbréfafyrirtæki og aðrir þeir aðilar sem annast kaup og sölu, umboðsviðskipti og aðra umsýslu með hlutabréf/afleiður og öll önnur verðbréf.

◆ **Innstæður**
Skilaskyldar eru allar fjármálastofnanir og aðrir aðilar sem taka við fjármunum til ávöxtunar, eða hafa milligöngu um ávöxtun, vörslu eða aðra ráðstöfun fjármuna.

◆ **Hlutabréfakaup skv. kaupréttarsamningi**
Skilaskyld eru öll hlutafélög sem gert hafa kaupréttarsamninga við starfsmenn sína samkvæmt staðfestri kaupréttaráætlun. Sama á við um söluréttarsamninga.

◆ **Takmörkuð skattskylda - greiðsluyfirlit**
Skilaskyldir eru þeir sem innt hafa af hendi hvers konar greiðslur til erlendra aðila og annarra, sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi.

◆ **Lánaupplýsingar**
Bankalán, fasteignaveðlán, bílalán og önnur lán. Skilaskyldar eru allar fjármálastofnanir (bankar, sparisjóðir, lífeyrissjóðir, tryggingafélög, fjármögnunarleigur o.s.frv.) sem hafa lánað fé til einstaklinga og lögaðila.

◆ **Greiðslur fyrir leigu eða afnot**
Skilaskyldir eru þeir sem innt hafa af hendi hvers konar greiðslur fyrir leigu eða afnot af lausafé, fasteignum og fasteignaréttindum eða öðrum réttindum. Einnig þeir sem hafa í atvinnuskyni milligöngu um útleigu.

◆ **Fjármagnstekjur**
Þeir aðilar sem innheimt hafa vexti skulu skila upplýsingum um slíkar fjármagnstekjur og tilgreina sundurliðun á móttakendur og þá staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts sem haldið hefur verið eftir. Hér er einkum um að ræða innheimtuaðila, t.d. lögmannsstofur.

◆ **Staðfesting á tilteknum hlutabréfakaupum (listi yfir þátttakendur)**
Skilaskyld eru öll hlutafélög og einkahlutafélög sem fengið hafa staðfestingu ríkisskattstjóra á að þau uppfylli skilyrði fyrir því að kaup einstaklinga á hlutum í hlutafjáraukningu félagsins geti veitt rétt til skattfrádráttar sbr. B-lið 1. mgr. 30. gr. laga nr. 90/2003.

Skilafrestur er til 20. janúar

Sjá nánar auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 1433/2020 í B-deild Stjórnartíðinda.

Skatturinn

skatturinn@skatturinn.is

442 1000

Upplýsingaver opið:
Mán.-fim. 9:00-15:30
Fös. 9:00-14:00

Ofbeldisböl



Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Mörgum hnykkti við á miðvikudag þegar fréttist af árás innan veggja Borgarholtsskóla. Af myndböndum að ráða, sem send voru til fjölmiðla af atburðinum, var framganga þeirra sem fyrir árásinni stóðu hömlulaus. Beiting bareflis og hnífa er til vitnis um hversu hættuleg atlagan var og hve mikið lán var að ekki fór verr.

Ekki hefur enn verið upplýst hver tildrögin voru en ýmislegt bendir til að þetta hafi verið ætlað sem einhvers konar uppgjör eða hefndaraðgerð.

Að kvöldi sama miðvikudags greindi Fréttablaðið frá slagsmálum ungmenna sem brutust út í einu hverfa borgarinnar þar sem hnefar voru látnir skipta og hættuspörkum beitt.

Ekki er langt síðan sagt var frá grófum slagsmálum á Laugavegi og sömuleiðis alvarlegri líkamsárás fjölda ungmenna við Hamraborg í Kópavogi. Og þetta eru aðeins dæmi af handahófi. Það er ástæða til að hafa áhyggjur af vaxandi ofbeldi í samskiptum fólks. Í hverri viku þarf lögregla að hafa afskipti af fólki sem virðist líta svo á að ofbeldi sé leið til samskipta. Á ritstjórnir fjölmiðla berast daglega fréttir af árásum og róstum, ýmist á heimilum fólks eða á götum úti. Sumt af því á erindi við almenning og þá sagðar af því fréttir. Fréttablaðið hefur ítrekað fjallað um ofbeldi undanfarna mánuði, meðal annars gegn þeim sem standa höllum fæti og eiga bágt með að bera hönd fyrir höfuð sér.

„Niðurstöður rannsóknar sem unnin var fyrir velferðarráðuneytið 2017 sýndi að 59 prósent fatlaðra kvenna höfðu orðið fyrir kynferðislegu, líkamlegu eða andlegu ofbeldi á lífsleiðinni og 48 prósent fatlaðra karla," sagði Hrafnhildur S. Gunnarsdóttir, verkefnisstjóri hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, í samtali við blaðið um miðjan desember. „Ofbeldið sem fatlaðar konur verða fyrir er svo margslungið og það sem vefst fyrir mér sem rannsakanda er að ég er eiginlega fullviss um að tíðnirannsóknir vanmeti umfang ofbeldisins, þótt þær gefi sannarlega mikilvægar vísbendingar," segir Hrafnhildur jafnframt í fréttinni.

Allt eru þetta einhvers konar birtingarmyndir ofbeldis og ofríkis sem sífellt virðist bera meira á. Nú má vel vera að þetta hafi alltaf verið svona. Ofbeldi hafi alltaf grasserað meðal fólks en aukin vitund þess, meðal annars vegna umfjöllunar fjölmiðla, birtingar myndbanda á samfélagsmiðlum og almenn umræða, hafi dregið það fram í dagsljósið.

Hvernig sem í því liggur er ljóst að ofbeldi er samfélagsmein. Við getum ekki samþykkt ofbeldi sem aðferð til að koma skoðunum á framfæri, knýja fram úrslit mála, hafa áhrif á framvindu þeirra eða beinlínis til að sýna mátt sinn og megin. Sama í hvaða mynd, ofbeldi getur aldrei verið svar við neinu. Það meiðir og skemmir. Það þarf að uppræta.

Byrjum á þeim sem því beita. Þeir eru hjálpar þurfi og þurfa stuðning ekki síður en þeir sem fyrir því verða.

Í hverri viku þarf lögregla að hafa afskipti af fólki sem virðist líta svo á að ofbeldi sé leið til samskipta.



Gunnar



Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



Góð stjórnvöld

Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, var tekinn tali í útvarpsþættinum Víðsjá á Rás 1 í vikunni. Kári hefur ástríðu fyrir bókmenntum. Hann lítur þó ekki aðeins á þær sem afþreyingu. Kári sagði bókmenntir mikilvægar vísindunum. Vitnaði hann í kenningar kanadíska bókmenntafræðingsins Northrop Frye sem „hélt því fram að ef þú ætlaðir að rækta hóp af góðum vísindamönnum þá ættirðu ekki að byrja að kenna þeim raungreinar snemma, þú ættir að láta þá lesa góðar bókmenntir. Vegna þess að tungumálið sé tækið sem við hugsum með og til þess að þjálfa menn í að hugsa nýjar hugsanir þá sé best að láta menn lesa mikið af góðum bókmenntum."

Kári og Frye eru ekki einir um þessa skoðun. Mervyn King var bankastjóri Englandsbanka, seðlabanka Bretlands, í efnahagskreppunni 2007-2008. Í viðtali nýverið leitaðist hann við að svara spurningunni: Hvernig má taka góðar ákvarðanir á tímum þegar óvissa er alltumlykjandi? Þótt King sé hagfræðingur sagði hann lykilinn ekki vera tölur. „Þegar við tölum saman, tölum við í sögum og söguþráðum," sagði King. „Þegar hagfræðingar fá nýjar hugmyndir tala þeir um þær við samstarfsmenn sína yfir kaffibolla á formi sagna en ekki talna." Ástæðu mikilvægi sagna sagði King þá að „við getum endurskoðað þær; það er einmitt það sem góð stjórnvöld eiga að gera."

Tækifæri í eyðileggingunni

Við upphaf COVID-19 faraldursins, þegar starfsfólk yfirfullra spítala hér í Bretlandi þar sem ég bý lagði sig í lífshættu, er það hjúkraði alvarlega veikum sjúklingum með ókunna og bráðsmitandi veirusýkingu, stigu Bretar út úr húsum sínum á hverju fimmtudagskvöldi og klöppuðu fyrir hetjum heilbrigðiskerfisins. Smitum fækkaði yfir sumarmánuðina og var siðurinn lagður af. Í síðustu viku, í skugga methrinu mannfalls, var hann endurvakinn.

Daginn áður hafði öðrum vafasömum áfanga verið náð. Í lok vinnudags, miðvikudaginn 6. janúar, höfðu stjórnendur stærstu fyrirtækja Bretlands þegar aflað sér meiri tekna en meðalstarfsmaðurinn mun afla allt þetta ár.

Mannfræðingurinn David Graeber er þekktur fyrir metsölubókina „Bullshit Jobs" þar sem hann heldur því fram að meira en helmingur starfa í nútímasamfélagi séu með öllu tilgangslaus. Skömmu fyrir sviplegt andlát Graeber í september síðastliðnum flutti Breska ríkisútvarpið hugleiðingar hans um hvað við ættum helst að endurhugsa í kjölfar heimsfaraldursins. „Lokun samfélaga í sóttvarnaskyni hefur sýnt okkur að því fleiri sem njóta góðs af því sem einstaklingur vinnur við, því lægri eru laun hans," kvað Graeber.

Við keppumst nú við að koma veröldinni í sama horf og hún var fyrir kórónaveirufaraldurinn. En viljum við byggja framtíðina á hugmyndum gærdagsins?

Faraldurinn afhjúpar sem aldrei fyrr virði mismunandi hópa. Í ljós kemur að það eru ekki launahæstu hóparnir sem eru mest virði þegar á reynir. Við erum öll komin undir heilbrigðisstarfsfólki, starfsfólki í matvælaframleiðslu, kennurum, afgreiðslufólki verslana, strætisvagnabílstjórum, fólki í umönnunarstörfum og ræstingum – lykilstarfsmönnum sem Bretar klappa nú fyrir, en sumir segja að ættu heldur að fá launahækkun.

Kórónaveirufaraldurinn skilur eftir sig sviðna jörð. En í eyðileggingunni má líka finna tækifæri. Í ár fara fram hér á landi kosningar til Alþingis. Það krefst hugrekkis að „hugsa nýjar hugsanir"; það þarf dug til að „endurskoða sögurnar" sem við byggjum samfélag okkar á. Vonandi ber íslensku stjórnmálafólki gæfa til að semja nýjar sögur í kosningabaráttunni sem skollin er á. Loforð um að endurreisa veröld sem var er jafnholt og klappið sem aðframkomnu heilbrigðisstarfsfólki og öðrum láglauna-lykilstarfsmönnum faraldursins í Bretlandi er umbunað með.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

KRÓNAN

Eltu ódýrt merkið!

Ódýrt

Ódýrt

Ódýrt

Ódýrt

Ódýrt

ÓNÚRNDAR

SPARAR ÞÉR KRÓ

Ef vara er merkt ÓDÝR þýðir það að þetta sé ódýrasta varan í þessum vöruflokki



Krónu súpa, 1 lítri, kjöt / kjúklinga

1589 kr. stk.



Krónu súpa, 1 lítri, aspas / blómkáls

1099 kr. stk.



First Price hvítlauksbrauð

189 kr. pk.

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

NÝTT

FjarSpjall

Þú getur pantað fjarspjall með söluráðgjafa okkar á
www.hekla.is/fjarspjall

Rafbíll · Tengiltvinnbíll



Audi Q7 TFSI e

Nýr glæsilegur fjölskyldujeppi með framsækinni tengiltvinntækni, framúrskarandi rýmishönnun og sportlegt útlit.



Audi e-tron Sportback

Hinn alrafmagnaði e-tron hefur slegið í gegn síðustu misseri og nú er Sportback lentur í sýningarsalnum.



Mitsubishi L200

33” breyttur pallbíll á ótrúlegu verði.



Volkswagen Touareg R eHybrid

462 hestafla jeppi, fullhlaðinn orku og krafti. Um er að ræða kraftmesta Volkswagen frá upphafi.



Volkswagen Caddy 5

Uppfærðu vinnufélagann með nýja Caddy 5 sem er traustur, sveigjanlegur og sparneytinn.



Skoda Superb iV

Þekktur fyrir framúrskarandi rými. Nú knúinn rafmagni og bensíni og hagsýnni en nokkru sinni fyrr. Hlaðinn búnaði og þægindum.



Volkswagen Transporter & Crafter

Tilboð á nýju ári og þú færð fjórhjóladrifið frítt.

www.hekla.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000

HEKLA
KYNNIR 2021

Opið allan sólarhringinn á netinu
24/7

Notaðu netið!

Skoðaðu!

Í sýningarsalnum okkar á netinu
sérð þú alla bíla sem eru á leiðinni til
landsins, nú þegar komnir eða í pöntun
www.hekla.is/vefverslun



Volkswagen Tiguan eHybrid

Sívinsæll sportjeppi sem er nú fáanlegur í
tengiltvinnútgáfu knúinn rafmagni og bensíni.



Skoda Enyaq

Fyrsti alrafmagnaði fjölskyldubíllinn frá Skoda er
væntanlegur. Skráðu þig á www.hekla.is/enyaq
og við sendum þér upplýsingar.

Fleiri væntanlegir:

NÝIR

Audi Q4 TFSI e
Audi A3 TFSI e
Volkswagen ID.4 GTX
Volkswagen ID.5
Skoda Octavia
Mitsubishi Eclipse Cross PHEV



Volkswagen ID.3 Pro

Enn bætist við breidd rafbíla og nú er á leið til landsins
Pro útfærsla af ID.3. Örlítið minni kraftur og ennþá
betra verð. Kynntu þér málið og veldu þinn lit í
sýningarsalnum okkar á netinu.



Volkswagen ID.4

Fullvaxinn alrafmagnaður fjölskyldubíll sem er rétt ókominn
til landsins en hefur nú þegar slegið í gegn.

Fylgdu okkur!
@HEKLA

Opið á laugardögum frá 12 til 16

Erkifjendur mætast í titilbaráttunni

Það verður sannkallaður stórleikur á sunnudaginn í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu en þá leiða erkifjendurnir, Liverpool og Manchester United, saman hesta sína á Anfield í toppslag deildarinnar. Svo gæti farið að úrslitin kortleggi titilbaráttuna þetta árið.

ENSKI BOLTINN Fyrir leik Liverpool og Manchester United í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu karla sem fram fer síðdegis á morgun, trónir Manchester United á toppi deildarinnar með þriggja stiga forskot á Liverpool, sem er ríkjandi meistari. Á þessum tímapunkti í deildinni í fyrra munaði 30 stigum á liðunum.

Í kjölfarið gerði Ole Gunnar Solskjær, knattspyrnustjóri Manchester United, kjarakaup þegar hann nældi í portúgalska sóknartengiliðinn Bruno Fernandes sem hefur skoraði 19 mörk og lagt upp 14 mörk í þeim 31 deildarleik sem hann hefur spilað fyrir liðið.

Raunar gaf byrjun yfirstandandi leiktíðar stuðningsmönnum Manchester United ekki von í brjóst um að bjartari tímar væru fram undan með blóm í haga, en í október var Solskjær undir mikilli pressu eftir verstu byrjun liðsins frá því að David Moyes var við stjórnvölinn hjá liðinu.

Síðan þá hefur Manchester United hins vegar haft betur í níu af síðustu ellefu deildarleikjum sínum, á sama tíma og Liverpool-vélin hefur hikstað í kringum jólin og á nýju ári. Solskjær hefur ekki enn tekist að hafa betur gegn Liverpool í stjóratíð sinni, en liðið hefur líklega aldrei farið með jafn mikið sjálfstraust inn í slag liðanna en þegar þau ganga til leiks á morgun.

Manchester United mun að öllum líkindum geta stillt upp sínu sterkasta liði á morgun en stuðningsmenn Liverpool liggja á bæn og senda miðverðinum Joël Matip hlýja strauma í von um að varnarmaðurinn verði klár í slaginn í þessum mikilvæga leik. Fjarvera sterkustu hesta Liverpool í hjarta varnarinnar hefur smitað spilamennsku alls liðsins sem hefur ekki verið jafn orkumikil og áræðin og síðustu misserin í undanförnum leikjum liðsins.

Fréttablaðið fékk Hallgrím Indriðason, stuðningsmann Liverpool, og Halldór Marteinsson, sem heldur með Manchester United, til þess að spá í spilin fyrir komandi leik. Þá voru þeir jafnframt beðnir um að rifja upp eftirminnilega rimmu liðanna.

hjorvaro@frettabladid.is



Norðmaðurinn Solskjær hefur ekki enn haft betur sem knattspyrnustjóri Manchester United gegn Klopp og hans mönnum í þremur tilraunum til þessa, en fær nú tvö tækifæri til þess á rúmri viku. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Halldór Marteinsson,

stuðningsmaður Manchester United

„Ég er mjög spenntur fyrir þessum leik, langt síðan það hefur verið svona mikið undir í leik þessara liða. Jafnvel þótt þetta sé alls ekki einhver beinn úrslitaleikur um neitt, þá mun þessi leikur segja helling um framhaldið. Mínir menn hafa verið á miklu og góðu skriði, byggt upp frábæran karakter og eru verðskuldað á toppi deildarinnar. Nú fara prófin að koma sem skera úr um það hvort liðið geti haldið sér í baráttunni um toppsætið eða ekki.

Liverpool hefur fengið þægilegra leikjaálag síðustu vikur en mörg önnur lið. Enginn deildarbikar um jólin, lengra á milli leikja en hjá mörgum öðrum liðum, fengu léttan æfingaleik í enska bikarnum og enginn aukaleikur í deild. En það eru vissulega aðeins meiri meiðslavandræði í gangi hjá þeim. Útivöllurinn hefur verið sterkur hjá Manchester United, heimavöllurinn mjög sterkur hjá Liverpool. Búið að stilla upp fyrir hörku baráttu.

Það er mögulega of augljóst að segja að lykillinn að sigri Manchester United í þessum leik verði Bruno Fernandes og Paul Pogba. Það er þó augljóslega mikill munur á United eftir því hvernig þeir koma stemmdir inn í leiki. En mesti lykillinn verður samt líklega hvernig Ole Gunnar Solskjær teiknar upp leikplanið og hvernig hann bregst við leikframvindu í leiknum sjálfum. Hann hefur oft náð því rétt, sérstaklega í stóru leikjunum, en líka stundum átt lélega stjóraframmistöðu hvað þetta varðar. Að hafa hann á tánum skiptir miklu.

Ein eftirminnilegasta viðureign þessara liða í mínum huga var á Anfield 3. mars 2007. Paul Scholes fékk ósanngjarnt rautt spjald fyrir að veifa í áttina að Xabi Alonso, Jamie Carragher komst upp með líkamsárás á Wayne Rooney án þess að fá rautt en karma beit hann í rassinn, því inn á fyrir Rooney kom John O'Shea. O'Shea skoraði svo sætt sigurmark í uppbótartíma fyrir framan Kop-stúkuna, fagnaði eins og óður maður og Manchester United endaði tímabilið sem Englandsmeistari."

Hallgrímur Indriðason,

stuðningsmaður Liverpool

„Mér líst mjög vel á leikinn á sunnudaginn, enda ekki ástæða til annars miðað við hvernig leikirnir á móti Manchester United hafa gengið undanfarið. Það er þó alveg ljóst að frammistaða minna manna þarf að batna frá síðustu leikjum. Þríeykið frammi hefur ekki verið sérstaklega beitt í síðustu leikjum og þeir þurfa að finna taktinn ef þessi leikur á að vinnast. Þeir hafa reyndar oft staðið sig þegar mest á reynir, þannig að ég hef trú á að við sjáum Sadio Mané, Mo Salah og Roberto Firmino í essinu sínu á sunnudaginn.

Varnarlínan hefur staðið sig merkilega vel miðað við öll þau meiðsl sem hafa verið í gangi þar, en ég hef dálitlar áhyggjur af henni núna, nema þá að Joël Matip verði búinn að jafna sig af meiðslunum. Án hans þarf að hafa með Fabinho annaðhvort Rhys Williams eða Nathaniel Phillips, sem eru báðir ungir, reynslulitlir og frekar hægir. Eða þá að nota þar Jordan Henderson sem er ekki vanur miðvörður og nýtist betur á miðjunni.

Ef Matip verður með er ég handviss um að við vinnum leikinn. Ef ekki gætum við lekið inn mörkum og þá verður þríeykið bara að skora meira til að við vinnum. Þeir eiga alveg að geta það.

Það hafa verið nokkrir eftirminnilegir leikir gegn Manchester United. Fyrir mig persónulega er það 3-1 sigurinn á Anfield 2011, af því ég var þá á vellinum. Dirk Kuyt skoraði þrennu en allir söngvar stuðningsmannanna voru um Luis Suárez sem var stórkostlegur í þessum leik.

Svo verður líka að minnast á 4-1 sigurinn á Old Trafford árið 2009, þar sem Fernando Torres tók Nemanja Vidic í nefið og hinn ógleymanlegi Andrea Dossena innsiglaði sigurinn. Við eigum eftir að sjá eitthvað álíka skemmtilegt á sunnudaginn."

Úrslitaleikur um framhaldið á heimsmeistaramótinu í Kaíró

HANDBOLTI Leikmenn og þjálfarateymi íslenska karlalandsliðsins í handbolta fá ekki langan tíma milli leikja, því næsti leikur liðsins á HM í Egyptalandi er gegn Alsír klukkan 19.30 í kvöld að íslenskum tíma.

Þetta verður níunda viðureign þessara liða og hefur Ísland unnið sjö leiki til þessa en einum leik lokið með jafntefli. Þar af hafa liðin mæst tvisvar á Ólympíuleikunum og þrisvar mæst í lokakeppni HM, síðast á HM í Katar.

Alsír, bronsliðið í síðustu Afríkukeppni, mætir eflaust fullt sjálfstrausts til leiks eftir nauman sigur á Marokkó í síðasta leik, þrátt fyrir að hafa verið sjö mörkum undir í hálfleik. Að sama skapi vita Strákarnir okkar að þetta er lykilleikur upp á framtíðarhorfur liðsins ef þeir ætla sér að gera sig gildandi í milliriðlunum. Með sigri í dag er góður möguleiki á að taka stig í milliriðilinn, en tap gerir út um vonir landsliðsins að taka stig inn í milliriðilinn.

» Liðin mættust einnig síðast þegar HM fór fram í Afríku árið 2005. Alexander Petersson er eini einstaklingurinn eftir úr liði Íslands frá HM árið 2005.

„Það er algjörlega hægt að tala um að þetta sé leikur sem verður að vinnast og Strákarnir vita af því. Það var alltaf ljóst að leikurinn gegn Portúgal yrði erfiður, en að sama skapi verðum við að vinna þennan leik og vonandi verður hægt að dreifa eitthvað álaginu," segir Jónatan Magnússon, þjálfari KA í Olísdeild karla, aðspurður um mikilvægi leiksins.



Þjálfarateymið er líklegt til að reyna að dreifa álaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

„Alsír er með marga þyngri leikmenn sem ætti að henta íslenska liðinu vel. Við erum með marga einstaklinga í dag sem eru léttir á fæti, góðir mann á mann og geta gert árásir á vörnina með gegnumbrotum, sem hefur stundum verið til vandræða," sagði Jónatan og bætti við:

„Það yrði mjög mikilvægt ef menn myndu stimpla sig inn á mótið í kvöld. Það voru of margir tapaðir boltar í síðasta leik sem hefur áhrif á sjálfstraustið í söknarleiknum en vonandi verður þessi leikur til að efla sjálfstraustið í hópnum. Ég á von á tiltölulega öruggum sigri Íslands í dag en Alsír sýndi gegn Marokkó að þeir gefa ekkert eftir og gefast aldrei upp." – **kpt**

ISUZU D-MAX

BYLTING Í PALLBÍLUM ISUZU D-MAX

FRUMSÝNING Í DAG FRÁ 12–16



3.500 kg dráttargeta
Fimm stjörnu öryggi
Fimm ára ábyrgð

Nýr og fullkominn Isuzu D-Max sameinar byltingarkennda hönnun, ótrúlegan vinnukraft með 3,5 tonna dráttargetu og framúrskarandi öryggi. Enda fékk hann fimm stjörnur í úttekt Euro-NCAP og er með fimm ára ábyrgð.

Skoðaðu þennan frábæra kraftajötun á bl.is eða í sýningarsalnum okkar við Sævarhöfða.

Bíll á mynd: Isuzu D-MAX LUX. E N N E M M / S Í A / N M 0 0 4 0 7 2

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is




FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Það var óvenjugaman að fást við gátuna. Sumt kom strax, en annað þurfti lengri yfirlegu við, eins og gengur. En ég strandaði á morse-stafnum. Með gúgli fann ég að þetta væri bókstafurinn Ö, en það gekk engan veginn. Svo í þeirri veiku von að gerð hefðu verið mistök í teikningu gátunnar, að þarna hefði átt að vera B (-...) þá er þetta mín lausn:

Lausn á myndagátu Fréttablaðsins:

Áfallaárið 2020 kveður og gráta það fáir. Bráðum kemur vonandi betri tíð.



* Rangt merki birtist óvart



Að hittast í ljúfum bröns í bænum ásamt góðum vinum er sífellt að verða vinsælla. MYND/GUÐMUNDUR FINNBOGASON

Bröns í borginni

Það er sífellt að verða vinsælla að hittast um helgar yfir ljúfum dögurði eða bröns. Úrvalið er frábært og fjölbreytileikinn í fyrirrúmi, en á tímum fjöldatakmarkana borgar sig þó að panta borð.

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is




Í miðbænum er af nægu að taka ef ætlunin er að hittast í góðum hópi og njóta þess að sitja yfir ljúffengum veitingum og jafnvel ljúfum veigum. Við skoðuðum helstu brönsstaði borgarinnar til að einfalda ykkur lesendum lífið ef þið ákveðið að gera ykkur dagamun á næstunni.

Bastard

Þau á Bastard Brew & Food við Vegamótastíg byrjuðu að bjóða upp á svokallaðan botnlausan bröns í nóvember 2019 og hefur síðan verið fullbókað alla laugardaga og sunnudaga, og er því öruggast að bóka með eins til tveggja vikna fyrirvara. Ef valinn er botnlaus bröns er greitt eitt fast verð og velja má eins marga rétti af brönsseðli og vill í tvær klukkustundir. Einnig má bæta við drykkjum og gildir þá það sama um þá.

Vinsælustu brönsréttir staðarins eru avocado toast, andavængir og kjúklingur og vaffla.



Botnlaus bröns Bastard er vinsæll.

Sæta svínið

Veitingastaðurinn Sæta svínið við Hafnarstræti hefur boðið upp á brönsseðil í þrjú ár sem hefur verið gríðarlega vinsæll.

Boðið er upp á úrval tólf brönsrétta og sex brönseftirrétta og er tilvalið að deila réttum sín á milli. Eins er boðið upp á skemmtilegan „Mímósu minibar," þar sem gestir fá flösku af Piccini freyðivíni og fjóra mismunandi ávaxtasafa og ávexti til að blanda og búa þannig til sína eigin Mímósu.

Vinsælasti brönsrétturinn er „Mega Brunch" sem inniheldur meðal annars hamborgarhrygg, beikon, pylsur, egg, bakaðar baunir, stökka kartöfluteninga og grillað bóndabrauð. Einnig eru amerísku pönnukökurnar alltaf vinsælar, en til dæmis er hægt að velja bananasplitt eða Toblerone pönnukökur.



Pönnukökurnar á Sæta svíninu.

Fjallkonan

Á veitingastaðnum Fjallkonunni við Hafnarstræti er boðið upp á skemmtilegan og fremur óhefðbundinn bröns.

Buffalo kjúklingavafflan með hlynsírópi hefur til að mynda slegið í gegn og verið einn af vinsælustu brönsréttum staðarins. Á næstunni verður svo bætt við nýjum brönsréttum og að sögn staðarhaldara ber þar hæst „Cröffluna" sem er sambland af crossaint og vöfflu sem kokkar staðarins para saman við alls konar góðgæti eins og piripiri kjúkling og serrano.



Nýir brönsréttir á Fjallkonunni.

Duck & Rose

Veitingastaðurinn Duck & Rose opnaði við Austurvöll í maí við frábærar undirtektir.

Staðurinn kynnti fljótlega til leiks brönsseðil sem afar skemmtileg stemning skapaðist í kringum, allt þar til hann fékk smá pásu vegna jólaamsturs. Í næstu viku fer brönsinn aftur í gang og verður sérstök áhersla lögð á botnlausa mímósu og skemmtilegan matseðil sem verður í gildi frá klukkan 11.30 til 16 allar helgar.

Vinsælasti brönsréttur staðarins er Confit andalæri á vöfflu með steiktu eggi, Hollandaise og sætum lauk.



Brönsinn byrjar aftur á Duck & Rose

Public House

Veitingastaðurinn Public House við Laugaveg hefur boðið upp á botnlausan bröns í rúm tvö ár og hefur verið uppbókað flestar helgar.

Boðið er upp á botnlausa brönsinn frá klukkan 12 til 16.30 föstudaga til sunnudaga og er oft uppbókað nokkrar vikur fram í tímann. Í botnlausa brönsinum panta gestir eins marga smárétti og þeir vilja en fólk mætir víst aftur og aftur fyrir andarchopsticks, rauðbeður á wonton, önd í pönnuköku og sushirúllur.



Public House er vinsæll í bröns.

Jeep | 4xe

PLUG INTO MORE ADVENTURE

THE 2021 WRANGLER 4xe



GOÐSÖGNIN RAFMÖGNUÐ

ALVÖRU JEEPI MEÐ 100% DRIFLÆSINGUM Á VERÐI SEM Á SÉR ENGAN SAMANBURÐ OG NÚ 374HÖ/637NM

NÝR WRANGLER RUBICON 4xe PLUG-IN-HYBRID

VERÐ FRÁ KR. 9.490.000*

LAUNCH EDITION KR. 10.490.000*

35"-40" ÍSBAND BREYTINGAPAKKAR Í BOÐI FRÁ KR. 300.000

TRYGGIÐ YKKUR BÍL Í FORSÖLU. VÆNTANLEGUR Í APRÍL.

*VERÐ MIÐAÐST VIÐ GENGI USD 128

ÍSBAND

UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • JEEP.IS • ISBAND@ISBAND.IS
OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • OPIÐ LAUGARDAGA 12-16





30%
AFSLÁTTUR

FLAIR
Skemmtilegur hægindastóll frá Danform fáanlegur í ljósbrúnu, dökkgráu og svörtu PU-leðri

41.993 kr. ~~59.990 kr.~~



25%
AFSLÁTTUR

IDdesign

WOODSTOCK
Fallegu og vinsælu Woodstock sófaborðin komin aftur bæði í svörtum aski og olíuborinni eik. Tvær stærðir með hillu/grind.

80 x 80 cm
26.243 kr. ~~34.990 kr.~~

120 x 60 cm
29.993 kr. ~~39.990 kr.~~

35%
AFSLÁTTUR



EVELYN
Skemmtilegur borðstofustóll.
Ólívugrænt eða grátt velúráklæði.

9.094 kr. ~~13.990 kr.~~

30%
AFSLÁTTUR



ERIS
Borðstofustóll.
Hvítur með samlitum fótum.

6.993 kr. ~~9.990 kr.~~



15%
AFSLÁTTUR

SCOTT
Scott hornsófi úr mjög sterku bonded leðri (leðurblöndu). Fæturnir eru sterkir úr svörtu járni. Vinstra horn (ekki færanlegt). Stærð: 293 x 217 x 85 cm

237.992 kr. ~~279.990 kr.~~



15%
AFSLÁTTUR

FRIDAY
Tungusófi í vönduðu gráu áklæði. Sethæðin er um 47 cm. Breidd tungunnar er um 90 cm.
Stærð: 256 × 175 × 91 cm

178.492 kr. ~~209.990 kr.~~

NES
2,5, 3ja sæta og tungusófar, djúpir með fremur lágt bak. Áklæði er slitgott og þægilegt viðkomu í mildum dökkbrúnum lit. Bak og seta eru fastar pullur, fætur úr svörtum viði. Armar breiðir og mjög rúnnaðir — notalegir fyrir hendur og höfuð..



25%
AFSLÁTTUR



2,5 sæta: 214 x 93 x 78,5 cm
112.493 kr. ~~149.990 kr.~~

3 sæta: 234 x 93 x 78,5 cm
119.993 kr. ~~159.990 kr.~~

Tungusófi: 297 x 160 x 78,5 cm
172.493 kr. ~~229.990 kr.~~







Reykjavík Bíldshöfði 20
11 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri **Dalsbraut 1**
11 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður **Skeiði 1**

www.husgagnahollin.is
558 1100

Upplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

RISA ÚTSALA

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
ALLTAF OPIN

Allt að 60% afsláttur

DC 8900

Klassískur og sérlega fallegur sófi úr hnausþykku savoy/split leðri. Innra byrði bakpúða er úr dúnkurli en sessurnar hafa að auki kaldpressaðan (mjög endingargóðan) svamp þar undir. Fallegir eikarfætur. Fæst 3ja sæta í svörtu eða koníaksbrúnu. Stærð: 224 × 86 × 80 cm

280.492 kr. ~~329.990 kr.~~

15% AFSLÁTTUR

20% AFSLÁTTUR



Cazar

Afar vinsæll hægindastóll.
Á útsöluverði í Sawana gráu, slitsterku áklæði með svarta fætur.

27.192 kr. ~~33.990 kr.~~



MANZANO

Svartur leðursófi. Sterkt og vandað ítalskt leður (botn, bak- og armhlið með bonded leðri/leðurblöndu). Mjúk sæti og bak með fallegum saumi. Svartir, breiðir viðarfætur. Manzano fæst 3ja og 2ja sæta eða hornsófi. Einnig fæst hægindastóll.

2ja sæta: 209 x 91 x 91 cm
161.492 kr. ~~189.990 kr.~~

3ja sæta: 165 x 91 x 91 cm
186.992 kr. ~~219.990 kr.~~

15% AFSLÁTTUR

Stóll: 100 x 158 x 91
118.992 kr. ~~139.990 kr.~~



MEXICO

Hægindastóll í vönduðu, ekta leðri. Stóllinn er á möttum, svörtum snúningsfæti úr krómi. Flottur einn og sér og líka sem stakur stóll við sófasett.

103.992 kr. ~~129.990 kr.~~

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

HÚSGAGNA HÖLLIN

Mættu sínum eigin fordómum

Í heilt ár hafa þau **Héðinn Unnsteinsson** og **Unnur Ösp Stefánsdóttir** átt í listrænu tilhugalífi þar sem Héðinn hefur hleypt Unni jafnvel alla leið í dagbækur sínar, suma daga skrifaðar þegar hann lá inni á geðdeild.

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is





Héðinn sá verkið sem unnið er upp úr sjálfsævisögulegri bók hans Vertu úlfur, í síðustu viku og gat ekki horft fyrstu mínúturnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Unnur segist hafa kolfallið fyrir sjálfsævisögulegri bók Héðins, Vertu úlfur, þegar hún las hana fyrir fimm árum síðan. Í bókinni lýsir Héðinn reynslu sinni af geðhvörfum og nauðungarvistun og vakti hún mikla athygli á sínum tíma fyrir einlægni og hispursleysi.

Nú er bókin við það að lifna við á Stóra sviði Þjóðleikhússins í leikgerð og leikstjórn Unnar Aspar og í síðustu viku sat Héðinn í fyrsta sinn andspænis sjálfum sér á leiksviðinu, úti í sal sem áhorfandi.

Það er Björn Thors sem heldur uppi einleiknum Vertu Úlfur og var eiginkona hans og sjálfur leikstjórinn, fullviss um að Héðinn færi fram á lögbann á sýninguna eftir þessa „frumsýningu." Um er að ræða gríðarlega persónulega sögu, sem ekki aðeins er unnin upp úr bókinni heldur einnig dagbókarfærslum Héðins, samtölum hans og leikstjórans, fyrirlestrum og smásögu.

Óttaðist að hann fengi lögbann

„Fyrir mig og listræna aðstandendur sýningarinnar var aðalfrumsýningin að fá Héðin í salinn. Hann hafði verið alveg fyrir utan æfingaferlið og var loks mættur. Ég sat fyrir aftan hann og sá að hann gat í upphafi ekki horft. Ég var farin að ímynda mér að hann myndi fá lögbann á sýninguna og ég hafði útbúið ræðu í huganum um að þetta væri sjálfstætt listaverk og svo framvegis," segir Unnur og hlær. „Það var því gríðarlegt spennufall þegar hann svo lagði blessun sína yfir sýninguna."

„Það eru í raun aðeins tvær setningar í sýningunni sem ég kannast ekki við að hafa sagt sjálfur. Svo hjó ég eftir því hvað mamma var sagt oft. Ef það hefði verið sagt oftar en sex sinnum hefði ég stoppað það," segir Héðinn. „Tenging mín við hana er sú sterkasta sem ég hef átt á þessum 50 árum sem ég hef lifað og fannst erfitt að orðið væri sagt of oft," segir Héðinn, en móðir hans er fallin frá.

Unnur bætir við: „Með móðurtengingunni er ég að reyna að færa áhorfendur nær kviku persónunnar. Texti Héðins er brjálæðislega leikbær og það segir mikið um hann sem skáld að orðin og setningarnar eru svo vel mótaðar og það auðveldaði Björssa mikið að fara inn í ákveðnar aðstæður og tilfinningar."

Man maníuna í smáatriðum

Í bókinni og nú verkinu er fjallað um maníu sem Héðinn upplifði árið 2008, aðdraganda hennar og eftirköst og er eftirtektarvert í hvers lags smáatriðum hann lýsir líðan sinni og upplifun.

„Í þessu oflæti og þunglyndi árin 2008-2009 gerist svolítið sérstakt, ég man öll smáatriði svo vel. Ég hafði alls farið í fjórar svona sveiflur áður, árin 1992 og 1994," útskýrir Héðinn en hefur ekki sömu sögu að segja í þeim tilfellum. „Þarna man ég alla maníuna. Í reiði minni eftir nauðungarvistun og ofbeldi fer ég svo að skrifa þetta allt niður. Ég byrjaði í þriðju persónu, því það var auðveldara að byrja aðeins fjær, en svo færi ég mig innar. Þegar ég skrifa sé ég þetta fyrir mér myndrænt og úr verður þessi samfella sem grundvallast öll á því að muna þessa upplifun, þessa alternatífu túlkun á raunveruleikanum."

Unnur segir ýmislegt fleira hafa ratað inn í verkið en bókina sjálfa. „Hann sýnir þvílíkt örlæti og traust með því að hleypa mér í dagbækur sínar frá geðdeild, auk þess sem ég hef aðgang að fyrirlestrum og skrifum hans sem eru opinber. Mitt hlutverk var að finna leið fyrir leiksviðið og hleypa okkur inn í ferðalag persónunnar. Finna baráttu hennar, að hún sé á allt öðrum stað í lok ferðarinnar en í upphafi og leyfa okkur að tengjast persónunni, ekki síst tilfinningalega. Öll rannsóknarvinnan og samtalið við Héðin skilar sér inn í sýninguna á einn eða annan hátt. Í raun stígum við inn í hugarheim Héðins Unnsteinssonar þar sem við erum að vinna með frumefnin fjögur."

> ÉG HEF PERSÓNULEGA EKKI REYNSLU AF GEÐHVÖRFUM, EN ÉG HEF REYNSLU AF ÁTÖKUM OG ÁFÖLLUM OG BARÁTTUNNI VIÐ ÞAÐ AÐ VERA MANNESKJA.
>
> Unnur

„Manía er auðvitað ekkert nema of mikill eldur og of lítil jörð. Of mikið loft og ekkert vatn!" segir Héðinn ákveðinn og uppsker hlátur Unnar.

Saga um mennskuróf

Titillinn Vertu úlfur er vísun í bók frá átjándu öld. „Mér var bent á franska bók um varúlfa frá 1890. Hún geymir frásagnir um hamskipti og fólk sem er ekki talið hæft til að búa í samfélagi manna og er sent út í skóg til að vera með úlfunum: Vertu úlfur!" útskýrir Héðinn.

Verkið verður frumsýnt næstu helgi á Stóra sviðinu en það var ekki upphaflega planið að sýna einleikinn þar. „Nú í árferði óvissu og í skrítnum kringumstæðum erum við að fara að frumsýna fyrr en áætlað var og á stærra sviði. Í takti við heimsbyggðina er allt á hvolfi hjá okkur og var þetta sannarlega áskorun fyrir listræna teymið, sem þurfti að endurhugsa allt konseptið. En ég hikaði ekki enda á inntak verksins sannarlega erindi þessa dagana," segir Unnur.

Héðinn: „Mér finnst þessi sýning vera um mennsku. Rennslið sló mig í þá átt. Þarna er maður sem fær að reyna það að fara út á ystu mörk skynsviðs síns og upplifa hluti sem kannski flestir upplifa ekki, taka hamskiptum. En hann er alltaf á einhverju mennskurófi og því er erindið sammannlegt."

Unnur: „Ég er algjörlega sammála, en það sem heillaði mig við bókina var að mér fannst hún á einhvern undarlegan hátt fjalla um



Þú toppar. Með Akta.


Sjóður í stýringu Akta færði fjárfestum sínum hæstu ávöxtun allra sjóða á Íslandi árið 2020

auk þess sem sjóðir Akta skiluðu hæstu þriggja ára ávöxtun í eftirfarandi flokkum:*

Innlend hlutabréf
Akta Stokkur: hæstur allra 2020

Ávöxtun 2020: 54,1%


*Árleg nafnávöxtun***



Blandaðir sjóðir
Akta Alviðra

Ávöxtun 2020: 21,6%


*Árleg nafnávöxtun***



Innlend skuldabréf
Akta VaxtaTækifæri

Ávöxtun 2020: 9,9%

*Árleg nafnávöxtun***



** Samkvæmt Keldan.is m.v. 31.12.2020 **Nafnávöxtun að teknu tilliti til þóknana sjóða m.v. 31.12. hvers árs*

Fjárfestingu í fjármálagerningum fylgir ávallt fjárhagsleg áhætta, þ.m.t. tap á höfuðstól og að ávöxtun verði ekki jákvæð. Athugið að ávöxtunartölur vísa til fortíðar. Ávöxtun í fortíð gefur ekki vísbendingu um ávöxtun í framtíð. Gengi sjóðanna getur sveiflast umtalsvert. Helstu áhættuþættir sem geta haft áhrif á gengi sjóðanna og virði höfuðstóls eru markaðsáhætta, skuldaraáhætta, gjaldmiðlaáhætta, mótaðilaáhætta og lausafjáráhætta. Í útboðslýsingu og lykilupplýsingum hvers sjóðs er að finna nánari upplýsingar um sjóðina, þ.m.t. um áhættu og fjárfestingarheimildir. Þessar upplýsingar má finna á www.akta.is og eru fjárfestar hvattir til að kynna sér þær. Sjóðirnir sem vísað er til eru fjárfestingarsjóðir skv. lögum nr. 45/2020. Fjárfesting í fjárfestingarsjóði er áhættumeiri en fjárfesting í verðbréfasjóði enda eru heimildir fjárfestingarsjóða rýmri en heimildir verðbréfasjóða. Ávöxtun sjóðanna byggir á gengi þeirra samkvæmt vörsluaðila þeirra, Kviku banka hf. Söguleg ávöxtun byggir á ávöxtun sjóðanna eftir greiðslu allra þóknana og gjalda utan greiðslu gengismunar. Gengismunur er að hámarki 1,0%. Auglýsing þessi er aðeins til upplýsinga og byggir á upplýsingum af vefsíðunni www.keldan.is frá 31. desember 2020. Hana skal ekki túlka sem ráðgjöf af neinu tagi. Fjárfestum er ráðlagt að leita sér sérfræðiráðgjafar og kynna sér vel þá fjárfestingarkosti sem í boði eru. Akta sjóðir hf. er sjóðastýringarfyrirtæki sem annast rekstur og stýringu verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir hönd viðskiptavina sinna skv. lögum nr. 128/2011 og 45/2020. Félagið hefur hlotið starfsleyfi sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða og rekstrarfélag verðbréfasjóða skv. lögum nr. 161/2002.

Hugsa stórt. Akta strax. Hafðu samband á sjodir@akta.is | akta.is

AKTA

KONTOR REYKJAVÍK / kontor.is



Þau Unnur og Héðinn eru sammála um að umfjöllunarefni verksins sé mennskan og það eigi einkar vel við í árferði því sem við í dag lifum við. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

mig. Ég hef persónulega ekki reynslu af geðhvörfum, en ég hef reynslu af átökum og áföllum og baráttunni við það að vera manneskja.“

Héðinn: „Hún er kannski lýsing á hugsanaferlum sem við eigum öll sameiginlega. Í þessu tilfelli fara þeir aftur á móti út á jaðar skynseminnar og verða það hraðir í oflætinu að tengslahugsanir taka við. Allt í einu verður bílnúmerið BA 666 að níunda flugi British Airways frá Heathrow því 6 plús 6 eru 12 og 1 plús 2 eru 3 og 3 plús 6 eru 9 og BA getur staðið fyrir British Airways,“ útskýrir Héðinn á sinn eintaka lifandi en meitlaða hátt, þegar hann rifjar upp eitt atriða bókarinnar.

„Þetta eru bara eðlilegir hugsanaferlar en þeir eru híberventileitaðir í oflætinu og verða þannig að einhverju öðru. En grunnurinn byggist á því sem við eigum sameiginlegt, þessari mennsku.

Mér finnst þráðurinn í sýningunni vera mennskuróf, þó það fari auðvitað út fyrir það sem eðlilegt þykir þá er það alltaf forsenda þessara sammannlegu eiginleika. Það að geta hugsað, fundið til og vera manneskja.“

Unnur: „Og þörf okkar fyrir að tilheyra og vera viðurkennd og elskuð.“

Héðinn: „Og hafa hlutverk.“

Unnur: „Mér finnst svo fallegt að Héðinn tileinkar bókina öllum þeim sem hafi einhvern tíma staðið utan hringsins og það leyfi ég mér að fullyrða að við höfum öll gert. Mér finnst það mjög mikilvægt því í okkar menningu er tilfinningin gagnvart geðröskunum oft: „við og hinir.“ Það sem kallaði á mig í bók Héðins er að þetta erum við öll. Okkur líður öllum einhvern tíma mjög illa. Svo er það spurningin um þessi mörk, hvenær við erum orðin veik.“

Héðinn: „Hvenær verður vanlíðan að þjáningu og hvenær verður þjáning að röskun eða fráviki? En hugmyndin „utan hringsins“ er fengin beint upp úr kvæði Steins Steinarrs sem heitir Utan hringsins, þó að það ljóð hafi skírskotun í rómantíska höfnun,“ útskýrir Héðinn og fer með ljóðið:

Ég geng í hring
í kringum allt sem er.
Og innan þess hrings
er veröld þín.
Minn skuggi féll um stund
á gluggans gler.
Ég geng í hring
í kringum allt, sem er
Og utan þess hrings
er veröld mín.

„Þetta er svo sterk myndlíking. Hvenær stendurðu utan hringsins og er hringurinn nú orðinn svo þröngur að það er nánast ekkert eftir í honum? Það eru allir með einhverjar raskanir og standa þannig utan hringsins.“

Öll einhvern veginn á skjön

Unnur: „Við erum öll orðin einhvern veginn á skjön. Mér finnst alvarlegt hversu viðurkennt það er að fólk sé á lyfjum. Það er eðlilegur hluti af lífinu að upplifa kvíða, í honum felst líka sköpun og kraftur. En það er eins og unga kynslóðin að einhverju leyti hallist að því að það sé eitthvað að ef þau eru kvíðin, því við erum farin að ofgreina allt. Margt er gott við greiningaþróunina en annað er varhugavert.“

Héðinn: „Á 140 árum er búið að búa til huglæga narratífu sem keyrð er áfram á 850 milljörðum Bandaríkjadala á hverju ári, sjúkdómakerfinu. Er eðlilegt að sorg sé flokkuð sem geðröskun? Eða feimni? Þessir normal varíantar mannlegra tilfinninga eru hver á fætur öðrum að verða að röskun. Þetta er erfitt við að eiga, enda ekki hægt að sýna fram á þessar raskanir með blóðprufum. Þetta er alltaf huglægt mat eins aðila á huglægu ástandi annars.“

Héðinn heldur áfram: „Rannsókn sem kom út á dögunum sýnir að 34,4 prósent grunnskóladrengja geta ekki lesið sér til gagns og að ellefu prósent drengja, undir átján ára, hér á landi eru á ADHD lyfjum, þegar það eru tvö til fjögur prósent á Norðurlöndunum. Það er jafnframt öfugur hvati að jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiði skólum meira eftir því hversu margir í árgangi eru með greiningar. Það er undarlegt að við sem menn séum farin að skilgreina okkur frekar út frá röskunum okkar og frávikum, frekar en styrkleikum okkar og getu. Það eru mikið minni peningar í heilbrigði en í veikindum.“

Kerfi keyrt áfram á greiningum

Héðinn hefur um árabil starfað á sviði geðheilbrigðismála, sem sérfræðingur í heilbrigðisráðuneytinu, hjá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni og sem formaður Geðhjálpar, auk þess sem hann hefur kennt, haldið fyrirlestra og skrifað fjölda greina um málefnið. Hann hefur barist fyrir umbótum í geðheilbrigðismálum og ekki síst að opna á umræðuna um hvort við séum á réttri leið í greiningum og meðhöndlun.

MANÍA ER AUÐVITAÐ EKKERT NEMA OF MIKILL ELDUR OG OF LÍTIL JÖRÐ. OF MIKIÐ LOFT OG EKKERT VATN!

Héðinn

„Þegar ég var að vinna hjá Alþjóðaheilbrigðisstofnun fékk ég nóg þegar ég upplifði hvernig kerfið er um of keyrt áfram á þessum greiningum og frekar á vangetu einstaklinga en styrkleikum,“ segir hann ákveðinn.

„Þetta er líka samfélagslegur vandi. Ef við teljum eitthvað vera að okkur þá viljum við lausn strax. Lausnin er ekki í pillu heldur þarf að vinna í svefni, næringu, hreyfingu og fleiru til að umbylta lundarfari, það er ekki svo einfalt að það sé gert með pillu. Lyf eru til margra góðra hluta nytsamleg, en ekki eina svarið.“

Héðinn bendir á að þróun í geðheilbrigðismálum hafi verið of lítil. „Á 110 ára sögu Nóbelsverðlaunanna hefur geðlæknisfræði, sem er um það bil 30 prósent af umfangi læknavísindanna, tvisvar fengið verðlaunin. Síðast var það árið 1949 og þá fyrir framheilanám. Erum við mikið að stunda það í dag að stinga sjö sentimetra ísnál upp undir augun til að skemma framheilann? Nei. Þetta er allt saman góð viðleitni, en við höfum gengið of langt í sjúkdómavæðingu.“

Hvenær verður vanlíðan röskun

Héðinn samsinnir því að við óttumst það að líða illa. „Það getur margt jákvætt sprottið upp úr vanlíðan. En eins og sýningin kemur inn á þurfum við að spyrja okkur, hvenær vanlíðanin er orðin það mikil að hún verður að þjáningu eða röskun. Hversu illa þarf þér að líða til að þú sért orðinn veikur? Þegar þú ert líkamlega veikur er hægt að sýna fram á það með hlutlægum hætti.“

Héðinn bendir á að þegar komi að geðinu sé alltaf um huglægt mat að ræða, hann setur spurningarmerki við kerfið sem stuðst er við og tekur sem dæmi greiningu á þunglyndi.

„Þú þarft að búa við fimm einkenni þunglyndis í þrjá mánuði til að greinast þunglyndur samkvæmt greiningarkerfinu. Af hverju ekki fjögur einkenni í tvo? Eða tíu í átta? Þetta eru ekki hlutlæg fyrirbrigði heldur narratíva sem okkur hefur verið seld. Hún er góð viðleitni og gagnleg upp að vissu marki, en mörgum finnst hún hafa farið of langt og þá veltir maður fyrir sér forsendunum. Ég sé aðallega þessar stóru forsendur sem eru 850 milljarðar Bandaríkjadala í veltu á hverju ári. Hundrað og tíföld fjárlög íslenska ríkisins.“

Unnur: „Það sem er magnað við Héðinn er að hann situr beggja megin borðsins. Hann býr bæði að þessari lífsreynslu, að fara í gegnum upp- og niðursveiflu geðhvarfanna og svo þessari gríðarlegu yfirsýn um geðheilbrigðismál. Hann hefur ferðast um allan heim, beitt sér í málaflokknum og jafnvel haft áhrif á lagabreytingar varðandi sjálfræðissviptingu og annað. Við leikarar erum alltaf að leita að því að túlka togstreitu og drama, og ef þetta er ekki það þá veit ég ekki hvað.“

Það má enginn vera öðruvísi

Talið berst að fordómum sem lengi hafa verið viðloðandi geðræna kvilla og segist Héðinn ekki hafa farið varhluta af þeim, enda rödd hans verið hávær í umræðunni.

„Segjum sem svo að ég lifi í 80 ár og tíu prósent tímans sé ég með virka geðröskun. Níutíu prósent ævinnar er ég í svokölluðu normi, sem við vitum þó ekkert hvað er. Samt sem áður bý ég við þann möguleika alla ævina að dómgreind mín og skoðanir geta verið dregnar í efa á þeim forsendum.

Þannig tekur fólk áhættu með því að opinbera sig um geðrænar áskoranir, því þannig getur staða þess í samfélaginu gerbreyst. Það má enginn vera öðruvísi og ef þú ætlar að vera öðruvísi þá er eins gott að þú gerir það bara á leikhússviðinu. Þar máttu það, því þar geta aðrir hlegið og klappað.“

Unnur: „Ég mætti mínum eigin fordómum í ferlinu og hann sínum. Í verkinu erum við mikið að fjalla um það hvað við erum í raun öll uppfull af fordómum. Ég á til að mynda fatlaða dóttur sem er með fordóma gagnvart öðrum fötluðum börnum. Við erum öll með þessa filtera, að um leið og eitthvað er öðruvísi er það óþægilegt.“

Lokaði augunum í upphafi

Nú styttist í frumsýningu eftir heilt ár af undirbúningsvinnu og er ekki annað að heyra en aðstandendur séu sáttir við afraksturinn.

Héðinn: „Ég er stjórnsamur að eðlisfari en þar sem ég er kominn á miðjan aldur reyni ég að sleppa tökunum. Ég held ég hafi látið Unni hafa um fjörutíu bækur, greinar myndir og fleira á meðan á hennar vinnu stóð. En ég er um það bil að sleppa tökunum á þessu,“ segir hann og hlær, en bætir svo við að hann hafi sent henni langan póst eftir rennslið. „Það var mjög sérstakt að sitja úti í sal og horfa á tuttugu ár ævi sinnar. Ég gat ekki horft fyrstu tíu til fimmtán mínúturnar og lokaði bara augunum. En ég var bæði uppnuminn og hrifinn.“

Unnur: „Ég tók ákvörðun um að vera í mjög miklu samtali við Héðinn við vinnslu leikgerðarinnar, en það hefði verið hægt að gera þetta öðruvísi. En hafandi hitt hann, vissi ég að hann væri þvílíkur brunnur visku og það er ekki hægt að segja að hann hafi haft lítið fram að færa. Svo við stigum þann dans í marga mánuði og á endanum held ég að allar tilfinningarnar sem ég upplifði gagnvart Héðni birtist í sýningunni, og það var allur tilfinningaskalinn. Það er mín von að áhorfendur fari í gegnum sama tilfinningarússíbana.“

Héðinn: Ég er búinn að segja þessa sögu hátt í þúsund sinnum. Það var því aldrei neinn vafi í mínum huga að gera þetta með Unni, en ég sleppti ekki tökunum strax. En þetta hefur farið frábæra leið og ég er yfir mig hrifinn af útkomunni.

Grunnstefið er alltaf: Ég er eins og þið. Þetta er bara mantran að sannfæra fólk um að maður sé eins og allir aðrir, þrátt fyrir að mannflóran nærist ávallt best á fjölbreytni.



TRYGGÐU ÞÉR SÆTI Á FREMSTA BEKK

LEIKSTJÓRN OG FRAMLEIÐSLA
SKAPANDI TÆKNI
HANDRIT OG LEIKSTJÓRN
LEIKLIST

Hjá **Kvikmyndaskólanum** er alltaf opið fyrir inntöku, alla daga ársins. Niðurstöður úr umsóknarferli liggja fyrir í mesta lagi 40 dögum eftir að umsókn berst.

Við erum að taka inn nýnema á vormisseri sem hefst **21. janúar**, enn eru örfá sæti laus, og á haustmisseri sem hefst **20. ágúst**. **Skráðu þig og skapaðu þér spennandi framtíð í ört vaxandi fagi.**

KVIKMYNDASKÓLI ÍSLANDS

kvikmyndaskoli.is



Rafmögnuð hönnun.
Frábær bíll verður enn betri.

Byltingin er hafin. Nýr Tucson er ekki bara einföld uppfærsla heldur er búið að bylta allri hönnuninni með þremur gerðum rafdrifinna aflrása. Markmiðið er minni losun og meiri akstursánægja.

Skoðaðu nýjan Tucson á hyundai.is.

7 ÁRA ÁBYRGÐ
FRAMTÍÐIN ER ÖRUGG

Hyundai býður eina víðtækustu ábyrgð sem til er. Ábyrgð á öllum Hyundai bílum er sjö ár/150.000 km akstur, hvort sem kemur á undan. Kynntu þér sjö ára ábyrgð á hyundai.is.



ENNEMM / SÍA / NM003822

Heimsending á reynsluakstri

Pantaðu tíma hjá okkur
í síma **575 1200** eða á **www.hyundai.is,**
við komum með TUCSON, sótthreinan
og fínan, og sækjum hann svo aftur til þín.

HYUNDAI

Opið í dag frá 12–16

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

Lýsa áreitni Jóns Baldvins

Þrjár konur segja frá áreitni af hendi Jóns Baldvins Hannibalssonar, fyrrverandi ráðherra og sendiherra. **Ragna Björg Björnsdóttir**, **Sigurbjörg Jónsdóttir** og **Elísabet Sif Helgadóttir** stíga fram í fyrsta skipti undir nafni, til að svara fullyrðingum Jóns Baldvins um að frásagnir þeirra séu uppspuni.

Ingunn Lára Kristjánsdóttir
ingunnlara@frettabladid.is



Jón Baldvin gerði alltaf það sem honum sýndist og fólk lét allt eftir honum," segir Ragna Björg, 72 ára gömul húsfreyja í Hafnarfirði, sem starfaði í Ráðherrabústaðnum árið 1996.

Ragna hefur lifað tímana tvenna og kynnst mönnum sem hafa brotið á henni. Hún talar hispurslaust og dregur ekki dul á skoðun sína um valdamikla menn, sem henni finnst komast upp með hvað sem er.

Hún segist á sínum tíma hafa séð marga menn í virðingarstöðum láta eins og vitleysinga í glasi. Ragna lýsir einu skipti þegar hún vann langt fram á nótt í eldhúsinu í Ráðherrabústaðnum þar sem hún segir Jón Baldvin hafa beitt hana kynferðislegu ofbeldi.

„Við vorum bara þrjú eftir af starfsliðinu, ég, yfirmaður minn og sextán ára stúlka sem var að aðstoða mig, enda vorum við ekki vön að vinna svona langt fram eftir. Þetta var mjög seint og ég var að klára að ganga frá í eldhúsinu þegar ég heyrði rosaleg læti frammi. Ég man að við vorum með átján þúsund króna koníaksglös sem lágu þarna á gólfinu brotin. Ef þetta hefði verið einhver Jón úti í bæ þá hefði maðurinn verið kærður fyrir skemmdarverk," segir Ragna.

Vissulega, segir Ragna, hafi Jón verið þarna að verki, en það var enginn Jón úti í bæ heldur fyrrverandi utanríkisráðherrann, Jón Baldvin Hannibalsson. „Þarna var hann að brjóta allt og bramla, þessi heldri maður. Allt í einu þeysist hann inn í eldhús og galar: Mig vantar kvenmann! Hann rýkur á mig, kemur aftan að mér, grípur utan um mig og klípur í brjóstin á mér. Ég gat ekkert losnað frá honum," segir Ragna.

Nú mörgum árum síðar hugsar hún enn um þetta atvik. Hún segist áður hafa unnið á karlastöðum, þar sem hún var oft eina konan, en aldrei lent í neinu þessu líku. „Ég var ekki í þessari vinnu til að láta áreita mig svona. Bara alls ekki. Ég man að ég gargaði á hann: Farðu, karlandskoti!"

Yfirmaður Rögnu, Elías Einarsson, skarst þá í leikinn og náði að slíta Jón Baldvin frá Rögnu. „Þá ætlaði hann að rjúka á þessu ungu stúlku sem var að aðstoða mig. Þá kallar yfirmaður minn: Láttu hana vera, hún er bara þrettán ára. Hann sagði þetta til að stöðva hann," útskýrir Ragna.

Í framhaldi ætlaði yfirmaðurinn að skutla Jóni Baldvini heim, en hann neitaði að yfirgefa Ráðherrabústaðinn án stúlkunnar. Ragna segist hafa séð þau fara öll saman í bílinn.

„Mér fannst þetta svo ógeðslegt og mér brá svo ofboðslega. Mér leið eins og ég væri stödd í einhverri vitfirringaveröld. Þetta var bara þvílíkur viðbjóður og ég hef aldrei getað horft á hann aftur í sjónvarpi."

Jón Baldvin hefur áður svarað fyrir þessa sögu, þegar hún birtist nafnlaust á Facebook, á bloggsíðunni MeToo Jón Baldvin og í fjölmiðlum. Sagðist hann ekki hafa verið gestur í Ráðherrabústaðnum á þessum tíma, árið 1996, og að veisluþjónusta ríkisins geti sýnt fram á það.

Elías Einarsson undirritaði yfirlýsingu sem „veisluhöldur ríkisins" þar sem hann fullyrti að frásögnin gæti ekki staðist þar sem Jón Baldvin hafi ekki verið skráður sem veislugestur á þeim tíma. Aðspurð segir Ragna að enginn slíkur gestalisti sé til. Hún telji að það hafi ekki verið haldið utan um hverjir kæmu inn og út úr Ráðherrabústaðnum. Fólk hafi komið og farið eins og það vildi, sérstaklega í samkvæmum. Elías var einnig yfirmaður Rögnu og ungrar stúlku sem ræðir einnig við Fréttablaðið um meint atvik. Ef marka má frásagnir þeirra, þá var hann sjálfur á staðnum þegar Jón Baldvin á að hafa veist að Rögnu og gripið utan um brjóstin á henni.



Ragna B. Björnsdóttir, 72 ára húsfreyja og fyrrverandi matráðskona í Ráðherrabústaðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Ragna Björg var á framboðslista Kvennalistans á tíunda áratugnum. MYND/AÐSEND

Ragna segist vera vonsvikin út í þá sem afneita frásögnum þolenda Jóns Baldvins. Kolfinna Baldvinsdóttir, dóttir Jóns Baldvins, birti skoðanagrein á Vísi í nóvember þar sem hún sagði söguna úr Ráðherrabústaðnum vera uppspuna frá rótum. Jón Baldvin skrifaði á bloggsíðu sinni að Aldís Schram, önnur dóttir hans, væri höfundur þessarar sögu. Ragna segist vilja svara fyrir þessar ásakanir með því að koma fram.

„Konur sem segja frá eru geðveikar. Það er syndrómið í þessum mönnum, þeir geta ekkert annað en kallað konur geðveikar sem dirfast að stíga fram. Þetta er sagan endalausa og konur eru orðnar svo þreyttar á því að þurfa að svara lygum geranda sinna. Fólk lætur eins og MeToo sé bara búið. Það er ekkert búið."

Stúlkan í Ráðherrabústaðnum staðfestir söguna

Veisluhöldur ríkisins fullyrti einnig að enginn undir lögaldri hefði starfað í Ráðherrabústaðnum árið 1996.

> FÓLK LÆTUR EINS OG ME TOO SÉ BARA BÚIÐ. ÞAÐ ER EKKERT BÚIÐ.
>
> Ragna Björg Björnsdóttir

Fréttablaðið hafði uppi á Elísabetu Sif Helgadóttur, ungu stúlkunni í sögunni. Aðspurð um kvöldið segist hún muna vel eftir því, en hún var sextán ára þegar hún vann í Ráðherrabústaðnum. Hún staðfestir frásögn Rögnu um að Jón Baldvin hafi veist að henni og gripið utan um hana. Segir hún ekkert frekar hafa gerst milli sín og Jóns Baldvins.

„Yfirmaðurinn sá til þess að hann náði ekkert til mín," segir Elísabet og bætir við að henni hafi þótt Jón Baldvin ruddalegur.

Af hverju situr þú ekki við þetta borð? Er þessi stóll ekki fyrir þig?

Sigurbjörg Jónsdóttir hefur starfað í 20 ár sem stuðningsfulltrúi í grunnskóla og segist elska að sjá börn blómstra og þroskast. Hún lýsir því hvernig hún varð fyrir áreitni á grunnskólaaldri af hendi Jóns Baldvins, sem var þá enskukennari hennar í Hagaskóla.

Sigurbjörg minnist þess þegar hann bað hana um að koma í aukatíma sama dag og jólafríið hófst, veturinn sem hún var fimmtán ára. Hún hafi orðið mjög hissa en fylgdi þó fyrirmælum hans og mætti í aukatímann. Það var kalt úti en ekki byrjað að snjóa. Sigurbjörg gekk ein um skólagangana og kom að kennslustofunni þar sem hún sá tvo stóla og tvö borð og gerði ráð fyrir að annað væri fyrir hana og hitt fyrir hann.

„Ég sest bara niður og ætla að hefjast handa við að læra. Hann stóð við gluggann og horfði út. Eftir nokkra stund gengur hann svo að mér og sest fyrir aftan mig, þannig að ég þrýstist alveg upp við borðið," segir Sigurbjörg. Henni brá og reyndi að brjóta heilann um hvað hún ætti að gera næst. Segist hún þá hafa fundið fyrir hreyfingum frá honum upp við bakið á sér.

„Hann sat þétt upp við mig og ég fann fyrir aftan mig að hann var harður og eitthvað var að gerast." Hún ýtti frá sér borðinu af öllum krafti og stóð upp og benti á kennaraborðið.

„Þá spurði ég hann: Af hverju situr þú ekki við þetta borð Er þessi stóll

NÓI SÍRÍUS

BESTA NÝJA NAMMIÐ!*



VÖRAR

*Samkvæmt könnun Nammitips! á Facebook í janúar 2021.

ekki fyrir þig?“ Þá hafi hann horft á hana og sagt að tíminn væri búinn og ætlaði þá Sigurbjörg að yfirgefa kennslustofuna. „Þá fer hann fram fyrir mig og grípur kápuna mína. Hann heldur á henni til þess að klæða mig í hana, svo var hann heillengi að dúlla sér við að hneppa henni upp. Ég var líka með derhúfu sem hann setti á höfuðið á mér og lagaði. Hann horfði á mig og sagði mér að skemmta mér höflega í fríinu. Svo bætti hann við að hann ætlaði að kalla á mig í annan aukatíma.“

Sigurbjörg yfirgaf kennslustofuna og gekk út úr skólabyggingunni. „Ég átta mig á því að við vorum ein í byggingunni. Ég heyrði engar raddir og sá engan. Svo gekk ég út í heiðskíran daginn. Ég man svo vel að það var fallegur og bjartur desemberdagur og ég gleymi því aldrei hvað ég var fegin að fá allt súrefnið sem ég gat tekið inn, því ég var algjörlega búin. Ég var bara að niðurlotum komin þarna með honum. Ég tók andann djúpt og gekk áfram og þorði ekki að líta aftur fyrir mig. Mig langaði ekki að vita hvort hann stæði úti í glugga að góna eða hvort hann væri að fara eftir mér. Ég gekk bara mínum skrefum alla leið heim, henti frá mér töskunni og sagði við mömmu: Veistu mamma, ég er komin í jólafrí og ef Jón Baldvin hringir og segir mér að koma í aukatíma, þá fer ég ekki. Segðu að ég sé komin í jólafrí og að þú megir ekki missa mig. Svo í fríinu, alltaf þegar síminn hringdi, þá fékk ég hnút í magann. Ég hleraði allt til þess að vita hvað mamma myndi segja í símann.“

Var bara fimmtán ára

Milli jóla og nýárs fór Sigurbjörg í Árbæinn til að heimsækja skólasystur sína og til að heilsa upp á annan enskukennara. Hún ætlaði að taka málin í eigin hendur.

„Skólasystir mín bjó í Árbænum í einni blokkinni og ég vissi af öðrum enskukennara sem bjó í sömu blokk. Hann var kennari í Hagaskóla á þessum tíma og því fannst mér upplagt að ræða við hann. Ég gerði mér eina ferð þangað á milli jóla og nýárs, ýtti á bjölluna hjá honum og spurði hvort ég mætti koma upp að spjalla við hann. Hann hleypti mér inn og þá spurði ég hvort hann vildi koma að kenna mér ensku þegar skólinn byrjaði aftur. Hann samþykkir það og það var mikill léttir.“

Svo byrjaði skólinn aftur á nýju ári. „Jón Baldvin kom labbandi að mér og sagði: Nú kemur þú upp til mín í dag. Ég sneri mér að honum og sagði: Nei, ég kem ekki til þín, ég er hætt hjá þér. Nú, spurði hann. Já, svaraði ég. Þú veist hvers vegna. Ég er byrjuð hjá öðrum kennara.“

Sigurbjörg segir að þó hún hafi verið ung hafi hún vitað að þetta væri ekki eðlilegt. „Ég var bara fimmtán ára og þegar ég hugsa til baka þá er ég svo ánægð með hvað ég var ákveðin.“

Tveimur árum seinna þegar Sigurbjörg var í Húsmæðraskólanum, var hún minnt á atvikið í aukatímanum af skólasystur sinni úr Hagaskóla.

„Þá kemur hún til mín og spyr: Varst þú einhvern tímann með Jóni Baldvini? Þá átti hún við hvort ég hefði verið í sambandi með honum. Ég bara nei, ég var aldrei með honum.“

Þá hafði saumaklúbburinn verið að spjalla um tímana í Hagaskóla og nafn Sigurbjargar borist í tal. „Ég hugsaði bara, vá var þetta svona augljóst? Hvernig hann var í kringum mig?“

Sigurbjörg segir að þegar hún líti til baka þá sé þetta atvik sem gerðist inni í skólastofunni ekki einangrað tilvik, þó það hafi verið það grófasta. Hann hafi sýnt henni óvenjumikinn áhuga, sem gæti talist óviðeigandi af kennara.

„Þegar ég fór út í frímínútur þá átti hann til að bíða við dyrnar og spurði oft hvort ég vildi ekki spjalla við hann. Þá löbbuðu bekkjarfélagarnir mínir fram hjá og blístruðu, gáfu þannig í skyn að það væri eitthvað á milli okkar. Mér leið ekkert vel. Ég hélt alltaf að hann vildi tala um námið en það var aldrei þannig, hann vildi frekar hrósa útlitinu mínu, hversu flott ég væri og hvað kjóllinn væri rosalega flottur á mér. Þá spurði ég hvort hann vildi virkilega bara tala um þetta og hann svaraði játandi. Þá fór ég í burtu frá honum og út í frímínútur.“

Hún segir að Jón Baldvin hafi angað af áfengi þegar hann kenndi á laugardagsmorgnum. „Þá kom hann alveg upp að mér og hvíslaði að mér: Hvar varst þú í gærkveldi? Varstu að skemmta þér? Mér fannst hann bara vera einhver kall og það var ógeðslegt að fá svona athygli frá honum. Maður hafði heyrt alls konar sögur um hann en maður trúði því aldrei.“

Sigurbjörg segist ánægð með sjálfa sig og að hún fái stuðning frá systrum sínum, tengdadætrum og manni sínum. „Þó að það séu mörg ár síðan að þetta gerðist þá er þetta landsþekktur maður og þetta rifjast upp í hvert sinn sem maður sér hann.“

Frásögnum hennar og Rögnu svipar til annarra sem hefur verið deilt á MeToo síðu um Jón Baldvin, þar sem meðal annars fyrrverandi nemendur hans lýsa svipaðri reynslu. Konur sem halda úti Facebook hópnum #metoo Jón Baldvin Hannibalsson, birtu í fyrra 23 nafnlausar frásagnir frá jafnmörgum konum á sérstakri bloggsíðu. Þær gerast á 60 ára tímabili og lýsa meintri kynferðislegri áreitni Jóns Baldvins.

Í dag hafa fleiri frásagnir bæst í hópinn sem enn á eftir að birta og eru þær alls 45 samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Hingað til hafa sjö konur stigið fram undir nafni og deilt sögum sínum en nú þegar að Ragna og Sigurbjörg greina frá sínum sögum eru þær orðnar níu.

Í byrjun janúar á þessu ári var ákæru á hendur Jóni Baldvini vísað frá. Var meint kynferðisleg áreitni gegn Carmen Jóhannsdóttur ekki talin falla undir brot sem lýst er í spænsku ákvæði um kynferðislega misnotkun sem vísað var til í ákærunni, en brotavettvangur var á Spáni samkvæmt ákæru. Héraðssaksóknari hyggst kæra frávísun á máli Jóns Baldvins Hannibalssonar til Landsréttar.

Aldís Schram, dóttir Jóns Baldvins, hefur sakað föður sinn um kynferðislega áreitni. Hún var nauðungarvistuð á geðdeild og greind með geðhvarfasýki. Jón Baldvin hefur sagt að frásagnir kvennanna eigi rætur að rekja til Aldísar, málið sé „fjölskylduharmleikur“ og að Aldís hafi átt við geðræn vandamál að stríða. Hún hefur síðan þá sagst hafa fengið staðfestingu frá öðrum geðlækni um að hún hafi verið ranglega greind en að hún sé með áfallastreituröskun. Eins hefur Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, sagt upphaflegt mat geðlækna sem nauðungarvistuðu Aldísi, „ekki hafið yfir allan vafa“.

Sigurbjörg segist hafa fylgst með máli Aldísar og vilji sýna henni stuðning með því að deila sögu sinni.

„Það er hræðilegt að sjá hann mála dóttur sína sem geðveika. Ég vil segja mína sögu til að styðja við Aldísi. Hún verður að fá sitt réttlæti. Ég hef engan hefndarþorsta gagnvart Jóni Baldvini, ekki lengur, því ég sé hann sem sjúkling, bæði hann og konu hans. Ég held að hann átti sig ekki á því að það sem hann gerði var rangt og það segir manni að þau þurfi bæði á hjálp að halda. Í fullkomnum heimi myndi hann biðjast afsökunar en hann mun held ég aldrei gera það.“



Þær Ragna og Elísabet störfuðu við veisluhöld í Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Sigurbjörg, ávallt kölluð Begga, segist hafa fengið stuðning frá systrum sínum, tengdadætrum og manni sínum eftir atvikið í Hagaskóla. MYND/ANDREW MILLER



Jón Baldvin Hannibalsson 1996. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR SIGURÐSSON



Sigurbjörg árið 1967 eftir að hún tók Landspróf í Hagaskóla. Sama ár og hún segir Jón Baldvin hafa áreitt sig kynferðislega. MYND/BRAGI GUÐMUNDSSON

Viðbrögð Jóns Baldvins

Jón Baldvin fékk eftirfarandi spurningar í tölvupósti frá blaðamanni Fréttablaðsins við vinnslu greinarinnar:

- Mættir þú í ráðherrabústaðinn árið 1996, árið sem þú lést af formennsku þinni í Alþýðuflokknum?
- Varst þú gestur í samkvæmi í Ráðherrabústaðnum árið 1996 þar sem þú veittist að og greipst utan um brjóstin á Rögnu B. Björnsdóttur matráðskonu?
- Skutlaði Elías Einarsson, starfsmaður Ráðherrabústaðarins, þér heim eftir umrætt samkvæmi?
- Baðst þú Elías um að undirrita vottorð um að þú hafir ekki mætt í Ráðherrabústaðinn þetta ár?
- Kannast þú við fyrrverandi nemenda þinn Sigurbjörgu Jónsdóttur í Hagaskóla? Baðstu hana um að koma í aukatíma til þín í jólafrí fyrir áramótin 1966/1967? Áreittir þú hana kynferðislega í umræddum aukatíma?

Svar Jóns Baldvins: Ég hef svarað öllum þessum spurningum áður opinberlega. Svörin er að finna í viðhengi "Sannleikurinn fyrsta fórnarlambið" og á vefsíðu minni "Söguburður" https://jbh.is/?p=1501

Í viðhengi tölvupósts frá Jóni Baldvini er fjögurra blaðsíðna skjal þar sem hann svarar fyrir 12 sögur sem birst höfðu. Hefst skjalið á eftirfarandi orðum: „Hópur kvenna hefur sem kunnugt er birt opinberlega frásagnir sínar af samskiptum við mig (og Bryndísi konu mína í níu tilvikum) á undanförnum árum. Sex þeirra taka ábyrgð á orðum sínum með því að vitna undir nafni. Þeim hef ég þegar svarað (sjá www.jbh.is – Vitnaleiðslur).“

Frá blaðamanni Fréttablaðsins: Sæll og takk fyrir skjót svör.

Þessar konur hafa ekki komið fram undir nafni áður. Það breytir ekki svari þínu?

Svar Jóns Baldvins: Nei.

FÓLK

Helgin

LAUGARDAGUR 16. JANÚAR 2021



Draumur rokkarans og húsasmiðsins Loga Más Einarssonar rættist þegar hann á miðjum aldri fór á bassann í Nýríka Nonna. Hann segir tónlist hafna yfir aldur og að rokkið sé hamingjuvaldandi. →4



Rósa Björg er mikil útivistarkona og fer daglega út að ganga með sleðahundana sína. Hún byrjaði að hlaupa árið 2018. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Markmið Rósu er að hlaupa 106 km í júlí

Eftir erfið veikindi reyndi íþróttakennarinn Rósa Björg Karlsdóttir að finna rétta taktinn í átt að bættri heilsu. Á þeirri vegferð komst hún í kynni við Feel Iceland kollagen og segist finna ótrúlega mikinn mun á líðan sinni. →2

Fáðu Fréttablaðið sent rafrænt í morgunsárið



Þú getur skráð þig á frettabladid.is, á Facebook eða bara skannað **QR kóðann**

FRÉTTABLAÐIÐ



Rósa Björg veiktist alvarlega af krabbameini árið 2009. Í dag gengur hún daglega og hleypur. Hún tekur Feel Iceland kollagen og segir að það hjálpi sér mikið, sérstaklega með liði, meltingu, húð, hár og neglur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Framhald af forsíðu

Rósa Björg segist hafa greinst með illvígan sjúkdóm árið 2009. „Ég greindist með krabbamein í ristli, endaþarmi og leghálsi. Í framhaldinu fór ég í erfiðar lyfjameðferðir og er með stóma í kjölfarið. Veikindaferlið tók á og ég hef verið upptekin við að reyna að finna leiðir til að láta mér líða betur. Áður en ég veiktist var ég mikil útivistarkona og hreyfði mig mikið. Var að kenna leikfimi og jóga. Ég þurfti að endurheimta bæði þrek og orku ásamt því að minnka þann skaða sem ég varð fyrir í lyfja- og geislameðferðum auk skurðaðgerða," upplýsir Rósa Björg en hún prófaði sig áfram með alls kyns fæðubótarefni sem virkuðu misvel. Rósa Björg er bæði íþróttakennari og heilsunuddari að mennt.

Áhrifin á meltinguna komu á óvart

„Mér hafði verið bent á alls kyns lausnir í gegnum tíðina en haustið 2018 las ég mér til um áhrif kollagens. Mig langaði að prófa og keypti mér dós af Feel Iceland kollageni. Það varð ekki aftur snúið. Þetta kollagen var komið til að vera í mínu lífi. Ég fann strax gríðarlegan mun á nöglum og hári en líka bætti kollagenið meltinguna mjög mikið sem kom mér á óvart. Ég vissi ekki að kollagenið gæti haft svona góð áhrif á meltinguna. Eftir að hafa tekið kollagen í tvo mánuði var ég farin að finna mikla breytingu á líðan minni og lífsgæði mín jukust umtalsvert. Þegar ég fór á fætur á morgnana var ég verkjuð og stíf í líkamanum. Það breyttist fljótt eftir að ég fór að taka inn kollagen. Ég geng mikið á hverjum degi og var oft með verki eftir göngutúrana en þeir hafa minnkað," útskýrir Rósa Björg.

Mælir með Feel Iceland kollageni fyrir alla

Hreyfingin er mikilvæg fyrir Rósu Björgu. Hún segir að líf sitt hafi farið á pásu í langan tíma á meðan veikindaferlið stóð yfir en síðan hófst uppbygging á líkamlegri getu sem hefur gengið mjög vel því Rósa er farin að hlaupa og stefnir á langt hlaup á þessu ári þótt hún sé orðin 53 ára. Þá er hún einnig með þrjá sleðahunda og þeir þurfa góða hreyfingu á hverjum degi.

Þegar Rósa Björg er spurð hvernig hún taki kollagenduftið frá Feel Iceland, svarar hún: „Ég er nú bara heiðarleg með kollagenið og er ekkert að flækja málin. Set það í vatnsbrúsann minn á morgnana með vatni, hristi og drekk. Ég byrja alla daga á þessu, set tvær skeiðar af kollageni í brúsann. Þessi aðferð hentar mér mjög vel því ég nenni engu veseni á morgnana þótt ég sé morgunkona. Einstöku sinnum geri ég skál í hádeginu með grískri jógúrt, kollageni, chiafræjum, haframjöli og berjum. Ég tek kollagenið einu sinni á dag og það hefur gert mikið fyrir mig. Ég get mælt með þessu fyrir alla, bæði konur og karla. Ég myndi segja að karlar hefðu mikla þörf fyrir þetta því þeir eru oft stirðari en konur. Kollagenið hefur góð áhrif á liðleika og er því mjög gott fyrir allt íþróttafólk eftir stífar og erfiðar æfingar."

Rósa Björg segir að það skipti hana miklu máli að velja íslenskt fæðubótarefni. „Ég vil vita um uppruna efnisins og hvaðan það kemur. Það er gríðarlegt magn af kollageni á markaðnum en ég valdi Feel Iceland af því að ég veit hvaðan það kemur."

Í góðu formi þrátt fyrir veikindi

Alla tíð hefur Rósa Björg verið meðvituð um hreyfingu, útivist og gott mataræði. Hún kenndi leikfimi í Hreyfingu og í skólum auk þess sem hún var fótboltaþjálfari. „Ég fór að stunda hlaup árið 2018 þegar ég kynntist stórkostlegum hlaupahóp sem kallast Náttúruhlaup. Þar hlaupum við öll eftir okkar getu en í þessum hópi öðlaðist ég þá trú að geta gert allt á mínum forsendum. Til mikillar gleði fyrir mig þá tók ég þátt í mínu fyrsta Últrahlaupi síðastliðið sumar sem var 53 km. Í þessu hlaupi skiptir miklu máli að vera vel undirbúinn, vel nærður og hafa hausinn í lagi. Ég tel mig vera í eins góðu formi og best verður á kosið miðað við hvað hefur gengið á í mínu lífi. Ég hef ekki heldur leyft mér að gefast upp. Markmið mitt er að hafa trú á sjálfri mér. Það er mjög mikilvægt að sjá alltaf það jákvæða í lífinu og stundum þakka ég fyrir að hafa veikst því það veitti mér nýja sýn á lífið. Ég er full þakklætis fyrir að vera á lífi en það eru forréttindi," segir Rósa Björg sem hugsar einnig mikið út í mataræði.

„Ég borða lítið af kjöti en meira af grænmeti. Ég hugsa mikið um hvað það sé sem nærir góðu frumurnar í líkamanum og ég legg áherslu á að skera burt sykur og önnur efni sem ég veit að næra krabbameinsfrumur. Ég undirbý oft vikuna á sunnudögum með því að skera niður alls konar grænmeti, gulrætur, paprikur, rauðrófur, gúrkur og set í box. Við hjónin erum sammála í þessu og hann fylgir mér í einu og öllu."

En hvað kom til að þau fengu sér sleðahunda?

„Fyrsti hvolpurinn kom til okkar í veikindum mínum sumarið 2010. Þá var ég mikið veik en hvolpurinn kom eins og guðsgjöf í fangið á mér. Ég segi stundum að hann hafi verið minn persónulegi einkaþjálfari því þegar allir fóru í skóla og vinnu urðum við tvö eftir. Ég hafði dásamlegan félagsskap. Síðan eignuðumst við hvolpa frá þeim fyrsta. Okkur finnst hvorki krefjandi né erfitt að vera með sleðahunda enda eru þeir afskaplega ljúfir, góðir félagar og elska til dæmis börn. Þeir þurfa bara sína hreyfingu og athygli," segir Rósa Björg og gefur hér uppskrift að uppáhalds hádegismatnum.



Þeir eru vígalegir hundarnir hennar Rósu og það er eins gott að vera í góðu formi þegar maður fer út með þá.



Uppáhalds hádegismatur

Grísk jógúrt
2 msk. Feel Iceland kollagen
Smávegis rauðrófusafi

Allt hrært saman.

Epli, niðurskorið
Banani, skorinn í sneiðar
Chiafræ

Allt sett ofan á jógúrtina og þetta er veisla.

„Ég get mælt heils hugar með Feel Iceland kollageni. Ég finn að ég er með miklu betri húð, hár og neglur auk betri meltingar og er að mestu laus við taugaverki.

Það skiptir miklu máli þegar maður stundar mikla hreyfingu að líkaminn fái öll þau efni sem hann þarfnast. Kollagenið gerir mér kleift að halda áfram á sömu braut.

Ég tek líka Joint rewind töflur frá sama fyrirtæki. Þær eru mjög góðar fyrir liðina," segir hún.

Rósa Björg ætlar að halda hlaupum og göngum áfram og stefnir á 106 km hlaup í júlí á þessu ári. „Hundarnir fara með mér í öll æfingahlaup og einnig tengdasonur minn. Það er mjög gott að hafa góða hlaupafélaga."

Nánar á feeliceland.com

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage,** johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Zonnic
NIKÓTÍNÚÐI

HAGKVÆMUR KOSTUR TIL AÐ HÆTTA AÐ REYKJA



zonnic® TAKTU STJÓRNINA!

Zonnic pepparmint munnholsúði inniheldur nicotin, 1 mg/úða, og er lyfið notað til meðferðar við tóbaksfíkn. Ráðlagður skammtur er 1-2 úðar á þeim tíma þegar sígaretta væri venjulega reykt eða ef löngun gerir vart við sig. Úða skal munnholsúðanum á milli kinnar og tanna. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is. Niconovum AB. NIC201204 – Desember 2020.

Gaf mömmu sinni loforð

Draumur rokkarans og húsasmiðsins Loga Más Einarssonar rættist þegar hann á miðjum aldri fór á bassann í Nýríka Nonna. Hann segir tónlist hafna yfir aldur og að rokkið sé hamingjuvaldandi.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Ég var síðhærður unglingur og allt til þrítugs að ég fór yfir í venjulega hártísku. Ætli ég hafi ekki látið lokkana fjúka vegna þess að ég var ekki kominn á „I don't give a fuck"-aldurinn þá og hlustaði um of á aðra í kringum mig, en fyrir átta árum fór ég að safna aftur," segir Logi Már Einarsson, húsasmiður og bassaleikari í rokktríóinu Nýríka Nonna.

„Ég lærði húsasmíði því það lá beinast við; það eru svo margir smiðir í ættinni. Starfið á vel við mig en eftir á að hyggja hefði ég heldur viljað fara í vélstjóranám og vinna til sjós. Pabbi var vélstjóri og ég er alveg klár á að ef ég hefði haft hann lengur hjá mér hefði ég lært til vélstjóra, en þegar ég var fimm ára tók pabba út fyrir borð þar sem hann var við störf á farskipi. Það hvarflaði svo aldrei að mér að söðla yfir í vélstjórn þegar ég var í húsasmíðanáminu því eftir að pabbi drukknaði gaf ég mömmu loforð um að fara aldrei á sjó og stóð við það. Eldri sonur minn er hins vegar útlærður vélstjóri. Ég er mjög sáttur við það þótt ég hugsi auðvitað alltaf til hans en hann er góður í sínu starfi og hefur greinilega fengið vélstjóragenin frá afa sínum."

Rokkarar sérþjóðflokkur

Logi er Sunnlendingur í báðar ættir. Foreldrar hans ólust upp í Flóanum og undir Eyjafjöllunum en saman fluttu þau á mölina þar sem Logi ólst upp í höfuðstaðnum.

„Ég varð strax heillaður af tónlist sem barn og fyrirmyndirnar voru Bítlarnir, Rolling Stones, Kinks, Doors og fleiri sem voru að kikka inn þegar ég var strákur. Ég var settur í píanónám en með litlum árangri. Ég vildi miklu frekar læra á gítar en það þótti endemis bítlagarg og kom ekki til greina. Þegar ég komst á partíárin tók ég svo upp gítarinn og lærði á hann sjálfur, en svo tók lífið við, með börnum og buru, og tónlistin drukknaði í lífsins önn, þar til fór að hægjast um og ég tók upp þráðinn aftur, fyrir um fimm árum síðan."



Logi er alnafni Loga Más Einarssonar, formanns Samfylkingarinnar, og er þeim iðulega ruglað saman í símtölum og tölvupóstum. Logi er þó ekki í Samfylkingunni en hefur bara gaman af. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Það var þá sem leiðir Loga og Guðlaugs Hjaltasonar lágu fyrst saman og tríóið Nýríki Nonni varð til.

„Við Gulli lentum þá óvænt saman í vinnustaðabandi fyrir árshátíð Strætó, þótt ég væri ekki á meðal starfsmanna þar. Ég var bara „sjanghæjaður" með bassann í bandið og kom í ljós að við Gulli áttum mýmargt sameiginlegt og okkur varð vel til vina. Það var gaman að eignast vin með sömu áhugamál og geta skapað tónlist saman. Gulli átti talsvert af efni sem hann hafði samið í gegnum tíðina og langaði að koma á framfæri og úr varð að við fengum trommara með okkur í tríóið, en nú spilar með okkur Örvar Erling Árnason sem tók við trommukjuðunum af Óskari Þorvaldssyni," segir Logi sem spilar á bassa í Nýríka Nonna sem þykir með eindæmum þétt og gott tríó, á við margra manna hljómsveit þegar best lætur.

„Það er ákveðin áskorun að spila í tríói. Maður þarf að spila bæði hratt og mikið á sitt hljóðfæri til að útkoman verði þétt, en mér finnst það gaman og í raun ekkert mál. Það er bara talið í og byrjað."

Fór í rokkið frekar en golf

Logi var rótari hjá hljómsveitinni Pónik og Einari á unglingsárunum.

„Það var ævintýri. Pónik var gríðarvinsælt band með flottum spilurum og skemmtilegum einstaklingum sem voru afar flinkir á hljóðfærin sín. Ég fór með sem rótari þegar þeir spiluðu fyrir Kanann á Keflavíkurflugvelli og ekki sjálfgefið að sextán ára gutti kæmist inn á Völlinn þá og inn á dansstaði Bandaríkjahers, en þar fékk ég dýrmæta innsýn í hvernig hljómsveitir starfa," segir Logi.

Hann á fimm börn og fimm barnabörn sem hann segir hafa gaman af hljómsveitabrölti hans.

„Þau sjá hvað ég nýt þess að spila. Með Nýríka Nonna hefur ákveðinn draumur ræst. Menn á mínum aldri eru flestir komnir í golf, hunda og hesta, og eyða í það fúlgum fjár, en ég fór í rokkið og eyði mínum peningum þar," segir Logi og hlær.

Hann segist kominn á þann aldur að sökkva ekki djúpt í alræmdan lífsstíl rokks og róls.

„Þetta er nú fyrst og fremst hobbí en engu að síður skemmtilegur lífsstíll. Rokkarar eru ákveðinn þjóðflokkur og rosalega heilsteypt lið upp til hópa þótt sumir sökkvi á bólakaf í „sex, drugs and rock n' roll". Menn eru trúir sínu, ná góðum tengslum við þá sem þeir vinna með og verða oftar en ekki vinir til lífstíðar." Nýríki Nonni sé bara rétt að byrja.

„Þetta er ungt band og á mikið eftir. Tónlist er auk þess hafin yfir allan aldur. Þannig spila ég líka á bassa í Kiss-bandinu Licks með mun yngri strákum og þeir líta á mig sem jafningja. Músík brúar aldursbilið og auðvitað mörg dæmi um að fjörgamlir karlar spili með kornungu fólki þar sem þeir miðla mörgu og unga fólkið kemur með nýja hluti. Ég er reyndar ekki sá reynslubolti sjálfur en ég get sannarlega miðlað gleðinni.

Ég fæ mikið út úr þessu, ekki síst hamingju og reyni nú að grúska í að semja fleiri lög og fikra mig áfram í textagerðinni."

Eldri og skynsamari nú

Logi er líka djúpt sokkinn í bíla og mótorhjól.

„Allt sem tengist vélum togar í mig; ætli það sé ekki vélstjórinn í mér. Ég keppti ungur í rallýakstri, sem er skemmtileg leið til að setja sig á hausinn, og var mikið á mótorhjóli þar sem ég lét allt vaða, ungur og kærulaus. Sem betur fer tók ég mér þrjátíu ára hlé á mótorhjólamennskunni og hefði sennilega drepið mig á því annars, en byrjaði aftur fyrir fjórum árum síðan, orðinn aðeins eldri og skynsamari," segir Logi sem hjólar á Hondu Magna 700, árgerð 1985.

„Það er gamalt, gott og skemmtilegt hjól til að krúsa á en mótorhjól snúast mikið um frelsið sem fylgir því að hjóla út í bláinn, einn síns liðs eða í félagi við aðra. Því fylgir einstök frelsistilfinning."

Á veturna fer Logi í fjallaferðir á upphækkuðum jeppa með ferðaklúbbnum 4x4, þar sem hann var í stjórn og nefndum um árabil.

„Ég hef mikla ánægju af fjallaferðum sem geta verið krefjandi. Stundum gengur allt upp en það eru ferðirnar sem maður man síst eftir. Maður man miklu frekar eftir brasinu sem fjallaferðunum fylgir og hvernig á að leysa úr hlutunum og þá reynir á grunneðlið í mönnum, hvort þeir kunni að bjarga sér. Sumir klára sig með allt á meðan aðrir klóra sér í hausnum og ekkert gerist.

Í uppáhaldi er að fara í Setrið, fjallaskála 4x4, sem stendur í reginauðn undir Hofsjökli. Þangað er stundum farið í hópferð á veturna, gist í stórum skálanum og haft glens og gaman."

Ekki Logi í Samfylkingunni

Nýríki Nonni gaf út sína fyrstu plötu, För, haustið 2019 og á dögunum kom út platan Hver vinnur stríðið? Á henni heyrist fyrsta lag Loga sem hann samdi við texta Guðlaugs Hjaltasonar.

„Ég er mjög sáttur við lagið og syng það sjálfur. Nýja platan er ólík þeirri fyrri, hrárri og minna unnin og á henni erum við meira eins og við erum, með svolítið gamaldags rokk," útskýrir Logi en platan var unnin með Jóhanni Ásmundssyni í Stúdíó Paradís.

„Gulli er mikill íslenskupervert í sinni vönduðu textagerð og hrifinn af bragfræði. Textinn myndgerist í manni sem fer í stríð, lendir framan við óvininn og deyr, en til hvers dó hann? Hver er ávinningurinn af dauða hans? Hann er enginn. Það vinnur enginn stríð. Textarnir eru innihaldsríkir og auðvelt að samsama sig þeim, eins og í Lífið er leikhús sem er pæling um ferli mannsins í lífinu. „Lífið er leikhús, leikarar við. Í sorg og í gleði við göngum á svið.""

Logi á sér alnafna; það er Logi Már Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, og er þeim iðulega ruglað saman.

„Já, já, ég fæ reglulega tölvupósta, símtöl og sms með erindum sem ég kannast ekkert við en það truflar mig ekkert. Ég er þó ekki Samfylkingarmaður, það væri að bera í bakkafullan lækinn ef við værum tveir þar inni. Ætli ég sé ekki pólitískt viðrini og ég er alls ekki fjórflokksmaður, en við Logi höfum spjallað og hlegið að þessum misskilningi og ég komið erindum áleiðis í réttar hendur."

Hrífstu með og hlustaði á báðar plötur Nýríka Nonna á Spotify.





Ég hef alla tíð verið mjög viðkvæm í maganum og var búin að prófa ýmislegt. Ég fann fljótt mikinn mun þegar ég byrjaði að nota **Probi Mage** mjólkursýrugerla. Það er frábært að hafa loksins fundið eitthvað sem virkilega hjálpar mér og ég tek 1 hylki á dag og mun svo sannarlega halda því áfram því þetta bjargar mér algjörlega.
- Sigríður Rita Ragnarsdóttir

abel heilsuvörur www.abelheilsuvorur.is

Útsölur & outlet

LAUGARDAGUR 16. JANÚAR 2021



FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR


Herra
Lagerinn
outlet
líka fyrir konur
Rýming
Troðfull verslun af merkjavöru!
70%
afsláttur af öllum vörum
Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)
Opið virka daga frá kl. 11 til 18 laugardaga frá kl. 11 til 17 sunnudaga frá 13 til 17 Sími 568 9512


BOSS
HUGO BOSS
EMPORIO
ARMANI
Bruun & Stengade
SAND
COPENHAGEN
bugatti
FINUCCI
POLO
RALPH LAUREN
HUGO
HUGO BOSS
Benvenuto.
Stenströms
CORNELIANI
TINO COSMA
eterna
LES DEUX
copenhague
BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880
gardeur
OSCAR
JACOBSON
LLOYD

VERÐDÆMI

KRONOTEX HARÐPARKET

8 mm AC4 VERÐ FRÁ **1.590** KR. m²
10 mm AC5 VERÐ FRÁ **2.990** KR. m²
12 mm AC5 VERÐ FRÁ **3.890** KR. m²

VIÐARPARKET

KÄHRS 3JA STAFA VERÐ FRÁ **4.990** KR. m²
BJELIN PLANKAPARKET VERÐ FRÁ **6.990** KR. m²

VÍNYLPARKET KÄHRS 6 mm með undirlagi

VERÐ FRÁ **5.990** KR. m²

VEGG- & GÓLFFLÍSAR

30x60 cm hvítar veggflísar VERÐ FRÁ **2.990** KR. m²
60x60 cm vegg- og gólfflísar VERÐ FRÁ **4.790** KR. m²

RINGO INNIHURÐIR

HURÐ OG KARMUR HVÍTLAKKAÐ
VERÐ FRÁ **39.990** KR.

40% AFSLÁTTUR AF FYLGIHLUTUM
MEÐ GÓLFEFNUM


JANÚAR
ÚTSALA
PARKET - FLÍSAR - HURÐIR
Birgisson®
Ármúli 8 I 108 Reykjavík I Sími 516 0600 I www.birgisson.is





BLÖÐIN
Blaðið í dag og safn eldri blaða á frettabladid.is



Nú standa janúarútsölurnar sem hæst, en þá er gott að þekkja rétt sinn sem neytandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Réttur neytenda og reglur um útsölur

Núna þegar janúarútsölurnar eru í fullum gangi er gott fyrir neytendur að vera meðvitaðir um þau lög og reglur sem gilda um útsölur og vera á varðbergi um að ekki sé verið að svindla á þeim. Ef rétt er staðið að öllu í verslunum ætti að vera hægt að gera mjög góð kaup.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Sé vara seld á lækkuðu verði í meira en sex vikur telst það almennt verð og því þarf að lækka verðið aftur fari varan á útsölu eftir það.

Í lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu sem tóku gildi í júlí árið 2005 er fjallað um útsölur og tilboð. Þar segir: „Útsölu eða aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði, má því aðeins auglýsa eða tilkynna að um raunverulega verðlækkun sé að ræða. Þess skal einnig gætt að greinilegt sé með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vörunnar var.“

Á vef Neytendasamtakanna má finna ýmsar ábendingar til fólks varðandi útsölur en þar segir að tilgangur lagagreinarinnar sé að koma í veg fyrir að neytendur séu blekktir og að þeir geti áttað sig á verðmuninum. Þar segir einnig: „Verðlækkun verður þannig að felast í því að seljandi bjóði vöru á lægra verði en hann selur sams konar vöru venjulega á. Hafi verð verið hækkað í þeim tilgangi að geta síðan lækkað það myndi slíkt brjóta í bága við ákvæði lagagreinarinnar.“

Það er gott fyrir neytendur að vera vakandi fyrir þessu og gera verðsamanburð á sambærilegum vörum, ef sambærileg vara er á svipuðu verði annars staðar en ekki merkt á útsölu gæti það verið vísbending um eitthvað gruggugt, en auðvitað gætu aðrar skýringar einnig legið að baki.

Þarf raunverulega lækkun

Neytendastofa hefur samkvæmt lögum því hlutverki að gegna að framfylgja boðum áðurnefndra laga um eftirlit með viðskiptaháttum. Neytendastofa skal einnig ákveða aðgerðir gegn óréttmætum viðskiptaháttum og stuðla að auknu gagnsæi markaðarins. Neytendastofa hefur sett reglur um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði. Í reglunum segir að verðlækkun verði að vera raunveruleg og að seljandi verði að hafa selt vöruna áður á því verði sem hann reiknar útsöluverð af eða tilgreinir sem fyrra verð. Seljandi verður að geta sannað fyrir Neytendastofu að varan hafi verið seld á tilgreindu fyrra verði. Samkvæmt reglunum má útsala á vöru ekki standa yfir lengur en í sex vikur. Sé vara seld á lækkuðu verði í meira en sex vikur telst það almennt verð og því þarf að lækka verðið aftur fari varan á útsölu eftir það. Verslunum er þó heimilt að auglýsa sérstakt kynningartilboð eða opnunartilboð án þess að vera hafi verið seld áður á því verði sem gefið er upp sem venjulegt verð. Það er þó þeim skilyrðum háð að vara hækki í verði eftir tilgreindan tíma.

Ef upp vaknar grunur um að seljendur svindli á þessum reglum er því um að gera fyrir neytendur að tilkynna það. Neytendastofa fylgir eftir ábendingum frá neytendum telji þeir reglurnar brotnar. Verslanir þurfa þá að geta sannað að þær séu að fara að reglunum. Á vef Neytendastofu kemur fram að stofan hefur þurft að sekta verslanir fyrir villandi og rangar auglýsingar um útsölu.

Skilaréttur er ekki í lögum

Núna rétt eftir jólin þegar margir neytendur vilja skipta jólagjöfum sem hugsanlega eru komnar á útsölu, þá velta þeir eðlilega fyrir sér hver réttur þeirra er. Má verslunin gefa út inneignarnótu einungis fyrir útsöluverðinu eða á neytandinn rétt á að fá inneignarnótu fyrir andvirði þess verðs sem varan var keypt á?

Á vef Neytendastofu segir að þrátt fyrir að í lögum um neytendakaup sé ekki að finna ákvæði um skilarétt á ógallaðri vöru veiti margar verslanir neytendum rétt til að skila vörum. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið gaf árið 2000 út verklagsreglur um skilarétt, gjafabréf og inneignarnótur.

Meginatriði þessara verklagsregla eru eftirfarandi: Réttur til að skila ógallaðri vöru er að minnsta kosti fjórtán dagar frá afhendingu. Vörur sem merktar eru með gjafamerki gera kassakvittun óþarfa við skil. Inneignarnótur skulu miðast við upprunalegt verð vöru. Gjafabréf og inneignarnótur gilda í allt að fjögur ár frá útgáfudegi. Skilaréttur tekur ekki til útsöluvöru.

Reglurnar eru þó ekki lög heldur einungis leiðbeinandi og því eru þeir seljendur sem fylgja reglunum og auka þannig þjónustu við viðskiptavini sína einungis að gera það að eigin frumkvæði.

Sérstakt merki um skilarétt

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur búið til sérstakt merki um skilarétt sem verslunum sem fylgja verklagsreglunum er frjálst að nota. Skilaréttarmerkið gefur til kynna að verslunin fari eftir verklagsreglum um skilarétt.

Hafi neytandinn keypt vöruna á netinu er réttur hans þó meiri en á vef Neytendastofu segir: „Sé hlutur keyptur við fjarsölu eða utan fastrar starfsstöðvar þá eiga neytendur meiri rétt til að skila vöru sem er ógölluð. Samkvæmt lögum um neytendasamninga nr. 16/2016 hefur neytandi 14 daga frá því að samningur var gerður milli hans og seljanda eða frá því að neytandi fær vöru afhenta, ef sá dagur er síðar, til að hætta við kaupin án nokkurra skýringa og fá endurgreiðslu. Neytandanum ber að sjálfsögðu að skila vörunni óskemmdri til seljandans.“


GK
REYKJAVIK
eva
Kultur
Kultur
menn
gs skór
SMASH
URBAN
COMPANYS
KARAKTER
KONUR
galleri sautján
NTC.is
ÚTSALA ÚTSALA
VINSÆL VÖRUMERKI
40-50%
AFSLÁTTUR

Uppgefið starfsfólk með bros á vör

Útsölur hafa gegnt misstóru hlutverki í nær aldar sögu verslunarinnar Pfaff, að sögn Margrétar Kristmannsdóttur. Þær tíðkuðust ekki en með tíð og tíma breyttist það í takt við tíðarandann.

Margrét Kristmannsdóttir, framkvæmdastjóri Pfaff og fyrrverandi formaður FKA og Samtaka verslunar og þjónustu, hefur komið nálægt verslunarrekstri nær alla sína ævi. Afi hennar, Magnús Þorgeirsson, stofnaði verslunina árið 1929 og síðan þá hefur hún verið í eigu fjölskyldunnar.

Margt hefur breyst í verslunarrekstri á þessari tæpu öld, til dæmis þegar kemur að útsölum, en þær tíðkuðust ekki í tíð afa hennar og voru mjög sjaldgæfar um það leyti sem faðir Margrétar, Kristmann Magnússon, tók við árið 1963. „Ég var að rifja þetta upp með pabba gamla að þegar afi rak fyrirtækið voru aldrei útsölur. Þegar pabbi er tekinn við voru útsölur fátíðar enda útsölur eingöngu leyfðar einu sinni á ári, sem flestum þætti furðulegt að búa við í dag.

Það var því helst að langar biðraðir mynduðust þegar vörur komu sem lengi höfðu verið ófáanlegar í landinu, enda hafði verið kreppu- og haftatími áratugum saman hér á landi.“

Útsölur hafa breyst

Í dag ríkir öllu meira frjálsræði þegar kemur að útsölum en í tíð afa hennar og föður, þótt flestar verslanir haldi þær í janúar og í sumarlok. „Við sjáum þessar hefðbundnu útsölur enn í byrjun janúar og síðan á sumrin, ekki síst í fatageiranum, þegar losa þarf út sumarfatnaðinn. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar að sumar verslanir misnoti „útsöluhugtakið“ þegar „útsölur“ eru haldnar með nokkurra vikna fresti.

Það eru svona-dagar og hinsegin-dagar allt árið um kring. Í mínum huga eiga útsölur fyrst og fremst að vera tæki og tól til að losa út eitthvað sem mætti kalla vandræðalager. Hins vegar er stóra byltingin hvað útsölur varðar kannski stóru afsláttardagarnir í nóvember, til dæmis Svartur föstudagur, sem hafa sprungið út undanfarin ár, eitthvað sem varla þekktist hér fyrir nokkrum árum.“

Byrjaði ung

Margrét tók við stöðu framkvæmdastjóra hjá fjölskyldufyrirtækinu árið 1991 og er því af þriðju kynslóð fjölskyldunnar sem kemur að fyrirtækinu. „Þegar ég var að alast upp voru margir fjölskyldumeðlimir að vinna hjá Pfaff; afi, foreldrar mínir, bróðir, frænkur og fleiri.

Í æsku var ég því oft á vinnustaðnum og einhvern veginn var litið á starfsfólkið sem hluta af stórfjölskyldunni. Kannski hefur það mótað mig mest að ég fann það strax mjög ung að Pfaff var bara fólkið sem vann þar.“

Erfiðir dagar en skemmtilegir

Aðspurð hvort hún eigi einhverjar skemmtilegar minningar frá útsölum fyrri tíma segist hún aðallega muna eftir starfsfólkinu. „Það er helst að ég hafi dáðst að starfsfólki fyrirtækisins í kringum stærstu útsöludagana, þá einkum í kringum stór afmælisár fyrirtækisins. Þá var starfsfólkið á þönum frá morgni til kvölds og það var varla sest niður til að borða.

Þegar loks var skellt í lás sátu allir uppgefnir en einhvern veginn með bros á vör. Því þó svona dagar séu erfiðir eru þeir líka skemmtilegir, þegar allt er hreinlega vitlaust að gera.“



„Ég var að rifja þetta upp með pabba gamla að þegar afi rak fyrirtækið voru aldrei útsölur. Þegar pabbi er tekinn við voru útsölur fátíðar enda útsölur eingöngu leyfðar einu sinni á ári,“ segir Margrét en útsölurnar laða að fólk í dag og það er ákveðin stemning að kíkja á þær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Manstu hvar þú keyptir fyrstu vöruna þína á útsölu?

Örugglega í einhverri fatabúðinni – eitthvað sem mig hefur „bráðvantað“.

Hver eru bestu og verstu kaupin þín á útsölu gegnum árin?

Ástæða þess að ég kaupi lítið á útsölum núorðið er að fatasöfnun Rauða krossins hefur fljótlega fengið flest útsölukaupin mín. Ég keypti þó góðan stól um daginn sem ég er ánægð með.

Hvers konar vörur kaupir þú helst á útsölum í dag?

Það er helst að við hinkrum með innkaup á dýrari húsbúnaði ef stutt er í útsölur.

Hefur þú gert góð kaup á útsölu í útlöndum?

Hér kemur eitt stórt NEI.

Er einhver einn hlutur/vara sem þig dreymir um að kaupa á útsölu?

Nei, mig vantar yfirleitt ekkert í dag. En það er vissulega ákveðin stemning að fara á útsölur, svona rétt til að kíkja. Það kemur enn fyrir að ég geri frábær kaup.

Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job

orkusalan



Rafmagnaður fjármálastjóri

Orkusalan leitar að fjármálastjóra til að sjá um uppbyggingu fjármálasviðs og starfa með öflugu teymi fyrirtækisins. Fjármálasvið fyrirtækisins hefur hingað til verið útvistað og þarf viðkomandi að hafa reynslu af gerð og innleiðingu verkferla.

Fjármálastjóri þarf að búa yfir mikilli forystuhæfni, samskiptafærni, styrk til að taka ákvarðanir og frumkvæði til að ná árangri í starfi. Auk þess að hafa góða greiningarfærni, lausnamiðaða hugsun og að geta haldið uppi stuðinu undir álagi.

Helstu verkefni

- Umsjón og ábyrgð á daglegri fjármálastjórn.
- Umsjón, ábyrgð og eftirfylgni með fjárhags- og rekstraráætlunum.
- Umsjón með gerð fjármálalegra stjórnendaupplýsinga.
- Greiningarvinna og gerð rekstraryfirlita.
- Umsjón og ábyrgð á milli- og ársuppgjörum.
- Kostnaðareftirlit og gerð verkferla.
- Þátttaka í stefnumótun.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf á sviði viðskipta eða rekstrar, meistaragráða æskileg.
- Haldgóð reynsla af fjármálastjórnun.
- Reynsla og þekking á áætlanagerð og uppgjörum.
- Reynsla af greiningarvinnu og framsetningu fjármálaupplýsinga.
- Skipulagshæfni, frumkvæði og sjálfstæði.
- Reynsla af umbótaverkefnum og sjálfvirknivæðingu.

Orkusalan framleiðir og selur rafmagn og er eina kolefnishlutlausa raforkufyrirtækið á Íslandi. Í öllu starfi eru skynsamleg nýting og græn orka höfð að leiðarljósi, sem og að snjallvæða orkunotkun og gera hana eins sjálfbæra og kostur er á.

Við hvetjum metnaðarfulla einstaklinga af öllum kynjum til að sækja um!
Sendu okkur umsókn á vinnvinn.is.
Umsóknarfrestur er t.o.m. 25. janúar.
Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) og Hilmar Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is).

vinnvinn

EFLING STÉTTARFÉLAG

UMSJÓN FASTEIGNA

Efling stéttarfélag er vinnustaður þar sem lögð er áhersla á þjónustu við félagsmenn, fagmennsku og metnað í starfi, gagnkvæma virðingu, menningarlæsi og fordómalaus samskipti. Efling býður upp á vinnuumhverfi sem stuðlar að velferð starfsmanna, heilbrigðu jafnvægi milli vinnu og einkalífs, jafnrétti og umbótahugsun. Á skrifstofu Eflingar starfa um 60 manns og eru starfsstöðvar í Reykjavík og í Hveragerði.

Um 60 orlofshús og íbúðir eru í eigu félagsins um land allt. Sjá nánar hér: **https://efling.is/orlofssjodur/sumarhus/**

Umsóknarfrestur er til og með **31. janúar nk**. Umsóknir óskast fylltar út á **hagvangur.is**. Nánari upplýsingar veitir Geirlaug Jóhannsdóttir, **geirlaug@hagvangur**

Efling stéttarfélag auglýsir eftir laghentum einstaklingi til starfa við umsjón og eftirlit fasteigna orlofssjóðs. Í starfinu felst dagleg umsjón orlofshúsa, ásamt minni viðgerðum og viðhaldi á fasteignum og húsbúnaði. Ferðalög eru hluti af starfinu þar sem orlofshúsin eru staðsett víða um land. Við leitum að duglegum og þjónustuliprum starfsmanni sem hefur brennandi áhuga á fjölbreyttu og krefjandi starfi. Starfið er unnið undir stjórn forstöðumanns orlofshúsa og fasteignaumsýslu og tilheyrir rekstrarsviði félagsins. Starfsstöðvar Eflingar eru í Reykjavík og í Hveragerði.


Helstu verkefni og ábyrgð

- Almennt viðhald og endurbætur á húsbúnaði og fasteignum orlofssjóðs
- Flutningur og endurnýjun búnaðar orlofshúsa
- Samstarf og samskipti við umsjónarmenn orlofsbyggða
- Samskipti við birgja, verktaka og gerð verk- og kostnaðaráætlana
- Þjónusta og samskipti við viðskiptavini orlofssjóðs
- Önnur verkefni í samráði við forstöðumann orlofshúsa

Menntunar- og hæfnikröfur

- Iðnmenntun er mikill kostur
- Reynsla af gerð verk- og kostnaðaráætlana er kostur
- Reynsla af viðhaldi fasteigna og stýringu verkefna er kostur
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Frumkvæði og lausnamiðuð hugsun
- Íslensku- og enskukunnátta
- Ökuréttindi

HAGVANGUR



Tækni- og verkfræðingar og tækniteiknari

VSB verkfræðistofa leitar að öflugu fagfólki til framtíðarstarfa á byggingarsviði í spennandi verkefnum við hönnun bygginga.
Í boði er frábært starfsumhverfi og spennandi verkefni á ýmsum sviðum. Byggingarsvið er samsett af fagsviðum burðarvirkja, rafkerfa auk lagna- og loftræsikerfa.

Tækniteiknari á byggingarsviði

Helstu verkefni verða:
- Tækniteiknun á byggingasviði, þ.m.t. burðarvirkja-, raflagna- og lagnasvið.
- Þátttaka í hönnunarverkefnum
- Frágangur teikninga

Umsækjendur þurfa að hafa:
- 5 ára reynslu sem tækniteiknari
- Mjög gott vald á Revit og AutoCAD

Tækni- eða verkfræðingur á lagnasviði

Helstu verkefni verða:
- Hönnun lagna- og loftræsikerfa í samvinnu við lagnahönnuði VSB
- Framkvæmdaeftirlit, úttektir og matsgerðir

Umsækjendur þurfa að hafa:
- Tækni- eða verkfræðimenntun
- Gott vald á Revit og AutoCAD

Tækni- eða verkfræðingur á burðarvirkjasviði

Helstu verkefni verða:
- Hönnun burðarvirkja í samvinnu við burðarvirkjahönnuði VSB
- Framkvæmdaeftirlit, úttektir og matsgerðir

Umsækjendur þurfa að hafa:
- Tækni- eða verkfræðimenntun
- Gott vald á Revit og AutoCAD

Sviðsstjóri byggingarsviðs, **Hannes Örn Jónsson, (hannes@vsb.is)** veitir frekari upplýsingar. Umsókn um starfið með upplýsingum um menntun, hæfni og starfsreynslu óskast skilað á ofangreint netfang eigi síðar en **27. janúar** næstkomandi. Viðtöl hefjast áður en umsóknarfresti lýkur.

Fyllsta trúnaðar verður gætt.

VSB Verkfræðistofa er fjölhæf verkfræðistofa á sviði mannvirkjagerðar og framkvæmda. VSB veitir viðskiptavinum ráðgjöf með lausnum sem einkennast af hagkvæmni, fagmennsku og áreiðanleika. Á stofunni starfa rúmlega 30 manns. VSB hefur aðsetur í Hafnarfirði og í Reykjanesbæ.

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS
REGISTERS ICELAND

Þjóðskrá Íslands óskar eftir fjórum nýjum liðsmönnum. Öll kyn velkomin.

Nýtt skipurit tók gildi 1. janúar 2021 hjá Þjóðskrá Íslands og í framhaldi af skipulagsbreytingum hjá stofnuninni leitum við að öflugu og kraftmiklu starfsfólki til að slást í hópinn. Framundan eru kraftmikil og spennandi verkefni í þverfaglegri teymisvinnu með áherslu á góða verkefnastýringu með aðferðafræði straumlínustjórnunar. Áhersla verður lögð á verkefnamiðað vinnurými með starfsánægju starfsfólks að leiðarljósi.

Stofnunin hefur undanfarin ár tekið þátt í verkefninu um styttingu vinnuvikunnar og er miðað við 36 stunda vinnuviku. Starfseiningar Þjóðskrár skiptast í skrifstofu forstjóra, upplýsingatækni, fólk & fasteignir og þjónustu & samskipti. Um 110 starfsmenn starfa hjá stofnuninni í Reykjavík, Akureyri, Grímsey og Hrísey.

Þjóðskrá Íslands er í senn framsækin og skapandi stofnun þar sem áhersla er lögð á að gefa starfsmönnum tækifæri á að vaxa og dafna í sínu starfi.

Þjóðskrá Íslands auglýsir eftir fjórum nýjum liðsmönnum og hægt er að kynna sér störfin inná Starfatorgi og Alfred.is.

- Þjóðskrá Íslands hefur tvær starfsstöðvar, á Akureyri og í Reykjavík. Störfin geta verið staðsett á báðum stöðum.
- Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Umsóknir óskast sendar í umsóknarkerfi Alfred.is.
- Athygli er vakin á því, að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Fagstjóri fasteignamats

Þjóðskrá Íslands leitar að metnaðarfullum og öflugum einstaklingi til að leiða teymi sem vinnur að gerð fasteignamats undir fasteingahluta Þjóðskrár Íslands. Fagstjóri heyrir undir deildarstjóra fasteignahluta einingar fólks og fasteigna. Viðkomandi ber ábyrgð á starfsfólki teymisins, áætlanargerð og verkstýringu. Mikilvægt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Leiða viðhald og þróun á matsaðferðum við gerð fasteignamats ásamt gagnaöflun og tölfræðiúrvinnslu.
- Greina upplýsingar um stöðu og breytingar á fasteignamarkaði á Íslandi
- Halda utan um skilgreiningu á gögnum í fasteignaskrá og tryggja að réttum fasteignagögnum sé miðlað í vef-þjónustum, vefuppfletti kerfum á skra.is og í afhendingu skráa.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í byggingar-verkfræði, byggingartæknifræði eða skyldum greinum, framhaldsmenntun er kostur.
- Þekking á forritun og SQL gagna-grunnsvinnslu
- Öflug greiningarhæfni og lausnamiðuð hugsun
- Þekking á Python, R, Jupyter Notebooks kostur
- Reynsla af stjórnun er kostur
- Góðir skipulagshæfileikar, leiðtoga-hæfni, metnaður og drifkraftur í starfi
- Reynsla af straumlínustjórnun er kostur
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og hæfni í stýringu verkefna og teyma.

Umsóknarfrestur er til og með **28. janúar 2021.**
Nánari upplýsingar veitir Jónas Pétur Ólason, deildarstjóri, netfang **jpo@skra.is.**

Hugbúnaðarsérfræðingur

Þjóðskrá Íslands óskar eftir að ráða metnaðarfullan hugbúnaðarsérfræðing til að ganga til liðs við öflugt þróunarteymi. Metnaðarfull og spennandi verkefni eru framundan við þróun og viðhald upplýsingakerfa. Viðkomandi þarf að vera tilbúin að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Þátttakandi í þróunarteymi og samvinna við aðrar einingar
- Þátttakandi í að móta og þróa nýjar lausnir
- Greina kröfur og óskir með tilliti til gagna
- Þróun og viðhald á núverandi kerfum

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði eða sambærileg menntun er skilyrði
- Reynsla af hugbúnaðargerð er skilyrði
- Þekking á Agile aðferðafræði er kostur
- Þekking á MS SQL
- Þekking á C#, .NET Core, JavaScript eða sambærilegu
- Þekking af landupplýsingakerfum er kostur
- Frumkvæði og drifkraftur
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Umsóknarfrestur er til og með **25. janúar 2021.**
Nánari upplýsingar veitir Halldór B. Hreinsson, framkvæmdastjóri, netfang **hbh@skra.is**.

Sérfræðingur í fasteignamatsteymi

Þjóðskrá Íslands leitar að metnaðarfullum og drífandi sérfræðingi til að starfa í teymi sem sér um gerð fasteignamats. Þjóðskrá Íslands framkvæmir fasteignamat árlega á öllum fasteignum landsins þar sem notaðar eru skráningarupplýsingar úr fasteignaskrá ásamt kaupsamningum til þess að smíða líkön og aðferðir til að reikna fasteignamat. Starfið heyrir undir fagstjóra fasteignamatsteymis. Mikilvægt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Smíði og viðhald á líkönum sem notuð eru við gerð fasteignamats
- Gerð skýrslna og tóla í Jupyter Notebook til að framkvæma fasteignamat og smíði greiningarskýrslna
- Þátttaka í áframhaldandi uppbyggingu á fasteignamatsaðferðum, kerfum og framtíðaruppbyggingu fasteignamatskerfa

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í verkfræði, tölvunarfræði, stærðfræði eða skyldum greinum
- Þekking á tölfræði og smíði módela, þá sérstaklega vélnámsaðferðir (machine learning)
- Þekking og reynsla af gagnagrunnum og SQL er skilyrði
- Reynsla af forritun í Python og Jupyter Notebook, R er skilyrði
- Öflug greiningarhæfni og lausnamiðuð hugsun
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og hæfni til að starfa sjálfstætt sem og í hóp
- Metnaður, skipulagshæfileikar og geta til að hafa yfirsýn og umsjón með verkefnum.

Umsóknarfrestur er til og með **28. janúar 2021.**
Nánari upplýsingar veitir Jónas Pétur Ólason, deildarstjóri, netfang **jpo@skra.is.**

Fagstjóri kostnaðarmats

Þjóðskrá Íslands leitar að öflugum einstaklingi til að leiða teymi sem vinnur að gerð kostnaðarmats undir fasteignahluta Þjóðskrár Íslands. Kostnaðarmat er mat á byggingarkostnaði fasteigna en Þjóðskrá metur kostnaðarmat fyrir öll mannvirki í landinu árlega. Kostnaðarmat er grunnur að útreikningi á brunabótamati og einnig notað sem grunnur við útreikning á fasteignamati hluta atvinnueigna. Fagstjóri heyrir undir deildarstjóra fasteignahluta einingarinnar Fólk og fasteignir. Viðkomandi ber einnig ábyrgð á starfsfólki teymis, áætlanargerð og verkstýringu.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Þróun á aðferðafræði við gerð kostnaðarmats
- Árlegt endurmat á endurstofnsverði og útreikningar brunabótamats fyrir öll mannvirki
- Hönnun á greiningartólum sem stuðla að þróun og áframhaldandi uppbyggingu kostnaðarmatskerfa

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í byggingarverkfræði, byggingartæknifræði eða skyldum greinum, framhaldsmenntun er kostur.
- Reynsla og þekking á gerð verk- og kostnaðaráætlana fyrir mannvirki ásamt markmiðasetningu
- Þekking á forritun og SQL gagnagrunnsvinnslum
- Þekking á Python, R, Jupyter Notebooks er kostur
- Reynsla af stjórnun er kostur
- Reynsla af straumlínustjórnun er kostur
- Góðir skipulagshæfileikar, leiðtoga-hæfni, metnaður og drifkraftur í starfi
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og hæfni í stýringu verkefna og teyma

Umsóknarfrestur er til og með **28. janúar 2021.**
Nánari upplýsingar veitir Jónas Pétur Ólason, deildarstjóri, netfang **jpo@skra.is.**

Hlutverk Þjóðskrár Íslands er að greiða götu fólks og fyrirtækja í samfélaginu og gæta upplýsinga um réttindi þeirra og eignir. Við sinnum því með því að safna, varðveita og miðla upplýsingum um fólk, mannvirki og landeignir. Innan starfsviðs Þjóðskrár Íslands er rekstur fasteignaskrár og þjóðskrár, útgefið fasteignamat og brunabótamat og umsjón með útgáfu vegabréfa.

Við leggjum ríka áherslu á jákvæð samskipti og góða samvinnu sem er undirstaða góðrar þjónustu. Við teljum eftirsóknarvert að fá til liðs við okkur þá sem vilja starfa í anda gilda okkar um virðingu, sköpunargleði og áreiðanleika. Við kunnum vel að meta frumkvæði, nákvæmni og hraða í vinnubrögðum og nýtum aðferðir straumlínustjórnunar til að gera betur í dag en í gær. Við hvetjum öll kyn til að sækja um.

Þjóðskrá Íslands
Borgartún 21, 105 Reykjavík
Hafnarstræti 107, 600 Akureyri
515 5300
skra@skra.is
www.skra.is





Rafvirki

Smith & Norland vill ráða rafvirkja til sölustarfa í söludeild rafbúnaðar.

Starfið felur í sér kynningu og sölu á raflagnaefni og öðrum rafbúnaði sem og ýmis önnur verkefni.
Leitað er að röskum, sjálfstæðum og samvinnuliprum einstaklingi með góða fag- og efnisþekkingu og reynslu af rafvirkjastörfum, sem hefur einnig brennandi áhuga á sölu- og markaðsstörfum og mannlegum samskiptum.
Góð framkoma, snyrtimennska og reglusemi eru skilyrði. Um er að ræða gott framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki á rafmagnssviði.

Áhugasamir sendi umsókn á **atvinna@sminor.is** eða skili slíkri á skrifstofu fyrirtækisins með upplýsingum um menntun og fyrri störf fyrir 29. janúar. Nánari upplýsingar veitir Halldór Haraldsson.
Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu okkar, **sminor.is** (undir flipanum Fyrirtækið).

Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

100 ÁRA 1920-2020

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

TÓNLISTARSKÓLI ÁRNESINGA

Skólaritari og launafulltrúi

Tónlistarskóli Árnesinga óskar eftir að ráða til starfa ritara, í 60% starf frá 1. mars 2021.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Almenn skrifstofustörf og símsvörun á skrifstofu skólans.
- Umsjón með reikningum og bókhaldi.
- Skólaritari er jafnframt launa- og persónuverndarfulltrúi.

Hæfnikröfur
- Auk stúdentsprófs er bókhaldsnám eða bókhaldsþekking æskileg.
- Góð íslenskukunnátta og góð almenn tölvukunnátta.
- Reynsla af launaforritinu H-laun er kostur.
- Lipurð í mannlegum samskiptum, samviskusemi og frumkvæði.

Með umsókn fylgi upplýsingar um menntun og starfsreynslu og meðmæli tveggja aðila.

Skólaritari starfar í húsnæði tónlistarskólans Eyravegi 9, Selfossi.
Fastur starfstími skólaritara er kl. 13:00 – 17:00 + fjórir morgnar í mánuði kl. 8:00 - 12:00 (eða eftir samkomulagi).
Kjör eru samkvæmt kjarasamningi FOSS.

Upplýsingar fást hjá skólastjóra í síma 861-9687 eða aðstoðarskólastjóra í síma 864-1235. **Umsóknarfrestur er til 1. febrúar 2021.** Senda má fyrirspurnir og umsóknir í tölvupósti til helga@tonar.is eða joi@tonar.is.

Tónlistarskóli Árnesinga er einn af stærstu tónlistarskólum landsins með starfsemi á 12 kennslustöðum í sýslunni. Fjöldi nemenda er um 575 og starfa 37 kennarar við skólann.
Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu skólans www.tonar.is

Nýtt ár – ný tækifæri hjá BIOEFFECT

Krefjandi starf í alþjóðlegu vefumhverfi

Stjórnandi vefmála BIOEFFECT

Við leitum að öflugum stjórnanda með yfirgripsmikla þekkingu og reynslu af vefþróun. Stefna okkar er að fjárfesta enn frekar í þróun og uppbyggingu á vefumhverfi fyrirtækisins með áherslu á að efla ásýnd og upplifun viðskiptavina okkar, auka sölu og kross-sölu.

Vefurinn gegnir lykilhlutverki í sölu- og markaðsstarfi okkar á heimsvísu en umhverfið er sérlega krefjandi með eigin vefsíðum og dreifiaðilum um allan heim sem reka útgáfur af BIOEFFECT vef- og vefverslunum.

Menntun og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Yfirgripsmikil þekking og reynsla af rekstri vefja, vefverslana og þróun
- Reynsla af innleiðingu á vef
- Reynsla af netmarkaðssetningu og hönnun þjónustuferla
- Þekking á Shopify, HTML, CSS og JavaScript kostur
- Mjög gott vald á íslensku og ensku
- Frumkvæði, sjálfstæði í starfi og skipulögð vinnubrögð
- Metnaður og löngun til að ná árangri

Sækið um á alfred.is til og með 25. janúar 2021. Farið verður með allar upplýsingar sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsngar veitir Elísabet Austmann, framkvæmdastjóri markaðssviðs: starf@bioeffect.com

Spennandi starf í alþjóðlegum viðskiptum

Sölu- og viðskiptastjóri BIOEFFECT

Við leitum að metnaðarfullum og reynslumiklum einstaklingi í starf sölu- og viðskiptastjóra fyrir BIOEFFECT húðvörurnar með áherslu á Asíumarkað.

Leitað er að öflugum og drífandi einstaklingi sem er tilbúinn til þess að takast á við skemmtileg og fjölbreytt verkefni sem snúa að sölustarfi BIOEFFECT.

Viðskiptastjóri ber ábyrgð á völdum markaðssvæðum og er aðaltengiliður viðkomandi markaða. Starfið felur í sér samskipti og eftirfylgni á sölu- og markaðsstarfi samstarfsaðila.

Menntun og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Yfirgripsmikil reynsla af sölu og viðskiptastýringu
- Þekking á sölu inn á Asíu markað er kostur
- Afburða samskiptahæfileikar
- Reynsla af gerð og eftirfylgni sölu og markaðsáætlana
- Góðir greiningarhæfileikar
- Frumkvæði, söludrifni og sjálfstæði í starfi
- Mjög gott vald á ritaðri og talaðri ensku er skilyrði

Sækið um á alfred.is til og með 25. janúar 2021. Farið verður með allar upplýsingar sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar veitir Berglind Johansen, framkvæmdastjóri sölusviðs: starf@bioeffect.com



BIOEFFECT íslenska húðvörumerkið er í eigu ORF Líftækni.
Vörur BIOEFFECT eru seldar um allan heim og hafa skapað sér sérstöðu á alþjóðlegum neytendamarkaði.

BIOEFFECT

Stafrænir vélstjórar óskast

the engine

The Engine, dótturfyrirtæki Pipars\TBWA, leitar að sterkum liðsfélögum í árangursdrifið verðlaunateymi sem sinnir fjölbreyttum viðskiptavinum í Bretlandi, Þýskalandi, Írlandi, Bandaríkjunum, Noregi og á Íslandi.

Sérfræðingur í stafrænni markaðssetningu \Paid Social Manager

Helstu verkefni
- Ráðgjöf um notkun samfélagsmiðla í stafrænni markaðssetningu, stuðningur við markaðsráðgjafa og aðstoð við þróun verkferla.
- Umsjón og uppsetning samfélagsmiðlaherferða og gerð markaðsáætlana.
- Gerð skýrslna um árangur og nýtingu miðla í samræmi við innri ferla og skjölun.
- Umsjón með því að gæði gagna séu ávallt sem best (tracking) og mæling og skilgreining lykilmælikvarða (KPI) fyrir viðskiptavini.

Hæfniskröfur
- Að minnsta kosti tveggja ára reynsla af umsjón og notkun samfélagsmiðla í markaðsstarfi.
- Framúrskarandi þekking á Facebook Business & Ads Manager, Instagram og LinkedIn. Þekking á markaðstólum Snapchat, Twitter og TikTok er kostur.
- Þekking á pixel, UTM-breytum og grunnkóða.
- Framúrskarandi enskukunnátta, bæði í rituðu og töluðu máli. Góð tök á íslensku í rituðu og töluðu máli.
- Góð kunnátta í MS Office, sérstaklega Excel.

Sérfræðingur í leitarvéla-markaðssetningu \ Senior Paid Search Manager

Helstu verkefni
- Ráðgjöf um notkun Google-auglýsinga í stafrænni markaðssetningu, stuðningur við markaðsráðgjafa og aðstoð við þróun verkferla.
- Umsjón og uppsetning vegvísa í leitarvélamarkaðssetningu fyrir viðskiptavini.
- Gerð skýrslna sem ná yfir árangur og nýtingu miðla og umsjón með gæðum gagna (tracking).
- Umsjón með greiningum (GA) og tæknileg uppsetning (GTM).
- Mæling og skilgreining lykilmælikvarða (KPI) fyrir viðskiptavini.

Hæfniskröfur
- Að minnsta kosti fimm ára reynsla af umsjón og notkun leitarvéla í markaðsstarfi.
- Framúrskarandi þekking á mismunandi greiningartólum (t.d. Google Analytics og WebTrends), á pixel, UTM-breytum og grunnkóða.
- Framúrskarandi enskukunnátta, bæði í rituðu og töluðu máli sem og í íslensku.
- Góður skilningur á ferlum í vefhönnun.
- Sérfræðiþekking í viðfangsefnum leitarvélamarkaðssetningar, þar á meðal Google, Bing o.s.frv.
- Góð kunnátta í MS Office, sérstaklega Excel.

Samfélagsmiðla-sérfræðingur

Helstu verkefni
- Ábyrgð á og umsjón með samfélagsmiðlum viðskiptavina.
- Setja inn og framleiða efni fyrir samfélagsmiðla, s.s. textavinna og myndefni.
- Markaðsgreining, hugmyndavinna og efnissköpun fyrir samfélagsmiðla, auk skipulags, útfærslu og eftirfylgni ásamt árangursgreiningu.
- Skipuleggja markaðsherferðir á samfélagsmiðlum í samstarfi við teymi.
- Árangursmælingar og greining tækifæra á samfélagsmiðlum.

Hæfniskröfur
- Menntun og/eða reynsla með áherslu á markaðs- og viðskiptafræði er skilyrði.
- Að minnsta kosti 3 ára starfsreynsla af nýtingu samfélagsmiðla í stafrænni markaðssetningu og gott nef fyrir samfélagsmiðlum og nýjungum í stafrænni miðlun.
- Mjög gott vald á íslensku og grunnþekking á myndvinnslu.
- Reynsla af Facebook Business Manager, FB Pixel, o.s.frv.

Pipar\TBWA er alþjóðleg auglýsingastofa með skrifstofur í Reykjavík og Osló.
Við leggjum áherslu á gæði og árangur með það að leiðarljósi að vera sveigjanlegur og fjölskylduvænn vinnustaður.
Því til viðbótar er að sjálfsögðu alltaf gaman í vinnunni!

Pipar\TBWA

Umsóknum skal skilað inn á vefsíðunni **Vinnvinn.is** fyrir 26. janúar nk.

Nánari upplýsingar veita:
Hilmar Hjaltason, **hilmar@vinnvinn.is**
Jensína Böðvarsdóttir, **jensina@vinnvinn.is**

vinnvinn



GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Grafísk hönnun, umbrot, uppsetning og textavinnsla fyrir auglýsingaefni, bæklinga o.fl.
- Hönnun á auglýsingaefni fyrir vef- og samfélagsmiðla
- Hönnun á efni fyrir vörumerkjasíður og vefverslanir
- Markaðsstarf og hugmyndavinna með stafrænu teymi
- Virk þátttaka í þróun á vefsíðum og vefhönnun
- Virk þátttaka í þróun á öðrum stafrænum miðlum Icepharma
- Hugmyndavinna og samskipti við aðrar deildir og svið innan fyrirtækisins

Hæfnikröfur:

- Menntun í grafískri hönnun eða sambærilegt nám
- Góð reynsla af hönnunarforritum
- Reynsla af auglýsingagerð og hönnun fyrir stafræna miðla
- Menntun eða reynsla af ljósmyndun er kostur
- Mjög góð færni í íslensku
- Jákvæðni og framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu
- Þjónustulund, fagmennska og frumkvæði

Um er að ræða 60% starf, vinnutími eftir samkomulagi. Nánari upplýsingar um starfið veita Stefanía Þórisdóttir, hönnunarstjóri, stefania@icepharma.is og Trausti Þór Karlsson, sölu- og markaðsstjóri stafrænna miðla, trausti@icepharma.is.

HÓPSTJÓRI SKRÁNINGA **HJÁ LYFIS/APÓTEKASVIÐI**

LYFIS

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Dagleg stjórnun og forgangsröðun verkefna skráningarteymis
- Nýskráningar samheitalyfja og viðhald markaðsleyfa
- Utanumhald og umsjón með hönnun og uppfærslu lyfjaumbúða
- Samskipti við birgja, heilbrigðisyfirvöld og dreifingaraðila
- Gæðatengd verkefni, s.s. móttökueftirlit og frávikaskráningar
- Yfirferð og samþykkt auglýsinga- og markaðsefnis
- Þátttaka í úttektum
- Umsjón með lyfjagát og gerð fræðsluefnis

Hæfnikröfur:

- Lyfjafræðimenntun eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af lyfjaskráningum
- Reynsla af verkefnastýringu
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Kunnátta í Norðurlandamáli er æskileg
- Lausnamiðuð, skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum

Um er að ræða 100% starf. Nánari upplýsingar um starfið veitir Lilja Dögg Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri LYFIS/Apótekasviðs, lilja.dogg@icepharma.is.

Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá ásamt kynningarbréfi. Öll kyn eru hvött til að sækja um störf hjá Icepharma. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og í samræmi við lög um meðferð persónuupplýsinga.

Icepharma er í fararbroddi á íslenskum heilbrigðis- og neytendamarkaði. Kjarninn í starfsemi okkar er að auka lífsgæði með öflugu framboði af heilsueflandi vörum. Hjá fyrirtækinu starfa yfir 100 manns við sölu og markaðssetningu, sérfræðiráðgjöf og þjónustu. Við leggjum áherslu á metnað, frumkvæði, gleði og svigrúm starfsfólks til að vaxa og þróast í starfi.

LYFIS er eitt af leiðandi fyrirtækjum á Íslandi í sölu á lyfjum og heilsueflandi vörum til apóteka.

icepharma

Umsóknarfrestur er til 24. janúar 2021.

Sótt er um störfin á ráðningarvef Icepharma: www.icepharma.is / Um Icepharma / Atvinna



Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF



Croisette Real Estate Partner er eitt mest vaxandi fasteignaráðgjafarfyrirtæki Svíþjóðar og vex stöðugt með bæði nýjum viðskiptasvæðum, þjónustu og starfsmönnum.

Við sérhæfum okkur í ráðgjöf til erlendra fjárfesta og fyrirtækja í fasteignaviðskiptum og útleigu á atvinnueignum.

Nú erum við að leita að útleigusérfræðingi fyrir nýstofnaða skrifstofu okkar í Reykjavík

Sem hluti af vaxandi fyrirtæki hefurðu tækifæri til að axla aukna ábyrgð og þroskast með fyrirtækinu.
Erum að leita að markmiðasæknum sölumanni sem hugsar út fyrir boxið.
Kann að vinna sjálfstætt og er lausnamiðaður einstaklingur með mikla kunnáttu á fyrirtækja- og fasteignamarkaðinum í Íslandi.

Hlutverk þitt sem útleigusérfræðingur:
- Öflun nýrra eigna til leigu
- Leigumiðlun
- Samskipti við fasteignaeigendur
- Samskipti við erlenda viðskiptavini við leiguráðgjöf
- Samningsgerð

Við gerum miklar kröfur til þjónustulundar og að þú hafir öflugt söluviðhorf.
Þú ert mjög andlit fyrirtækisins gagnvart umheiminum og mikilvægur sendiherra fyrir allt fyrirtækið.

Hæfni:
- Yfirburðarhæfni í íslensku og ensku.
- Söluhæfni
- Mikil þekking á íslenskum fasteigna- og fyrirtækjamarkaði
- Reynsla og menntun sem nýtist í starfi.
- Löggilding fasteignasala er mikill kostur.
- Fullgilt ökuskirteini er skilyrði.
- Framtaksemi og rík þjónustulund
- Góð tölvukunnátta nauðsynleg

Um er að ræða fullt starf hjá sterku fyrirtæki með mikil alþjóðleg tengsl sem býður uppá mikil tækifæri og fríðindi.
Croisette Real Estate Partner metum auðmjúkt og nýstárlegt fólk sem er tilbúið að gefa allt til að taka fyrirtækið í átt að okkar framtíðarsýn - að verða leiðandi fasteignaráðgjafi á heimsmælikvarða.
Við höfum sterka fyrirtækjamenningu og það skiptir öllu máli fyrir okkur að allir starfsmenn falli að þessu.
Skrifstofa Croisette á Íslandi er í Turninum við Höfðatorg í Katrínartúni.

Umsóknarfrestur er til 1.febrúar nk.
Tekið er á móti auglýsingum á www.alfred.is

Nánari upplýsingar veitir Styrmir Bjartur Karlsson, framkvæmdastjóri í 569 9090 / styrmir@croisette.is
www.croisette.is

Lögfræðingur

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála auglýsir eftir lögfræðingi til starfa við krefjandi verkefni. Leitað er að framúrskarandi einstaklingi sem er dugmikill, athugull, býr yfir hæfni til að vinna sjálfstætt að greiningu og úrlausn lögfræðilegra álitaefna, getur greint á milli aðal- og aukaatriða og hefur gott vald á íslenskri tungu.
Um er að ræða fullt starf sem ráðið verður í frá og með 1. maí 2021 eða eftir samkomulagi.

Helstu verkefni:

- Starfið felst einkum í úrvinnslu kærumála og undirbúningi úrskurða
- Viðfangsefnin eru á sviði stjórnsýsluréttar og umhverfis- og auðlindamála, þ.á.m. skipulags- og byggingarmála, mála er varða hollustuhætti og mengunarvarnir og mála er varða mat á umhverfisáhrifum

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði
- Þekking eða reynsla á sviði stjórnsýsluréttar
- Reynsla af störfum innan stjórnsýslunnar eða úrskurðarvinnu er æskileg
- Þekking á umhverfis- og auðlindamálum, skipulags- og byggingarmálum og/eða málum er varða hollustuhætti og mengunarvarnir er æskileg
- Framúrskarandi kunnátta í íslensku í ræðu og riti
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót
- Nákvæmni, ögguð, sjálfstæð og skilvirk vinnubrögð
- Hæfni til að vinna undir álagi og með jöfnum og góðum afköstum

Umsóknarfrestur er til og með **31. janúar 2021**. Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Einstaklingar af öllum kynjum eru hvattir til að sækja um starfið.

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur það hlutverk að úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvarðana og ágreiningsmálum vegna annarra úrlausnaratriða á sviði umhverfis- og auðlindamála eftir því sem mælt er fyrir um í lögum á þessu sviði. Samkvæmt lögum ber nefndinni að kveða upp úrskurði eins fljótt og kostur er og jafnan innan þriggja mánaða frá því að málsgögn bárust frá stjórnvaldi, en innan sex mánaða frá sama tímamarki sé mál viðamikið. Úrskurðarnefndin hefur náð lögbundnum málsmeðferðartíma og er lögð áhersla á að svo verði áfram án þess að slakað verði á kröfum um gæði. Almennar upplýsingar um starfsemi nefndarinnar má finna á heimasíðu hennar: **www.uua.is**.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Stéttarfélags lögfræðinga og ríkisins. Umsóknir gilda í sex mánuði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar um starfið veita: Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdis@intellecta.is) og Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

AÐSTOÐARSKÓLASTJÓRI Á LEIKSKÓLASTIG URRIÐAHOLTSSKÓLA GARÐABÆ

Urriðaholtsskóli er samrekinn leik- og grunnskóli í Garðabæ. Auglýst er eftir aðstoðarskólastjóra á leikskólastig til að taka þátt í að móta og byggja upp skólasamfélag þar sem áhersla er á skapandi starf með einstaklinginn í fyrirrúmi. Um framtíðarstarf og 100% stjórnunarstöðu er að ræða.

Teymiskennsla er einkennandi fyrir starfshætti skólans bæði á meðal nemenda og starfsmanna, svo og milli skólastiga. Gildi skólans eru: Virðing, ábyrgð og umhverfi. Starfsumhverfi er gott og lögð rík áhersla á að vinna eftir gagnreyndum aðferðum sem og að veita foreldrum fræðslu og uppeldisráðgjöf.

Helstu verkefni og ábyrgð:
- Er aðstoðarmaður skólastjóra og ber ásamt honum ábyrgð á rekstri leikskólastigs
- Er staðgengill í fjarveru skólastjóra
- Vinnur ásamt skólastjóra að daglegri stjórnun leikskólastigs og skipulagningu uppeldisstarfs
- Sinnir þjálfun og ráðgjöf til starfsfólks
- Sinnir fræðslu og ráðgjöf um þroska barna og uppeldi til foreldra
- Sinnir þeim verkefnum sem yfirmaður felur honum

Menntun, hæfni og reynsla:
- Leyfisbréf til kennslu (leyfisbréf fylgi umsókn)
- Að lágmarki 60 námseiningar í uppeldis- og kennslufræðigreinum
- Sérhæfð hæfni sem snýr að skólaþróun, stjórnun, rekstri og stjórnsýslu
- Reynsla af starfi á leikskólastigi
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar og/eða reynsla að stjórnun æskileg
- Góð íslenskukunnátta og ritfærni er skilyrði
- Góð samskiptahæfni
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð tölvukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 30. janúar 2021. Gert er ráð fyrir að ráðning taki gildi 1. mars 2021 eða eftir samkomulagi.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þorgerður Anna Arnardóttir skólastjóri Urriðaholtsskóla, s. 5919500, netfang thorgerduranna@urridaholtsskoli.is.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags stjórnenda í leikskólum.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is**

URRIÐAHOLTSSKÓLI

GARÐABÆR
gardabaer.is

ALÞINGI

Skrifstofa Alþingis

auglýsir eftir matreiðslumanni
í afleysingastarf til eins og hálfs árs.
Sjá nánar á Starfatorg.is.

MAGNA
LÖGMENN

Löglærður fulltrúi óskast til starfa

MAGNA Lögmenn óska eftir að ráða löglærðan fulltrúa.

Umsækjandi þarf að hafa lokið meistaranámi í lögfræði, hdl.-réttindi eru æskileg. Verkefni eru á sviði almennrar lögfræðiráðgjafar, stjórnsýslu, eignaréttar, fjármunaréttar, samningsgerðar, o.fl. Umsækjandi þarf að búa yfir góðum samskiptahæfileikum, þjónustulund og geta unnið sjálfstætt. Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknir ásamt ferilsskrá skulu berast til MAGNA Lögmenn ehf., Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, á tölvupóstfangið logmenn@magna.is, eigi síðar en þriðjudaginn **19. janúar 2021.** Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál.

Starfsmaður óskast á skrifstofu Kjósarhrepps

Sveitarfélagið Kjósarhreppur óskar eftir öflugum og drífandi starfsmanni í 60% starf. Skrifstofan sinnir verkefnum fyrir sveitarsjóð Kjósarhrepps, Kjósarveitur ehf og Leiðarljós ehf. Upplýsingar um sveitarfélagið Kjósarhrepp og dótturfyrirtækin má finna á www.kjos.is

Helstu verkefni og ábyrgð
- Greiðsla reikninga
- Aðstoða við skjalavörslu
- Upplýsingagjöf til íbúa og annarra viðskiptavina
- Símsvörun
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfnikröfur
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun er skilyrði.
- Þekking á Microsoft Dynamics 365 Business Central (NAV) og OneSystems skjalakerfi er kostur.
- Góð almenn tölvukunnátta og færni í Excel er æskileg.
- Góð íslenskufærni, nákvæm og ögguð vinnubrögð.
- Rík þjónustulund, jákvæðni og samskiptahæfni.
- Frumkvæði og sjálfstæði.

Íbúar Kjósarhrepps eru um 250, skrifstofa sveitarfélagsins er staðsett í Ásgarði. Þrír starfsmenn vinna á skrifstofu sveitarfélagsins í dag.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Ráðið er í öll störf óháð kyni.

Umsóknir skulu innihalda starfsferilsskrá og kynningarbréf sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið. Nánari upplýsingar um starfið veitir Karl Magnús Kristjánsson í síma 566 7100. Um framtíðarstöðu er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað.

Umsóknarfrestur er til og með 1.2.2021.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.kjos.is**

job
Finnum draumastarfið saman

Erum við
að leita **að þér?**



Rapyd

Sköpum framtíðina í fjártækni

Komdu að vinna hjá alþjóðlegu fyrirtæki sem gjörbyltir greiðsluheiminum



Viðskiptastjóri

Við leitum að drífandi og lausnamiðuðum einstaklingi til þess að koma á nýjum viðskiptasamböndum



Skrifstofa

Við leitum að jákvæðum og glaðlegum einstaklingi sem kann vel við sig í fjörugu umhverfi

Áhættustýring

Við leitum að sérfræðingi sem getur tekið frumkvæði og hefur hæfileika til að laga sig að fjölbreyttum og krefjandi verkefnum



Regluvarsla

Við leitum að aðila sem hefur þekkingu á regluverki fjármálamarkaða og aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Rapyd

Nánari upplýsingar um störfin og umsóknarferlið á Rapyd.net/is

Starf í vélsmiðju

Vélvirkjar, vélfræðingar og stálsmiðir

Smiðjan Fönix óskar eftir að ráða metnaðarfullan og harðduglegan einstakling með fagmenntun og/eða starfsreynslu, eða nema á sviði málm- og véltæknigreina. Um framtíðarstarf er að ræða. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Um er að ræða fjölbreytt og áhugavert starf í góðum og þéttum starfsmannahópi.

Helstu verkefni

- *Viðgerðir og viðhald á vélbúnaði, einkum tengt sjávarútvegi og iðnaði.*
- *Samsetning á vélbúnaði.*
- *Stálsmíði.*
- *Rennismíði.*
- *Önnur tilfallandi verkefni í vélsmiðju.*

Menntun og hæfniskröfur

- *Iðnmenntun, vélfræðimenntun og / eða góð reynsla í faginu.*
- *Hæfni í mannlegum samskiptum og vinnur vel í teymi.*
- *Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.*
- *Útsjónarsemi og lausnamiðaður hugsunarháttur.*
- *Góð íslenskukunnátta er skilyrði.*

Smiðjan Fönix rekur verslun, vélsmiðju og rafvirkjaþjónustu á Rifi í Snæfellsbæ.
Fyrirtækið hefur starfað síðan 2017 og er í örum vexti.
Hjá fyrirtækinu starfa 8 manns.
Umsókn sendist á starf@fonix.is eigi síðar en 25. janúar
Öllum umsóknum verður svarað.

Smiðjan Fönix

Deildarforseti viðskiptadeildar



Deildarforseti hefur umsjón með námi og leiðir akademíska stefnumótun deildarinnar. Leitað er að einstaklingi með faglegan styrk, forystu í rannsóknum, reynslu af skólamálum á háskólastigi og metnað og áhuga á að taka virkan þátt í frekari uppbyggingu og þróun þessara þátta innan viðskiptafræði. Nemendafjöldi viðskiptadeildar er 530, þar af 262 í grunnnámi og 268 í meistaranámi.

Háskólinn á Bifröst er framsækinn háskóli sem hefur verið leiðandi í uppbyggingu hagnýts fjarnáms á háskólastigi hér á landi síðastliðin 20 ár.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Situr í framkvæmdastjórn skólans og stjórn rannsóknasjóðs.
- Tekur þátt í nefndarstarfi utan og innan skólans eftir atvikum.
- Kemur að kennslu og rannsóknum samkvæmt samkomulagi við rektor.
- Leiðir innra starf og þróunarstarf deildar.
- Hefur eftirlit með rannsóknarvirkni í deildinni.
- Heldur utan um gæðastarf deildar.
- Ber fjárhagslega ábyrgð innan ramma fjárhagsáætlunar.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistaragráða á fræðasviðinu.
- Doktorspróf er kostur.
- Þekking og reynsla af stjórnun og/eða kennslu á háskólastigi er mikilvæg.
- Þekking og reynsla úr viðskiptalífinu er kostur.
- Leiðtoga- og stjórnunarfærni.
- Skipulags, samskipta- og samráðsfærni.
- Mjög góð færni í íslensku og ensku, í ræðu og riti.

Með umsókn skulu fylgja skrár og staðfestingar yfir nám, starfsferil og rannsóknir og kynningarbréf þar sem kemur fram m.a. lýsing á hugmyndum umsækjanda um uppbyggingu og þróun náms í viðskiptafræði við Háskólann á Bifröst. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Starfsstöð: Háskólinn á Bifröst og skrifstofur skólans í Reykjavík.

Nánari upplýsingar: Margrét Jónsdóttir Njarðvík, rektor, rektor@bifrost.is, eða Jón Snorri Snorrason, dósent og fráfarandi deildarforseti, jonsnorri@bifrost.is. Umsóknir sendist á deildarforsetivd@bifrost.is.

Háskólinn á Bifröst vinnur samkvæmt jafnréttisáætlun skólans og hvetur alla óháð kyni til að sækja um.

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
- í fararbroddi í fjarnámi

Umsóknarfrestur er til og með 31. janúar 2021.



Fyrirmyndar-fyrirtæki 2020

HAGVANGUR

hagvangur.is

Arkitekt / byggingafræðingur

dap arkitektar leita að starfsfólki

Arkitekt með reynslu og þekkingu á hugmyndavinnu og framsetningu á tillögum í 3D.

Arkitekt eða byggingarfræðingur með góða reynslu við gerð aðaluppdrátta ásamt verk- og deiliteikningum.

Umsækjendur þurfa að geta unnið sjálfstætt og í samvinnu við aðra.

Umsókn ásamt ferilskrá skal send á netfangið umsokn@dap.is eigi síðar en 25.01.2021. Umsækendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

dap
development-architecture-property Þrastargata 11 107 Reykjavík



Lausar stöður hjá Hafnarfjarðarbæ

Fjölskyldu- og barnamálasvið
- **100% staða -** Hæfingarstöðin Bæjarhrauni
- **Frístundaklúbbur fyrir fatlaða** - Kletturinn

Grunnskóli
- **Kennari í 50% stöðu** - Skarðhlíðarskóli

Leikskóli
- **Aðstoð í eldhúsi** - Stekkjarás
- **Deildarstjóri** - Skarðshlíðarleikskóli
- **Leikskólakennari** - Bjarkalundur
- **Leikskólakennari** - Víðivellir
- **Leikskólakennarar** - Álfaberg

Stjórnsýslusvið
- **Sviðsstjóri**

Nánari upplýsingar á:
Hafnarfjordur.is

Hafnarfjörður



Viltu vinna við Jaguar og Land Rover?

Við leitum að frábæru starfsfólki til að vinna við glæsilega bíla á verkstæði Jaguar-Land Rover á Hesthálsi

Vinnutími er mánudaga til föstudaga frá kl. 17.00-21.00

Sótt er um á **www.bl.is/atvinna**.

Umsóknarfrestur er til og með **25. janúar** 2021.

Nánari upplýsingar veitir Trausti Björn Ríkharðsson þjónustustjóri Jaguar Land Rover: **trausti@bl.is**

Verkstjóri kvöldvaktar

Ef þú ert drífandi leiðtogi með ríka þjónustulund og sterkur í mannlegum samskiptum er þetta starfið fyrir þig. Starfið felur í sér verkstjórn, samskipti við viðskiptavini, reikningagerð og samstarf við tæknistjóra og starfsmenn verkstæðismóttöku.

Hæfniskröfur:
- Leiðtogahæfileikar
- Reynsla af leiðtoga- eða stjórnendastörfum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð þjónustulund
- Góð tölvufærni
- Iðnmenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af viðgerðum er kostur
- Frumkvæði og áreiðanleiki
- Sjálfstæð, skipulögð og fagleg vinnubrögð eru nauðsynleg
- Ökuréttindi

Starfsmaður á verkstæði

Í boði er tæknilega vel útbúin vinnuaðstaða og endurmenntun samkvæmt stöðlum framleiðanda til að viðhalda þekkingu og tileinka sér nýjustu tækni í greininni.

Hæfniskröfur:
- Bifvélavirkjamenntun eða mjög mikil reynsla af bílaviðgerðum
- Gott tölvulæsi
- Ökuréttindi skilyrði
- Sjálfstæð, skipulögð og fagleg vinnubrögð eru nauðsynleg

Hjá BL vinnur fólk sem hefur metnað til þess að skara fram úr og veita framúrskarandi og faglega þjónustu í samvinnu við samheldinn og sterkan starfsmannahóp. Öflug námskeiðs- og fræðsluáætlun viðheldur þekkingu og eflir starfsmenn í nýjustu tækni vörumerkjanna. Starfsmenn fá vottaðar staðfestingar eða gráður, skv. stöðlum vörumerkjanna. Hjá BL er mjög virkt starfsmannafélag og einstök fyrirtækjamenning sem við erum afar stolt af.

JAFNLAUNAVOTTUN 2019 - 2022

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

SAMTÖK FYRIRTÆKJA Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

Lögfræðingur

SFV eru hagsmunasamtök fyrirtækja sem starfa við velferðarþjónustu og eru sjálfseignarstofnanir, í eigu félagasamtaka, einkaaðila eða opinberra aðila.

Aðildarfélög SFV eru 47 talsins. Mörg aðildarfélaganna eru öldrunarstofnanir, en einnig fyrirtæki með aðra starfsemi eins og dagþjálfun, áfengismeðferð, þjónustu við hreyfihamlaða o.fl.

Sjá nánar á heimasíðu samtakanna
www.samtok.is

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) auglýsa eftir lögfræðingi til starfa. Starfið felur í sér að stýra kjaranefnd SFV og veita lagalega ráðgjöf til aðildarfélaga samtakanna, m.a. á sviði vinnumarkaðsréttar. Þá myndi starfsmaðurinn vera aðildarfélögum SFV til stuðnings við gerð þjónustusamninga, sem og í annarri hagsmunagæslu aðildarfélaganna gagnvart stjórnvöldum.

Umsóknarfrestur er til 2. febrúar nk.

Umsóknum skal skila rafrænt á netfangið eybjorg@samtok.is.
Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem umsækjandi gerir grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Hæfnis – og menntunarkröfur:
- Fullnaðarnám í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi skilyrði
- Að minnsta kosti þriggja ára starfsreynsla sem lögfræðingur skilyrði
- Reynsla af samningagerð skilyrði
- Þekking á vinnumarkaðsrétti og kjaraumhverfi opinberra starfsmanna kostur
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu kostur
- Þekking og reynsla á sviði samkeppnisréttar og réttarreglna um opinber innkaup kostur
- Reynsla af lögmannsstörfum kostur
- Mjög gott vald á íslensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð og fagleg vinnubrögð

Nánari upplýsingar um starfið er hægt að nálgast hjá Eybjörgu Hauksdóttur framkvæmdastjóra samtakanna í s: 5 600 200.

Sérfræðingur á sviði náttúru- og umhverfismála

Náttúrufræðistofnun Íslands leitar að sérfræðingi til að starfa við og halda utan um álit, umsagnir og ráðgjöf mála á verksviði stofnunarinnar, m.a. í tengslum við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, skipulagsáætlanir og náttúruverndarmál. Í boði er fjölbreytt og krefjandi starf á góðum vinnustað.

Helstu verkefni og ábyrgð
Umsjón með umsögnum og ráðgjöf um mál sem lúta að nýtingu náttúrunnar, m.a. í tengslum við:
- Mat á umhverfisáhrifum
- Skipulagsmál
- Framkvæmdaleyfi
- Friðlýst svæði
- Veiðar á villtum fuglum og spendýrum
- Rannsóknarleyfi

Hæfnikröfur
- Háskólapróf í náttúrufræði eða sambærileg þekking, framhaldsmenntun er kostur
- Þekking og reynsla á sviði umhverfis- og skipulagsmála
- Þekking á opinberri stjórnsýslu
- Góð þekking á náttúru Íslands
- Frumkvæði, sjálfstæði í störfum og faglegur metnaður
- Samviskusemi og góð samskiptafærni
- Nákvæmni og góð skipulagshæfni
- Góð ritfærni á íslensku og ensku

Frekari upplýsingar um starfið
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert. Umsóknarfrestur er til og með **26. janúar 2021.** Sótt er um starfið á starfatorg.is og skal öllum umsóknum fylgja starfsferliskrá ásamt kynningarbréfi þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda í starfið.

Um fullt starf er að ræða. Sveigjanlegur vinnutími er í boði.

Á Náttúrufræðistofnun Íslands starfa rúmlega 50 manns við rannsóknir og vöktun á náttúru landsins. Starfsandi á stofnuninni er góður og er leitast við að bjóða fjölskylduvænan vinnustað. Við ráðningar í störf hjá Náttúrufræðistofnun Íslands er tekið mið af jafnréttisstefnu stofnunarinnar.

Nánari upplýsingar veita
Þorkell Lindberg Þórarinsson, forstjóri - thorkell.l.thorarinsson@ni.is – 5900500
Ragnheiður Björgvinsdóttir, mannauðsstjóri – ragnheidur.bjorgvinsdottir@ni.is - 5900500

Þjóðskjalasafn Íslands
Laugavegi 162
105 Reykjavík
S. 590-3300
www.skjalasafn.is

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

SÉRFRÆÐINGUR Í RAFRÆNNI SKJALAVÖRSLU

Vilt þú taka þátt í að tryggja myndun, vörslu og örugga meðferð rafrænna gagna með réttindi borgaranna, hag stjórnsýslunnar og varðveislu sögu íslensku þjóðarinnar að leiðarljósi?

Þjóðskjalasafn Íslands er framkvæmdaaðili opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnar auk þess að gegna hlutverki opinbers skjalasafns. Hlutverk safnsins er m.a. að setja reglur og veita leiðbeiningar um skjalastjórn og skjalavörslu, um frágang og afhendingu skjala-og gagnasafna auk þess að tryggja örugga varðveislu og förgun skjala jafn rafrænt sem og á pappír. Þjóðskjalasafn er stærsta safn frumheimilda um sögu íslensku þjóðarinnar og er hlutverk þess jafnframt að tryggja gott aðgengi að gögnum safnsins, rannsaka og miðla þeim til almennings.

Þjóðskjalasafn Íslands auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings í rafrænni skjalavörslu á skjala- og upplýsingasviði safnsins. Meginverkefni sviðsins er viðtaka skjalasafna á pappír og rafrænu formi, frágangur og skráning skjalasafna, ráðgjöf og eftirlit með afhendingarskyldum aðilum, þjónusta við notendur á lestrarsal og afgreiðsla fyrirspurna úr safnkostinum.

Helstu verkefni og ábyrgð
Starfið felst einkum í ráðgjöf og fræðslu um rafræna skjalavörslu við afhendingarskylda aðila og viðtöku rafrænna gagna frá þeim. Auk þess tekur viðkomandi þátt í ýmsum öðrum verkefnum Þjóðskjalasafns. Helstu verkefni eru:
- Veita ráðgjöf um rafræna skjalavörslu til afhendingarskyldra aðila.
- Veita leiðbeiningar um afhendingu á vörsluútgáfum rafrænna gagna til Þjóðskjalasafns.
- Viðtaka, prófun og frágangur rafrænna gagna til langtímavarðveislu.
- Eftirlit með skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila.
- Kynning á reglum og samning fræðsluefnis og kennsla á námskeiðum um rafræna skjalavörslu.
- Að þróa áfram aðferðir við varðveislu rafrænna gagna og fylgjast með þróun í málaflokknum í nágrannalöndunum.


Menntunar- og hæfniskröfur
- Menntun í tölvunarfræði, verkfræði, kerfisfræði eða hliðstæð menntun er áskilin.
- Menntun í eða þekking á skjalfræði, upplýsingafræði og opinberri stjórnsýslu er æskileg.
- Fjölbreytt reynsla á sviði tölvumála er áskilin.
- Reynsla af starfi við skjalavörslu og skjalastjórn, notkun skjalasafna eða vinna í opinberu skjalasafni er æskileg.
- Góð kunnátta á miðlum og stöðlum er varða vörslu og flutning rafrænna gagna og kunnátta í algengum notendaforritum er æskileg.
- Góð kunnátta í íslensku og ensku í ræðu og riti er áskilin. Þekking á einu Norðurlandamáli er æskileg.
- Reynsla af verkefnastjórnun er æskileg.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og framúrskarandi samskiptahæfni er áskilin.
- Leiðtogahæfni og frumkvæði.

Frekari upplýsingar um starfið
Umsókn um starfið þarf að fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem greinir frá ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda í starfið. Vottorð um menntun fylgi umsókn. Við ráðningu er tekið mið af jafnréttisstefnu Þjóðskjalasafns og við hvetjum einstaklinga af öllum kynjum til að sækja um starfið. Umsóknin gildir í 6 mánuði eftir umsóknarfrestur rennur út nema umsækjandi ákveði annað. Þjóðskjalasafn áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum. Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni.

Starfshlutfall er 100%.
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi milli fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 31. janúar 2021. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst eða eftir nánar samkomulagi.

Nánari upplýsingar veitir
Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs – njordur.sigurdsson@skjalasafn.is - 820 3322.



Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningarþjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

Stjórnendaleit
Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga
Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Almennar ráðningar á markaði
Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Sveigjanleg nálgun
Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

Matstæki
Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikaþætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

Ráðgjöf við starfslok
Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

ráðum ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

Kennari í málmtæknigreinum Borgarholtsskóli

Laus er til umsóknar staða kennara í málmtæknigreinum við Borgarholtsskóla frá og með 1. mars næstkomandi.

Laun eru í samræmi við kjarasamning KÍ og stofnanasamning Borgarholtsskóla.

Umsækjendur greini í umsókn frá menntun, fyrri störfum og öðru því sem telja má að skipti máli.

Öll kyn eru hvött til að sækja um starfið.

Sakavottorð fylgi umsókn.

Á heimasíðu skólans, **www.bhs.is**, eru upplýsingar um skólann og starfsemi hans.

Upplýsingar um starfið veitir Aðalsteinn Ómarsson, deildarstjóri, adalsteinn.omarsson@borgo.is; sími: 856-1714.

Umsóknir ásamt fylgigögnum sendist í tölvupósti til Ársæls Guðmundssonar, skólameistara, arsaell.gudmundsson@borgo.is fyrir **21. janúar 2021.**

Borgarholtsskóli er fjölbreyttur, framsækinn og skapandi skóli sem leggur áherslu á að allir fái nám við sitt hæfi. Boðið er upp á margar námsleiðir; í bóknámi, listnámi, iðnnámi og starfsnámi. Einkunnarorð Borgarholtsskóla eru: **agi, virðing, væntingar.**

BHS Borgarholtsskóli
bókmennt · handmennt · siðmennt
www.bhs.is

Starfsmaður óskast á skrifstofu Kjósarhrepps

Sveitarfélagið Kjósarhreppur óskar eftir öflugum og drífandi starfsmanni í 60% starf. Skrifstofan sinnir verkefnum fyrir sveitarsjóð Kjósarhrepps, Kjósarveitur ehf og Leiðarljós ehf. Upplýsingar um sveitarfélagið Kjósarhrepp og dótturfyrirtækin má finna á www.kjos.is

Helstu verkefni og ábyrgð
- Greiðsla reikninga
- Aðstoða við skjalavörslu
- Upplýsingagjöf til íbúa og annarra viðskiptavina
- Símsvörun
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfnikröfur
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun er skilyrði.
- Þekking á Microsoft Dynamics 365 Business Central (NAV) og OneSystems skjalakerfi er kostur.
- Góð almenn tölvukunnátta og færni í Excel er æskileg.
- Góð íslenskufærni, nákvæm og ögguð vinnubrögð.
- Rík þjónustulund, jákvæðni og samskiptahæfni.
- Frumkvæði og sjálfstæði.

Íbúar Kjósarhrepps eru um 250, skrifstofa sveitarfélagsins er staðsett í Ásgarði. Þrír starfsmenn vinna á skrifstofu sveitarfélagsins í dag.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Ráðið er í öll störf óháð kyni.

Umsóknir skulu innihalda starfsferilsskrá og kynningarbréf sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið. Nánari upplýsingar um starfið veitir Karl Magnús Kristjánsson í síma 566 7100. Um framtíðarstöðu er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað.

Umsóknarfrestur er til og með 1.2.2021.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.kjos.is**

VERITAS



KERFISSTJÓRI

Við leitum að reynslumiklum, öflugum og metnaðarfullum kerfisstjóra, sem hefur áhuga á að taka þátt í mótun og rekstri á tækniumhverfi fyrirtækisins, rekstri á kjarna- og netkerfum sem og þjónustu við notendur samstæðunnar í tæknimálum.

Starfssvið

- Almenn notendaþjónusta og umsýsla í Microsoft umhverfi
- Uppsetning og rekstur á útstöðvum og snjalltækjum
- Uppsetning og rekstur á miðlægum búnaði sem er m.a. í Microsoft Azure
- Kerfisumsjón lausna s.s. rekstur, bilanagreiningar og úrbætur
- Kröfugreining og hönnun tækniumhverfis sem styður við kerfis- og vinnuferla Veritas samstæðunnar

Hæfni, þekking og reynsla

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi eða reynsla af rekstri og uppsetningu kerfa og tækniumhverfis
- Góð þekking á öryggiskröfum gagnvart upplýsingatækniumhverfi
- Góð þekking á Microsoft lausnum og Microsoft vottun er kostur
- Góð þekking á Windows umhverfi og notendabúnaði
- Reynsla af vinnu með vélbúnað
- Brennandi áhugi á nýjungum í öryggis- og tæknimálum
- PowerShell, SCCM, HyperV og Skype/Teams þekking er kostur
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Lausnamiðuð hugsun, þjónustulund, jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Yfirsýn og geta til að vinna undir álagi
- Góð íslensku- og enskukunnátta í töluðu og rituðu máli

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MEÐ 24. JANÚAR.

Tekið er við umsóknum í gegnum ráðningarvef Veritas, **www.veritas.is**.


Umsóknum skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda í starfið.

Nánari upplýsingar veita **Hákonía J. Guðmundsdóttir**, deildarstjóri upplýsingatæknideildar, hakonia@veritas.is og **Pétur Veigar Pétursson**, starfsmannastjóri, petur@veritas.is.

Veritas sérhæfir sig í rekstri fyrirtækja á sviði heilbrigðisþjónustu. Veritas er móðurfélag fyrirtækjanna Artasan ehf., Distica hf., MEDOR ehf., Stoð hf. og Vistor hf. Fyrirtækið er kjölfesta samstæðunnar og veitir þjónustu til dótturfyrirtækjanna svo þau geti einbeitt sér að kjarnastarfsemi sinni. Stjórnkerfi upplýsingaöryggis hjá Veritas er vottað skv. ISO 27001 af BSI (British Standards Institution) í London. Nánar á www.veritas.is

GILDI VERITAS ERU ÁREIÐANLEIKI, HREINSKIPTNI OG FRAMSÆKNI

STOÐ



ERT ÞÚ OFURSTARFSMAÐUR?

SPENNANDI STARF HJÁ VAXANDI FYRIRTÆKI Á HEILBRIGÐISSVIÐI

Við leitum að drífandi, hörkuduglegum og handlögnum einstaklingi sem getur sinnt fjölbreyttum störfum þvert á deildir fyrirtækisins. Þetta er tilvalið tækifæri fyrir réttan einstakling til að láta til sín taka og vaxa í starfi.Hjá fyrirtækinu starfar öflugur og samhentur hópur fagfólks sem starfar á heilbrigðis- og íþróttamarkaði.

Helstu verkefni

- Móttaka og afhending á vörum
- Uppstilling á vörum í verslun
- Samsetning á stuðnings- og hjálpartækjum
- Almenn tölvuvinna s.s. bókhalds-, birgða- og afgreiðslukerfi
- Sala, afgreiðsla og símsvörun
- Útkeyrsla
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfni, þekking og reynsla

- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi, iðn-, tækni- eða háskólamenntun
- Góð tölvukunnátta skilyrði
- Framúrskarandi samskiptahæfni og þjónustulund
- Frumkvæði, drifkraftur og jákvætt viðhorf
- Greiningar- og skipulagshæfileikar, sjálfstæð vinnubrögð og metnaður til að ná árangri í starfi
- Þekking og reynsla af heilbrigðisvörum og íþróttavörum kostur

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MEÐ 24. JANÚAR.

Sótt er um starfið í gegnum ráðningarvef Stoðar, **www.stod.is**.

Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem fram koma ástæður þess að sótt er um starfið og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita **Ása Jóhannesdóttir**, framkvæmdastóri, asa@stod.is og **Pétur Veigar Pétursson**, starfsmannastjóri, petur@veritas.is.

Stoð er þjónustufyrirtæki á heilbrigðissviði sem rekur verslanir á tveimur stöðum, í Hafnarfirði og á Höfða. Markmið Stoðar er að bæta lífsgæði með því að bjóða upp á heildarlausnir og þjónustu fyrir einstaklinga með fötlun, sjúkdóma og áverka. Stoð veitir þjónustu og vörur fyrir þá sem glíma við eða vilja fyrirbyggja heilsufarsvandamál, sinna útvist og efla heilbrigðan lífsstíl. Innan Stoðar starfar samhentur hópur fagfólks á heilbrigðissviði sem vinnur í sameiningu að því að finna bestu lausnirnar fyrir viðskiptavini fyrirtækisins. Stoð er hluti af fyrirtækjasamstæðu Veritas ásamt Vistor, Distica, MEDOR og Artasan.

GILDI STOÐAR ERU ÁREIÐANLEIKI, HREINSKIPTNI OG FRAMSÆKNI



MOSFELLSBÆR

Aðalbókari óskast í fjármáladeild Mosfellsbæjar

VIÐ LEITUM AÐ DRÍFANDI OG METNAÐARFULLUM EINSTAKLINGI Í STARF AÐALBÓKARA

Fjármáladeild Mosfellsbæjar er stoðdeild sem sér um umsýslu fjármála bæjarins. Deildin sinnir bókhaldi, greiðslu reikninga, innheimtu og álagningu gjalda. Fjármáladeild hefur með höndum verkstjórn við fjárhagsáætlanagerð, árshlutauppgjör og gerð ársreiknings. Í deildinni starfa fjármálastjóri, verkefnastjóri, innheimtufulltrúi, aðalbókari og bókari. Aðalbókari ber ábyrgð á bókhaldi Mosfellsbæjar, stýrir bókhaldsvinnu sveitarfélagsins og gerð uppgjörs. Fjárhagskerfi fjármáladeildar er Microsoft Dynamics 365 Business Central (NAV).

Mosfellsbær er öflugt og framsækið sveitarfélag þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi.

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Viðskiptafræðimenntun af fjármála- eða endurskoðunarsviði og/eða meistarapróf í reikningsskilum er skilyrði
- Þekking á lögum og reglum um bókhald og reikningsskil sveitarfélaga ásamt lögum um virðisaukaskatt og reglum um undanþágur fyrir sveitarfélög
- Þekking og reynsla á færslu, skipulagningu og uppgjöri bókhalds er skilyrði
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Gerð verkferla og samþætting Dynamics BC (NAV) við önnur kerfi
- Samskiptahæfni, jákvætt viðhorf og lausnamiðuð hugsun
- Nákvæmni í vinnubrögðum og talnagleggni
- Frumkvæði sjálfstæði og skipulagshæfni
- Mjög góð tölvukunnátta og færni í Excel
- Mjög góð þekking og reynsla af Dynamics BC (NAV) er kostur
- Góð íslenskukunnátta er nauðsynleg

Umsóknarfrestur er til og með 24. janúar 2021.

Sækja skal um starfið á ráðningarvef Mosfellsbæjar, www.mos.is/storf. Umsóknir skulu innihalda starfsferilsskrá og kynningarbréf sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið. Nánari upplýsingar um starfið veitir Pétur J. Lockton fjármálastjóri í síma 525 6700. Um framtíðarstöðu er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Ráðið er í öll störf óháð kyni.

Þverholt 2 I Mosfellsbær 270 I Sími 525 6700 I mos.is

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA



Áratuga reynsla
í ráðningum

HAGVANGUR

hagvangur.is

Verkefnastjóri hjá ÞÍH

ÞRÓUNARMIÐSTÖÐ ÍSLENSKRAR HEILSUGÆSLU

Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu leitar að verkefnastjóra til að sjá um greiningar og mælingar á sviði gæðaþróunar og vísindavinnu sem fram fer á Þróunarmiðstöðinni.

ÞÍH leiðir faglega þróun innan heilsugæslu á landsvísu, vinnur að samræmingu verklags og samhæfingar milli fagfólks á heilsugæslustöðvum, vísindastarfi, gæðaþróun og framförum i heilsugæslu í samráði við aðila sem reka heilsugæslustöðvar.

Um er að ræða 50% ótímabundið starf.

Starfið veitist frá 1. mars 2021 eða eftir samkomulagi.

Hæfniviðmið

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Veruleg þekking á tölfræði.
- Mikil og djúp þekking á Excel.
- Þekking á sjúkraskrárkerfinu Sögu og geta til að taka út gögn.
- Færni í meðferð, greiningu og úrvinnslu gagna.
- Þekking og reynsla af framsetningu talnaefnis með rafrænum hætti.
- Færni í miðlun upplýsinga í ræðu og riti.
- Metnaður til að ná árangri í starfi.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót.
- Frumkvæði og geta til að vinna sjálfstætt á skipulagðan og agaðan hátt.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Mælingar og mat á starfsemi í heilsugæslu í samræmi við árangursmælikvarða og gæðaviðmið.
- Að stuðla að þróun og innleiðingu árangursmælinga og -mats.
- Að tryggja úrvinnslu staðtalna og upplýsinga um starfsemi heilsugæslu á landsvísu.
- Skýrslugerð og framsetning talnaefnis.


Umsóknarfrestur er til og með 01.02.2021

Nánari upplýsingar veitir Emil Lárus Sigurðsson
emil.larus.sigurdsson@heilsugaeslan.is
513-6300

Sjá nánar á www.heilsugaeslan.is undir laus störf og www.starfatorg.is

job

Finnum draumastarfið saman



Erum við
að leita
að þér?

Best er að kaupa sér yfirhöfn sem endist vel, er klassísk í sniði og passar við allt. Dúnúlpur henta vel hér á landi því þær eru léttar og mjög hlýjar. Svo er upplagt að nota útsölur og kaupa sér létta dúnúlpu eða -jakka sem hægt er að nota með vorinu þegar veðrið batnað.

Léttar dúnúlpur er hægt að þvo í þvottavél en það þarf að þurrka þær í þurrkara með þremur tennisboltum. Þannig helst dúnninn fallegur. Sumir hafa tenniskúlurnar líka í þvottavélinni til að koma í veg fyrir að dúnninn þjappist. Með þessu er hægt að halda flíkinni fallegri og hún endist betur.

Það eru ekki eingöngu yfirhafnir sem eru á góðu verði þessa dagana heldur skór og allur annar vetrarfatnaður.



Glæsileg úlpa frá Ralph Lauren er hluti af vetrartísku hönnuðarins. Ralph Lauren er þekktur fyrir að hanna klassískan klæðnað. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Sybel+ Tunika með blómamynstri
Útsöluverð kr.10.486
Verð áður kr.14.980



No Secret kvartermabolur
með smá bling
Útsöluverð kr.4.886
Verð áður kr.6.980



No Secret bolur með kvartermum
Útsöluverð kr.5.586
Verð áður kr.7.980



Ivy Beau - sparilegur bolur
Útsöluverð kr.4.186
Verð áður kr.5.980



Yest - opin peysa með blómamynstri
Útsöluverð kr.6.490
Verð áður kr.12.980

yesta BY X-TWO | yest | noSecret | Q'neel | ROBELL | ZHENZI | ZE·ZE Nordic | OPHILIA



YestA - Létt prjónapeysa
Útsöluverð kr.5.990
Verð áður kr.11.980



Ivy Bella – Bronskjóll
Útsöluverð kr.5.586
Verð áður kr.7.980



Ze-Ze - Arietta treggings með pleðri
Útsöluverð kr.5.394
Verð áður kr.8.990



Zhenzi - síð hneppt peysa
Útsöluverð kr.6.993
Verð áður kr.9.990



Shiffon slæður – ponsjó
Útsöluverð kr. 3.493
Verð áður kr. 4.990

SYBEL+ | festival DENMARK | STUDIO | GOZZIP | SANDGAARD | LASESSOR | FRANDSEN | tamaris | Handberg | Jana®



No Secret - fóðruð úlpa
Útsöluverð kr.17.584
Verð áður kr.21.980




No Secret - fóðruð úlpa
Útsöluverð kr.18.384
Verð áður kr.22.980



Handberg ullarkápa
Útsöluverð kr.39.984
Verð áður kr.49.980



No Secret - Ullarjakki
með tigermynstri
Útsöluverð kr.30.288
Verð áður kr.37.860



Yest – regnkápa
Útsöluverð kr.19.184
Verð áður kr.23.980

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Versta sölutilboð sögunnar

Fyrirtæki taka upp á ýmsum ráðum til að hvetja viðskiptavini til að kaupa vörur sínar, en sjaldan hefur verið fundið upp á eins óhagstæðu tilboði og þegar Hoover bauð frítt flug með ryksugum.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Árið 1992 ákvað breska útibú bandarísku ryksugaframleiðandans Hoover að bjóða viðskiptavinum sínum flugferð fyrir tvo til Bandaríkjanna ef þeir keyptu vörur fyrir meira en 100 pund, sem í dag samsvarar um 17.500 krónum. Fyrirtækið vildi snúa við dvínandi sölu, en tilboðið átti eftir að kosta það bæði gríðarlega fjármuni og orðsporið. Fjallað var um tilboðið á vefnum The Hustle.

Hoover hafði mikið traust meðal almennings og var svo ráðandi í Bretlandi að orðið „hoover“ varð sagnorð yfir að ryksuga. En á seinni hluta 9. áratugarins fór að halla undan fæti og hagnaðurinn dróst verulega saman.

Hunsuðu allar viðvaranir

Snemma árs 1991 hafði ferðaskrifstofan JSI Travel samband við Hoover og stakk upp á samstarfi. Hugmyndin var sú að allir sem eyddu meira en 100 pundum í Hoover-vörur fengju flugferð fyrir tvo til áfangastaðar í Evrópu. Þannig myndi Hoover auka sölu og JSI næði að fylla flugsæti sem voru



Hoover-ryksugur náðu svo ráðandi stöðu í Bretlandi á sínum tíma að þar varð orðið „hoover“ sagnorð yfir það að ryksuga. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

»Hver einasta sala kostaði Hoover 570 pund.

ekki að seljast. Til að það myndu ekki allir sem keyptu vörur sækja um flugmiða ákvað Hoover að gera það eins erfitt og hægt var að fá miðana og þetta gekk um skeið, þar til Hoover ákvað að bjóða líka upp á flugmiða til Bandaríkjanna.

Gallinn var að miðarnir til Ameríku voru meira en 600 punda virði og viðvaranir um að þetta yrði stórslys voru hunsaðar. Talið var að aðeins brot þeirra sem versluðu myndu standa í stappinu til að fá flugmiðana og að viðskiptavinir myndu eyða mun meira en 100 pundum, sem myndi vega upp kostnaðinn.

En brátt urðu umsóknir um flugmiða tíu sinnum fleiri en búist hafði verið við. Um 300 þúsund manns keyptu vörur til að fá miða, þannig að Hoover skuldaði fljótlega 600 þúsund flugferðir. Auk þess eyddu viðskiptavinir sjaldan meira en 100 pundum.

Hoover græddi 30 pund á því að selja 119 punda ryksugu en flugmiðarnir tveir voru að minnsta kosti 600 punda virði, þannig að hver einasta sala kostaði Hoover 570 pund. Tilboðið skapaði 30 milljóna punda hagnað, en áætlaður kostnaður við flugferðirnar var yfir 100 milljónir punda.

Flóð af notuðum ryksugum

Hoover gerði því allt sem hægt var til að svíkja viðskiptavini um gefin loforð en þegar fréttir bárust af því að enginn væri að fá miða urðu viðskiptavinir reiðir og fóru að þrýsta á fyrirtækið. Hoover reyndi að koma sökinni á alla aðra en sig, rak yfirmenn og lofaði 20 milljóna punda fjárfestingu í sjóð til að borga flug, en það var bara dropi í hafið. Í lok ársins 1993 var fyrirtækið rekið með mjög miklu tapi og hafði misst orðsporið.

Að lokum var fyrirtækinu skipað að borga fyrir flug fyrir um 220 þúsund manns, þannig að um 300-350 þúsund manns fengu aldrei flugmiðana sína. Markaðshlutdeild Hoover hélt áfram að minnka og flóð af notuðum ryksugum kom í sölu, þannig að enginn keypti lengur nýjar Hoover-ryksugur.

Þessi saga sýnir að það er kannski ekkert sérlega skynsamlegt að bjóða upp á kaupauka sem er verðmætari en varan sjálf.



























Komdu og sjáðu úrvalið

Gildir til 24.janúar

Ármúli 31 | 588 73 32 | i-t.is
Virka daga 9-18 | Laugardaga 11-14

INNRÉTTINGAR & TÆKI

ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA

20-70%
AFSLÁTTUR



OPIÐ
Virka daga 10-18
Laugardaga 11-16

FÆTUR TOGA
LEIÐIN TIL ÁRANGURS

Höfðabakki 3
Kringlan 3.hæð
Sími: 55 77 100
faeturtoga.is

ÚTSALA





OPIÐ
Virka daga 10-18
Laugardaga 11-16

FÆTUR TOGA
LEIÐIN TIL ÁRANGURS

Höfðabakki 3
Kringlan 3.hæð
Sími: 55 77 100
faeturtoga.is



Allir elska reyfarakaup og það er ástæða fyrir því. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Tilboð sem þú getur ekki hafnað

Því fylgir ákaflega ánægjuleg tilfinning að kaupa langþráða vöru á lágu verði. Tilfinningunni er gjarnan lýst sem eins konar „stundarumbun“, (e. instant gratification) og hefur þetta fyrirbæri til dæmis verið kallað „Target-áhrifin“. Kaupendum líður þannig ekki illa yfir því að eyða vegna þess að upphæðirnar eru lágar eða lægri en þú hafðir gert ráð fyrir.

Sálfræðingar telja að þetta tengist veiðieðli mannsins og er gjarnan talað um „bargain hunting“ í þessu samhengi. Fólk þráir nýja hluti og upplifir mikla ánægju af því að komast á snoðir um tilboð sem aðrir hafa kannski ekki áttað sig á. Þessu getur fylgt ákveðin sigurtilfinning, þökk sé taugaboðefninu dópamíni sem heilinn framleiðir við slíkar aðstæður. Sú tilfinning getur hins vegar verið ávanabindandi og það er því skynsamlegt að hafa þetta í huga og skipuleggja sig vel áður en haldið er á útsölur.



Blómamynstur er það sem koma skal með vorinu og góða veðrinu.

Lengi má við sig blómum bæta

Tískuspekúlantar eru greinilega alveg jafnspenntir fyrir nýja árinu eins og við öll og keppast nú um að spá fyrir um hvað verður áberandi á tískupöllunum í vor sem og í fataskápum tískugoðanna. Eitt af því sem flestir eru sammála um er að blómin verða áberandi eins og svo oft áður í vor og í sumar. En að þessu sinni er blómamynstrið flennistórt og áberandi í anda finnska hönnunarrisans Marimekko. Þá vekur athygli að svartur er áberandi sem grunnlitur í mynstrinu sem lætur litrík blómin stökkva fram og grípa athyglina. Blómamynstrið einskorðast ekki bara við kvenfatnað heldur fá karlarnir einnig að skarta stórum og safaríkum blómknúppum.

Simone Rocha hannar fyrir H&M

Staðfest hefur verið að írski hönnuðurinn Simone Rocha muni hanna nýja fatalínu fyrir H&M verslanirnar. H&M hafa verið í samstarfi við ýmsa þekkta hönnuði á undanförnum árum og má þar nefna Moschino, Erdem, Balmain og Giambattista Valli. Vörunum hefur verið vel tekið af viðskiptavinum og sum fötin selst upp fljótt. Simone er þekkt fyrir kvenleg smáatriði í hönnun sinni. Hún segir í samtali við tímaritið Vogue að þegar H&M hafði samband og óskaði eftir hönnun hennar hafi hún sagst myndu taka þetta að sér en einungis ef hún mætti hann fyrir karla og börn auk kvenna. Hún hefur hingað til aðeins hannað föt fyrir konur. Hún sagði jafnframt að hún muni leggja mikla áherslu á gæði.

Simone sem er fædd árið 1986 útskrifaðir frá National College of Art and Design í Dyflinni og fór síðan í framhaldsnám í Central Saint Martins í London. Hún hefur vakið mikla athygli sem tískuhönnuður síðan hún kom fram á tískuvikunni í London árið 2010. Simone er orðin þekkt á heimsvísu fyrir hönnun sína enda er hún hugmyndarík og fjölbreytt. Meðal þess sem búast má við í H&M eru fínir sparikjólar og skartgripir auk annars. Simone er óhrædd við að blanda saman litum. Búist er við að fatalína hennar komi í verslanir H&M í mars.



Simone Rocha hefur vakið athygli sem hönnuður. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY





ENN MEIRI VERÐLÆKKUN Á ÚTSÖLUNNI Í CURVY

50-70% AFSLÁTTUR

FALLEGUR FATNAÐUR Í STÆRÐUM 14-28 EÐA 42-56

AFGREIÐSLUTÍMAR Í VERSLUN CURVY VIÐ GRENSÁVEG

Frá kl.11-18 alla virka daga og 11-16 á laugardögum



Kjóll
4.995 kr
~~9.990 kr~~



Blazer jakki
6.495 kr
~~12.990 kr~~



Síðkjóll
5.495 kr
~~10.990 kr~~



Vesti
8.495 kr
~~16.990 kr~~



Kuldaskór
12.495 kr
~~24.990 kr~~



Samfella
2.995 kr
~~5.990 kr~~



Toppur
2.495 kr
~~4.990 kr~~



Kjóll
3.495 kr
~~6.990 kr~~



Leggings
1.495 kr
~~2.990 kr~~



Brjóstahaldari
3.995 kr
~~7.990 kr~~



Náttbuxur
2.495 kr
~~6.990 kr~~



Bralette
1.995 kr
~~3.990 kr~~

Curvy

Fellsmúli 26 v/Grensásveg * 108 RVK * Sími 581-1552 * www.curvy.is



Rauðrófu chili sin carne. Solla hefur einstaklega gaman af því að búa til ljúffenga grænmetisrétti.

Himneskt rauðrófu chili sin carne Sollu

Sólveig Eiríksdóttir, eða Solla eins og hún er kölluð, er þekkt fyrir sína ljúffengu og hollu rétti sem hafa slegið í gegn hér á landi og rekstur sinn á veitingastaðnum Gló.

Matarást Sjafnar



Sjöfn Þórðardóttir
sjofn@torg.is

Í dag er Solla hætt í daglegum rekstri á Gló en sinnir ráðgjafarstörfum þar sem starf hennar felst meðal annars í því að búa til og þróa uppskriftir og vera viskubrunnur fyrir það starfsfólk sem þar situr nú við stjórnvölinn. Solla blómstrar sem aldrei fyrr í eldhúsinu og nýtur þess að elda með sínum nánustu samhliða því að næra líkama og sál.

Við fengum Sollu til að gefa lesendum uppskriftina að einum af sínum uppáhalds grænmetisréttum í tilefni janúar, gott er að njóta hans í upphafi árs. Einnig fengum við hana til að segja okkur aðeins frá mataræði sínu og því sem henni finnst skipta máli þegar kemur að því að velja hráefni í réttina sína.

Maturinn skiptir máli

Finnst þér skipta miklu máli hvað þú borðar þegar kemur að því að huga að orku og úthaldi?

„Ég finn mjög mikinn mun á mér bæði andlega og líkamlega eftir því hvað ég er að borða. Mér finnst ég geta stjórnað mikið betur orkunni og úthaldinu með mataræðinu og forðast mikið af einföldum kolvetnum og skyndibita."

Á góðu mataræði í rúm 40 ár

Breytir þú mataræðinu í upphafi árs?

„Ég er búin að vera á mjög góðu mataræði í rúm 40 ár svo ég hef ekki haft þörf fyrir að fara í eitthvert átak eða breyta í byrjun árs. En ég skil vel að margir kjósi að huga að mataræðinu eftir jólin, sérstaklega ef fólk er búið að leyfa sér bæði þyngri og meiri mat en vanalega, margir eru að halda í heiðir og ég trúi að það sem fólk gerir einstaka sinnum geti bara verið huggulegt."

Leyfir þú þér sæta hollustubita inn á milli?

„Ég leyfi mér alveg sæta hollustubita annað veifið, ég er reyndar heppin að hafa ekki mjög mikla þörf fyrir sætindi."

Lífrænt og íslenskt hráefni

Finnst þér skipta máli hvaðan hráefnið kemur sem þú velur í réttina þína og neytir?

„Ég kýs að hafa hráefnið sem mest lífrænt og grænmetið sem mest íslenskt og lífrænt þegar það er hægt. Ég er alin upp við mikla meðvitund um að borða gott hráefni og er þakklát fyrir það," segir hún.

Solla hefur einstaklega gaman af því að búa til ljúffenga grænmetisrétti sem bragð er af og töfraði fram þennan girnilega rétt fyrir lesendur sem á vel við á köldum vetrardegi í janúarmánuði.

Rauðrófu chili sin carne

1 msk. olía
1 laukur
3 hvítlauksrif
2-3 msk. tómatpúrra
1 ferskur chili, smátt saxaður
1 glas grilluð paprika (150 g)
1 krukka bakaðar baunir (lífrænar frá Himneskt)
400 g rauðrófur, soðnar og rifnar (hægt að nota forsoðnar)
400 g passata
1 msk. sítrónusafi
1 msk. chili
1 ½ tsk. cumin
½ tsk. reykt paprika
½ tsk. oregano
1 tsk. sjávarsalt
pipar



Solla Eiríks þarf ekki að breyta mataræðinu á nýju ári „Ég finn mun á mér bæði andlega og líkamlega eftir því hvað ég er að borða." FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Ég er búin að vera á mjög góðu mataræði í rúm 40 ár svo ég hef ekki haft þörf fyrir að fara í eitthvert átak eða breyta í byrjun árs.

Hitið olíu í potti og mýkið lauk og hvítlauk í um 2-4 mínútur, eða þar til laukurinn byrjar að gyllast. Bætið tómatpúrru og kryddi út í og hrærið vel saman. Sigtið olíuna frá paprikunni og skerið paprikuna í minni bita og setjið út í. Rífið soðnu rauðrófurnar á grófu rifjárni og setjið út í. Bætið passata tómötunum út í ásamt sítrónusafa. Látið sjóða við vægan hita í 8-10 mínútur. Berið fram með avókadó, vegan sýrðum rjóma og ferskum kóríander. Sumir kjósa líka að hafa hrísgrjón með. Einnig hægt að bera fram í taco skeljum eða tortillum.

HAMPBYLTINGIN

Föstudaginn 22. janúar mun sérblaðið Hampbyltingin fylgja Fréttablaðinu.

Í þessu blaði verður farið yfir þá ótalmörgu möguleika sem hampurinn býður upp á. Við verðum með áhugaverð viðtöl við hampræktendur og sérfræðinga. Við viljum bjóða auglýsendum að taka þátt í blaðinu með okkur og kynna fyrirtæki, vörur og starfsemi sína.

Áhugasamir auglýsendur geta haft samband
við auglýsingadeild Fréttablaðsins.



Áhugasamir auglýsendur geta haft samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5654/ jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Vörubílar



Scania 113m. árgerð 1995. Ekinn 650.000.Hiab 140 krani,radiofjarstýring .bill í mjög góðu lagi. Verð 3.400.000 +VSK. Upplýsingar í síma 8649402

Þjónusta

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

Rúnar Múrari ehf
S - 780 - 28 38

Húsaviðgerðir Tröppuviðgerðir
Flotun Lekaviðgerðir Flísalögn
Málningarvinna-Þakmálun o.m.fl.

40 ára reynsla í utanhússviðhaldi.

Við gerum tilboð þér að kostnaðarlausu.
runarmur@gmail.com

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

k2
LOFTSTOKKAHREINSUN IN
• FYRIRTÆKI
• FJÖLBÝLISHÚS
• SKIP
• VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

Skólar & Námskeið

Námskeið



ICELANDIC, ENGLISH, NORWEGIAN, DANISH & SWEDISH F. FOREIGNERS - ENSKA, NORSKA, DANSKA, SÆNSKA
Only 1-5 students per course ! Icelandic for Thais and Vietnamese. Einnig Sérnámskeið fyrir Heibrigðisstarfsfólk/Also Special Courses for Health Personel. Enska fyrir Leiðsögumenn/Icelandic for Guides. Start: 1/2, 1/3, 29/3, 26/4, 24/5, 21/6, 19/7, 16/8. 4 weeks x 5 workdays or Sat/Sun x 10 weeks. AM & PM. Price: 49.50. Labour Unions/Labour Directorate pay back 50-90 % of price/Stéttafélög/ Vinnumálastofnun endurgreiða 50-90% gjalds. www.iceschool.is - ff@icetrans. is. facebook.com/iceschool. Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. 108, s. 8981175.

Keypt & Selt

myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Til sölu

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði
Gítarar og hljómborð í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU
Vönduð 2ja herb. íb. á jarðhæð með sjávarútsýni til leigu í vesturbæ Kópavogs. 70fm. Uppl. í s. 892 6440

ÍBÚÐ TIL LEIGU
2ja herb. íbúð á besta stað í Kópavogi til leigu ca. 80fm. Uppl. í s. 698 1618

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Heimilið

Barnavörur



VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA
Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is

Tilkynningar

Tilkynningar

WWW.YAAKOVSWELL.NET
Here you will find a series of studies of the Blessed Torah. All the material is completely free. you may download it, copy it and give it away.

job
Finnum draumastarfið saman
Erum við að leita **að þér?**



Einkamál

DEIT.IS
STEFNUMÓTASÍÐA

Finndu félagsskap fyrir framtíðina. 30 daga áskrift kostar aðeins 999 kr.

Makaleit



www.makaleit.is

Vandaður íslenskur stefnumótavefur. Makaleit.is - aðeins 999 kr

gott cbd njóttu vel

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

EYJALIND
Varahlutir í VOLVO Vinnutæki



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



Bílsætaviðgerðir-, mótorhjóla og snjósleðasæti. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

Formbólstrun
Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

LOK Á HEITA POTTA



Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.
Metum ástand og gerum við.
www.fjardarbolstrun.is
Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

GLUGGA GERÐIN
Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

viftur.is
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur



ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR
ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?



HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

Saumagleðin heldur áfram í Saumu!

Ný námskeið á næstunni:

Unglinga saumanámskeið verður haldið í mars fyrir 14-17 ára.

Framhalds kvenfata saumanámskeið í mars fyrir þá sem hafa verið á námskeiði hjá okkur áður.

Kvenfata saumanámskeið grunnur í febrúar og mars fyrir 18 ára og eldri.

Leiðbeinandi á námskeiðunum er Helga Rún Pálsdóttir klæðskera-meistari og fatahönnuður, leikmynda-og búnigahöfundur og hatta-hönnuður.

Skráning er hafin, upplýsingar veita Sveinn 892-1170 og Helga 664-1271 eða í sveinndal@sauma.is, einnig á https://www.facebook.com/saumarvk/

Létt og skemmtileg spænskunámskeið

Verða haldin í sal að **Skúlagötu 40** til að geta boðið nemendum uppá að halda fjarlægðamörk vegna Covid19. Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales.
Gestakennari með fyrirlestur um Spán og spænska menningu eru Kristinn R. Ólafsson.
Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði.
Námskeiðin standa í 4 vikur. Boðið er uppá byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.

Byrjendanámskeið:
Mánudaga og miðvikudaga: 10:00 - 11:30
Mánudaga og miðvikudaga: 19:15 - 20:45
Þriðjudaga og fimmtudaga: 08:15 - 09:45
Þriðjudaga og fimmtudaga: 17:30 - 19:00

Framhaldsnámskeið spænska II:
Mánudaga og miðvikudaga: 13:00 - 14:30

Framhaldsnámskeið spænska III:
Mánudaga og miðvikudaga: 17:30 - 19:00

Framhaldsnámskeið IV:
Þriðjudaga og fimmtudaga 13:00 - 14:30

Framhaldsnámskeið V:
Þriðjudaga og fimmtudaga: 10:00 - 11:30



Námskeiðin hefjast 1. og 2. feb. og ljúka 25. feb.

Verð á mann er 35.000 kr.

Upplýsingar í síma 698 5033 eða
spaenskuskolinnhablame@gmail.com
Facaebook: Spænskuskólinn Háblame
Instagram: spaenskuskolinn_hablame

Þarftu að ráða?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS



FIMM STJÖRNU FERÐAFRELSI!



Sunlight A 70
Árgerð 2016. Truma Combi 6, samlit áklæði á framsætum, kapteinstólar, rafdrifin trappa, stór sjálfvirkur ísskápur, stór geymsla, flugnanet í hurð, 16" dekk, 6 gíra, cruise control, loftkæling, ofl. ofl.
Tilboðsverð: 5.390.000.



Sunlight Cliff 640
Árgerð 2018. FIAT Maxi grindin, 16" álfelgur, markísa, gott geymslupláss aftur í, LED lýsing, 12V pressuísskápur, 6 gíra, cruise control, loftkæling, snúningsstólar, bakkskynjarar o.fl. o.fl.
Verð: 8.980.000.



Sunlight T 65
Árgerð 2018. Markísa, hjólagrind, silfurgráar hliðar, álfelgur, 6 gíra, cruise control, loftkæling, snúningsstólar, stór ísskápur, fellirúm í toppi, samlit áklæði á framsætum, stór geymsla aðgengileg beggja vegna ofl. ofl.
Verð: 9.890.000.



Sunlight T 64
Árgerð 2018. Sjálfskiptur. Markísa, hjólagrind, silfurgráar hliðar, 16" álfelgur, cruise control, loftkæling, snúningsstólar, LED lýsing, samlit áklæði á framsætum, fellirúm í toppi, stór ísskápur, gott geymslupláss ofl. ofl.
Verð: 10.590.000.



Sunlight T 69 L
Árgerð 2018. Sjálfskiptur. Markísa, hjólagrind, lestarlúga báðum megin, fellirúm í toppi, hjónarúm með aðgengi báðum megin, stór ísskápur, LED lýsing, cruise control, snúningsstólar, loftkæling, 16" álfelgur o.fl. ofl.
Verð: 11.790.000.



Carado T 135
Árgerð 2020. Bakkmyndavélapakki, markísa, hjólagrind, champagne litaðar hliðar, álfelgur, 6 gíra, cruise control, loftkæling, snúningsstólar, LED lýsing, samlit áklæði á framsætum, leiðsögukerfi ofl. ofl.
Tilboðsverð: 12.790.000.



Sunlight T 68
Árgerð 2020. Bakkmyndavélapakki, markísa, hjólagrind, lestarlúga báðum megin, aðskilin rúm með útdragi á milli, fellirúm í toppi, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gíra, cruise control, snúningsstólar, loftkæling, 16" álfelgur, leiðsögukerfi o.fl. o.fl.
Verð: 14.960.000.



Dethleffs Trend T 7057 DBM
Árgerð 2020. Bakkmyndavélapakki, leiðsögukerfi, markísa, hjólagrind, lestarlúga báðum megin, breið inngangshurð með glugga og samlæsingu, rafmagnsdrifið fellirúm í toppi, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gíra, cruise control, snúningsstólar, loftkæling, 16" álfelgur o.fl. o.fl. **Verð: 15.960.000.**

OPIÐ UM HELGINA FRÁ 12-16

P. KARLSSON EHF.

Birt með fyrirvara um innsláttarvillur.

P. Karlsson ehf | Smiðjuvöllum 5a, 230 Reykjanesbæ |517 5200

www.pkarlsson.is

LANDMARK FASTEIGNAMIÐLUN


Andri Sigurðsson
Lögg. fast. og eigandi


Sigurður Samúelsson
Lögg. fast. og eigandi


Sveinn Eyland
Lögg. fast og eigandi


Þórey Ólafsdóttir
Lögg. fast. og eigandi


Júlíus Jóhannsson
Lögg. fast. og eigandi


Monika Hjálmtýsdóttir
Lögg. fast. og eigandi


Þórarinn Thorarensen
Lögg. fast. og eigandi


Ingibjörg A. Jónsdóttir
Löggiltur fast.


Eggert Mariuson
Löggiltur fast.


Jón Óskar
Löggiltur fast.



Guðrún D. Lúðviksdóttir
Löggiltur fast.


Helga Snorradóttir
Skrifstofa/skjalavinnsla


Ása Pöll Ragnarsdóttir
Skjalavinnsla/móttaka

Hlíðasmára 2
201 Kópavogi
Sími: 512 4900
www.landmark.is
landmark@landmark.is

SÓLVALLGATA 66 (1. HÆÐ) 101 RVK




OPIÐ HÚS SUNNUDAG 17. JAN KL 14:00-14:30
- 99,1 fm mikið endurbætt 4ra herbergja hæð.
- Aukin lofthæð, skrautlistar og vandað eikarparket.
- Tvær stofur, tvö svefnherb., eldhús og baðherb.
- Útgengt á svalir og þaðan með tröppum í bakgarð.
- Eignin er mikið endurbætt jafnt innan sem utan.
- Frábær staðsetning í vesturbænum.

V. 54,9 millj.

Þórey s. 663 2300

ÞORLÁKSGEISLI 33 - 113 RVK




OPIÐ HÚS SUNNUDAG 17. JAN KL 15:15-15:45
- 113,5 fm 4ra herb. íbúð á efstu hæð í lyftuhúsi.
- Stofa og eldhús í opnu rými og tvennar svalir.
- Þrjú svefnherb., og þvottahús innan íbúðar.
- Baðherbergi með sturtu og baðkari.
- Gott stæði í bílageymslu og rúmgóð geymsla.
- Frábær staðsetning, stutt í skóla og leikskóla.

V. 54,9 millj.

Þórey s. 663 2300

STÓRHOLT 16 (1. HÆÐ) 105 RVK



BÓKIÐ SKOÐUN Í SÍMA 663 2300
- 62,9 fm 2ja herb. íbúð á 1. hæð með sérinngang.
- Stór afgirtur timburpallur / suðurverönd.
- Merkt bílastæði framan við íbúð.
- Stofa, eldhús, svefnherbergi og baðherbergi.
- Geymsla og sameiginlegt þvottahús í kjallara.
- Eignin þarfnast viðhalds.

V. 34,9 millj.

Þórey s. 663 2300

HRAUNGATA 2-6 (3 RAÐHÚS) 210 GBÆ



BÓKIÐ SKOÐUN Í SÍMA 663 2300
- 3ja hæða raðhús í byggingu, stærð frá 280 fm.
- Mögulegt að gera auka íbúðarrými á jarðhæð.
- Eignin skilast rúmlega fokheld eða lengra komin eftir samkomulagi.
- Frábær staðsetning í Urriðaholti í Garðabæ.

V. frá 89 millj.

Þórey s. 663 2300

BORGARTÚN 28.A – 105 RVK



OPIÐ HÚS SUNNUDAG 17.JAN KL.14:00-14:30
- Nýjar 2ja, 3ja, 5.herb. íbúðir í lyftufjölbýli
- Íbúðir eru 84 – 201 fm auk stæði í bílgeymslu
- Vandaður frágangur og innréttingar í íbúðum
- Rúmgóðar svalir og bjartir gluggar í íbúðum
- Afhendast fullbúnar án aðalgólfefna

LAUSAR TIL AFHENDINGAR STRAX.
Verð frá kr. 52,9 millj.

Sveinn s. 6900 820

ÁLFHÓLSVEGUR 73 – 200 KÓP



OPIÐ HÚS SUNNUDAG 17.JAN KL.15:00-15:30
- Ný 3ja herb. íbúð á grónum stað í Kópavogi
- Stærð íbúðar er 108.7 fm
- Íbúð er afhent fullbúin án aðal gólfefna
- Íbúð er á jarðhæð, sérinngangur og sérafnotareitur
- Bílastæði eru framan við húseign
- Traustur verktaki

LAUS TIL AFHENDINGAR STRAX. V. 64,9 millj. Sveinn s. 6900 820


VINDAKÓR 2 – 203 KÓP



BÓKIÐ SKOÐUN
- Rúmgóð 5 herb., 150 fm íbúð á 3ju hæð
- 4 svefnherb., rúmgóðar stofur og baðherb.
- Innréttingar frá AXIS, ísskápur og uppþvottavél í eldhúsi
- Stæði í bílgeymslu og rúmgóðar suður-svalir
- Viðhaldslítið fjölbýli á frábærum stað í Kópavogi
- Stutt í skóla, leikskóla, íþróttarsvæði

LAUS TIL AFHENDINGAR. V. 69,9 millj. **Sveinn s. 6900 820**


DREKAVELLIR – 221 HFJ.



BÓKIÐ SKOÐUN
- Vel skipulögð 3-4ra herb., á 1.hæð
- 3 svefnherb. og gott stofurými
- Þvottaherb., innan íbúðar
- Björt íbúð með gluggum á tvo vegu
- Rúmgóðar svalir sem heimilt er að loka

GETUR VERIÐ LAUS NOKKUÐ FLJÓTT
V. 47 millj. **Sveinn s. 6900 820**


KIÐÁRSKÓGUR 6 – HÚSAFELLI



BÓKIÐ SKOÐUN
- Mjög fallegur 69,6 fm bústaður sem hefur fengið gott viðhald síðastl. ár
- Rúmlega 90 fm timburpallur með heitum potti
- Hitaveita og gólfhiti, nýleg eldhúsinnrétting ásamt tækjum
- Tvö svefnherbergi ásamt svefnlofti
- Allt innbú fylgir með í kaupunum fyrir utan persónulega muni
- Öll helsta þjónusta á svæðinu t.a.m veitingastaðir, verslun, sundlaug o.fl.

V. 28,9 millj. **Andri s. 690 3111**

VÍÐIGRUND 37, 200 KÓPAVOGUR



BÓKIÐ SKOÐUN
- 222.5 einbýlishús á einni hæð með um 30 fm bílskúr.
- Mikið endurbætt hús og vel viðhaldið.
- Fimm svefnherbergi. Þrjú baðherbergi.
- Frábær staðsetning í fjölskylduhverfi

TILBOÐ ÓSKAST

Sigurður s. 896 2312

SOGAVEGUR 77 – 108 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 17. JAN KL. 13:00 – 13:30
- 120 fm, 3ja herbergja íbúð á 2. Hæð með suðursvölum
- Ný íbúð, fullbúin með gólfefnum, ísskáp og uppþvottavél.
- Stæði í bílageymslu fylgir.

V. 71 millj.

Sigurður s. 896-2312

KLAPPARSTÍGUR 13A - 101 RVK.



BÓKIÐ SKOÐUN
- Fallega 48,7 fm. 3ja herbergja risíbúð með sérinngang.
- 2 rúmgóð svefnherbergi. Geymsluloft yfir hluta af íbúðinni með glugga.
- Frábær staðsetning. Fallegar innréttingar og gólfefni.

V. 39,9 millj.

Þórarinn s. 770 0309

Sjoppumatur stærsta áskorunin

Lóa Pind Aldísardóttir nýtti sér kolviskubitið sem fór að bóla á hjá henni og framleiddi þáttaröð þar sem fjórar kjötætufjölskyldur gerast vegan í fjórar vikur, sjálf tók hún líka þátt og segir niðurstöðurnar hafa komið á óvart.

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is



Lóa Pind er að eigin sögn mikil kjötæta, en af ýmsum ástæðum fór hún fyrir nokkru að hugsa sinn gang. „Það fór að bóla á kolviskubiti hjá mér. Af ýmsum ástæðum. Eldri sonur minn er snarvegan og búinn að vera í allmörg ár og maður fór að taka eftir því að æ fleira ungt fólk var farið að neita sér um dýraafurðir, ekki bara af dýraverndunarsjónarmiðum, heldur líka af loftslagsástæðum. Svo mætti ég í bekkjargrill hjá yngri syni mínum þegar hann var að byrja í 10. bekk og frétti þá að sjö stúlkur í bekknum hans hefðu orðið vegan yfir sumarið. Þá var mér eiginlega allri lokið. Hvað var ég, fullorðin og átti að heita samfélagslega meðvituð og þroskuð kona, að spúa einhverjum massa af koltvísýringsígildum með mínu mataræði yfir þetta unga fólk? Það gerði eiginlega útslagið," útskýrir hún.

Sjálfsagðar breytingar

Hún segist hafa fundið sterkt fyrir því hversu hratt viðhorfin gagnvart hlýnun jarðar hafi breyst síðustu ár. „Alls konar breytingar á daglegri tilveru sem hefðu verið óhugsandi fyrir fimm árum – urðu skyndilega sjálfsagðar í augum fólks. Ég meina, fyrir þremur árum mætti engin manneskja með sómakennd með taupoka út í búð. Nú þykir bara ekkert sjálfsagðara. Skyndilega er annar hver bíll í kringum mann knúinn með rafmagni eða að minnsta kosti tvinnbílar og svo framvegis."

Lóu fannst rakið að nýta þennan meðbyr til að skoða ofan í kjölinn hvaða mataræði er skynsamlegt til að draga úr hlýnun jarðar. „Mér fannst blasa við að eina leiðin til að búa til sjónvarpsþætti sem hjálpuðu fólki við að taka upplýsta afstöðu til þess hvað það borðar – væri að draga þetta flókna umræðuefni þráðbeint ofan í innkaupakerruna og inn í eldhús með venjulegu fólki."

Varð sjálf að taka þátt

Að sögn Lóu var það aldrei ætlunin að drekkja fólki í upplýsingum um koltvísýringsígildi enda muni slíkar tölur engu breyta á innkaupalistum flestra, heldur snúist þetta um að fá á tilfinninguna hvað skiptir máli. Úr varð að Lóa fór í að leita að hópi af skemmtilegum fjölskyldum og plata þær með sér í þessa samfélagstilraun og er afraksturinn þáttaröðin Kjötætur óskast, sem nýverið hóf göngu sína á Stöð 2.

Eins og fyrr segir hefur Lóa alltaf verið hrifin af kjöti og áður en tökur hófust segir hún manninn sinn hafa spurt sig einn morguninn þar sem þau sátu yfir kaffibollanum: „Ætlar þú bara að sitja glottandi hinum megin við borðið og þykjast sýna vegan fórnarlömbunum þínum einhverja hluttekningu?" Varð henni þá ljóst að til að geta unnið þættina af einhverju viti yrði hún sjálf að taka þátt og finna áhrif mataræðisins á eigin skrokk.

Saknaði eggja og beikons

Tilraunin stóð yfir í fjórar vikur og segir Lóa margt hafa verið erfitt, auk þess sem margt hafi komið á óvart. „En það var sjúklega erfitt að sleppa ostinum, kjötinu, beikoninu og eggjunum. Mögulega var osturinn erfiðastur. Sérstaklega ofan á vikulegar pítsur heimilisins. En almættinu sé lof, þá er svartur lakkrís og kók vegan. Annars hefði geðslagið sjálfsagt gránað hressilega," segir hún og hlær.



Lóa er sjálf mikil kjötæta en áttaði sig á því að hún yrði sjálf að taka fullan þátt í tilrauninni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Fjölskyldan tók öll þátt, en Lóa býr ásamt manni sínum og syni á unglingsaldri og segir þá ekki hafa kvartað. „Meira að segja 16 ára sonur minn, sem hefur annars haft mjög afmarkaðan smekk á mat og hafði varla smakkað annað úr plönturíkinu en gúrku og rauða papriku áður en þessi tilraun hófst. En hann var farinn að mæta í Veganbúðina í frímínútum til að sækja sér næringu. Ég eiginlega var standandi hlessa á því hvað hann tók þessu með miklu jafnaðargeði. Hins vegar voru þeir báðir öskrandi hungraðir fyrstu dagana og áttu erfitt með að fá næga fyllingu. Maðurinn minn var svo í Danmörku að heimsækja börnin sín síðustu dagana sem tilraunin var, og grillaði handa þeim lambalæri – en snerti það ekki sjálfur! Það fannst mér vel gert."

> HVAÐ VAR ÉG, FULLORÐIN OG ÁTTI AÐ HEITA SAMFÉLAGSLEGA MEÐVITUÐ OG ÞROSKUÐ KONA, AÐ SPÚA EINHVERJUM MASSA AF KOLTVÍSÝRINGSÍGILDUM MEÐ MÍNU MATARÆÐI YFIR ÞETTA UNGA FÓLK?

Ekki bara gufusoðið grænmeti

Lóa segir þau hafa þrisvar í viku notast við matarsendingar Einn, tveir og elda sem hafi hjálpað þeim mikið. Einnig hafi allir þátttakendur fengið uppskriftabókina Grænkerakrásir eftir Guðrúnu Sóleyju og segir Lóa hana hafa hentað sér vel. „Hún leggur mikla áherslu á djúsí veganfóður – ekki svona gufusoðið eða hrátt og sósulaust grænmeti, sem var ímynd mín af grænkeramat áður en ég byrjaði." Þrátt fyrir að hafa lært að veganmatur væri ekki bara gufusoðið grænmeti, fannst Lóu sig vanta þriðju víddina í bragðskynið á meðan á tilraun stóð.

„Mig vantaði einhverja vídd í þessa vellíðan sem maður finnur eftir góðan mat og frétti þá af hugtökunum umami og kokumi – x faktorana í bragðskyninu og fór þá að skilja hvað var í gangi."

Lóa segist hvorki hafa fundið mikinn mun á buddunni á meðan á tilrauninni stóð, né mikla breytingu á líðan sinni almennt.

„Nema þá helst af því að það gat verið erfitt að finna vegan mat þegar ég var á ferðinni í tökum, þannig að ég borðaði stundum of lítið. Það sem ég túlkaði sem óþægilega loftkennt ástand, var sennilega bara næringarskortur. Enda þegar maður er búinn að borða sömu veganvefjuna í vegasjoppum nokkra daga í röð, þá eiginlega langar mann ekki í hana aftur. Ég fór í tvo – þrjá svona vegaskála – þar sem ég bað bara um franskar með tómatsósu."

Aðspurð hvað henni finnist vanta í vegan úrvalið stendur ekki á svari: „Veganostur er mjög vondur. Ég reyndi margar tegundir. Fannst þær allar nánast óætar. Og mér fannst vanta meiri sköpunargleði í sjoppuúrvalið."

Vildi fólk sem elskaði kjöt

Lóa fékk fjórar fjölskyldur til að taka þátt í tilrauninni í fjórar vikur.

„Ég vildi fá fólk sem virkilega elskaði kjöt, svo þetta væri raunveruleg áskorun. Ég vildi líka helst fá eitthvað fólk inn í þetta sem hafði hagsmuni af því að við héldum áfram að borða dýraafurðir," segir Lóa sem var staðráðin í að reyna að fá eina bændafjölskyldu með í þessa tilraun. „Mig langaði að fá inn í umræðuna fólk sem lifir og hrærist í því að framleiða dýraafurðir, sem ég vissi að hefði allt aðrar spurningar og skoðanir en við sem komum ekki nálægt slíkri framleiðslu. Ég hafði því samband við örugglega hálfa bændastéttina áður en ég hnaut um þau dásemdarhjón Hrafnhildi og Ragnar á Litla-Ármóti. Þau eiga orðu skilið fyrir að hafa ákveðið að slá til. Þegar til kom hafði ég fengið fullkominn hóp í þetta: pylsusala og sjoppustjóra, ástríðuveiðimann, bóndadóttur og kúabændur."

Lóa segir verkefnið hafa kostað mikla vinnu fyrir alla og þurftu allir að skrá matinn sinn í forrit sem hannað var af Eflu verkfræðistofu, til að reikna kolefnisspor neyslunnar: Matarsporið. „Það var heilmikill tími sem fór í þessar skráningar og var stundum við það að buga fólk. En án samstarfsins við Eflu hefðum við ekki haft neinn möguleika á að átta okkur á hvaða áhrif mataræðið hafði á kolefnissporið."

Allir þátttakendur fóru í viðamikla heilsufarsmælingu í upphafi og gerð var kolefnismæling á mataræðinu eina viku fyrir tilraun og svo alla tilraunina og segir Lóa niðurstöðurnar sem birtast í lokaþættinum vægast sagt áhugaverðar.

Að tilraun lokinni

Ætlarðu að halda einhverjum breytingum?


Já. Ég ætla ekki að gerast vegan. En þegar ég fór að sjá svart á hvítu hvað það er gríðarlegur munur á kolefnisspori mismunandi matvæla, þá ákváðum við að halda því til streitu að borða minna kjöt, fleiri veganrétti og meiri fisk. Sem við höfum gert síðan. Því fiskur til dæmis hefur bara nánast sama kolefnisspor og baunir. Og fyrir minn smekk er fiskur þúsund sinnum betri en baunir!


Hver var fyrsta máltíðin að tilraun lokinni?

Ég fór út að borða á fyrsta degi eftir tilraun – mánudegi – og fékk fullkomna nautalund með rjómasósu!

NÝJAR ÍBÚÐIR Í SKEKTU- OG DUGGUVOGI KOMNAR Í SÖLU







OPIÐ HÚS KL. 13:30 – 14:30

SUNNUDAGINN 17. JANÚAR


SÝNINGARÍBÚÐ Í SKEKTUVOGI 2 ÍBÚÐ 401

Vogabyggð er nýtt hverfi í uppbyggingu þar sem eldra iðnaðar - hverfi víkur fyrir nútímalegri byggð fjölbýlishúsa. Hér er um að ræða skjólsæla perlu á höfuðborgarsvæðinu í nálægð við hafið og náttúruna. Hjóla og göngustígar liggja rétt hjá meðfram ströndinni sem og upp í elliðaárdal. Vandaðan söluvef verkefnisins er að finna á **tgverk.is/vogabyggd/**

- Vel hannaðar íbúðir á góðu verði
- Bílastæði fylgir öllum íbúðum
- Innbyggður ísskápur og uppþvottavél í öllum íbúðum
- Fullbúnar íbúðir með gólfefnum
- Við pössum upp á sóttvarnir, grímur og hanskar á staðnum



1



2

1. Íbúð 303, Dugguvogi 6, 111,1 fm
2. Íbúð 101, Dugguvogi 6, 115,9 fm

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA:

Hrefna K Þorvaldsdóttir
Markaðs- og sölustjóri ÞG verk
824-8448, hrefna@tgverk.is

Ægir Breiðfjörð
Fasteignasali
896-8030, ægir@borgir.is

tgverk.is

ÞG VERK

Traustur byggingaraðili síðan 1998

Út fyrir kassann

Sigmundur Ernir Rúnarsson



Hálfur mannsaldur



Höfundur er sjónvarpsstjóri Hringbrautar, sem rekin er af Torgi, sem jafnframt gefur út Fréttablaðið.

Ekkert lýðræði þrífst án upplýsingar. Ekkert samfélag dafnar án fræðslu og þekkingar. Og hverju þjóðlífi er hollast að kannast við fjölbreytileikann sem svo sannarlega er að finna innan þess.

Hinn kosturinn er þöggun og einsleitni.

Kæfandi afturhald.

Og hvoru tveggja þekkja landsmenn frá því fyrir hálfum mannsaldri eða svo, þegar lífið í landinu var sent út á svarthvítum sjónvarpsskjáum – og það í fleiri en einum skilningi.

Það er ekki lengra liðið.

Förum aftur til þessa tíma.

Ársins 1981, eða þar um bil.

Og tökum einfalt dæmi af þeim sem hér lemur lyklaborðið með tveimur vöskum vísifingrum. Ætli hann hafi ekki verið að klára menntaskóla um það leyti, svo til reynslunni ríkari, farinn að hnusa af óþreyju komandi tíma, með annan fótinn í íhaldssömum fortíðarpytti, hinn á heldur snjóþungum slóða umbótaheiðarinnar, sem hafði aldrei verið fær í hugum fólks.

Sterkasta minningin er þessi: Ég hafði skráð mig í Leikfélag Menntaskólans á Akureyri um leið og ég snerti fjalir gamla skólans frammi á brekkubrúninni í botni Eyjafjarðar. Það átti að æfa leikverkið Hlaupvídd sex eftir Sigurð Pálsson, svo til nýjan sjónleik skáldsins fræga með frönsku alpahúfuna, en fljótlega kom í ljós að leikstjórinn að sunnan, sem átti að setja upp stykkið á útmánuðum 1978, hafði ekki tíma til þess. Þá voru góð ráð dýr, var einhver leikstjóri á lausu? Og það var hringt yfir heiðar í óðagoti – og okkur til furðu var einn á lausu á þessum háannatíma sviðslistamanna, en sá var ekki fyrr lentur nyrðra en hann tók til óspilltra mál-

> FALSMYND SAMFÉLAGSINS VAR PAKKAÐ SAMAN OG HENT Á ÖSKUHAUGA SÖGUNNAR. HVERT OPINSKÁA EINKAVIÐTALIÐ RAK ANNAÐ VIÐ FÓLK SEM REYNDIST ALDREI HAFA PASSAÐ Í FJÓRFLOKKSINS FORSTEYPTU MÓT.

anna við að velja okkur krökkunum hlutverk, fálmandi höndum í grið og erg, eins og listamanna er siður.

Hann kvaðst heita Hörður Torfason. Og fljótlega rann upp fyrir einhverjum okkar í leikhópnum að þar væri kominn sami maðurinn og opinberaði kynvillu sína í tímaritsviðtali fáum misserum áður, fyrstur landsmanna. Einhverjir ypptu öxlum, aðra setti hljóða – og enn aðrir, sem höfðu jafnvel aldrei heyrt orðið hommi á lífsleiðinni, vissu ekki í hvaða leikriti þeir voru lentir.

Svo fréttum við líka af þeim vangaveltum skólayfirvalda hvort það væri yfirleitt viðeigandi að svona fólk að sunnan væri fengið til að stjórnast í viðkvæmum og leitandi landsbyggðarbörnum.

Það var kominn hommi í skólann.

Hörður Torfason kom til Akureyrar 9. febrúar 1978 og setti upp Hlaupvídd sex af einstöku listfengi og fagmennsku, svo og vel útilátinni útsjónarsemi á rösklega þremur vikum, en eftirminnileg er frumsýningin á afmælisdeginum mínum 6. mars, sem tókst svo fádæma vel. Svo var hann floginn suður, uppnuminn af árangri síðustu daga – og stofnaði Samtökin ´78 nokkrum vikum seinna í krafti leiftrandi leikstjórnarhæfileika sinna, skipaði Guðna Baldursson í hlutverk fyrsta formannsins af þeim ástæðum tveimur að hann ætti eigin íbúð og væri fagmenntaður ríkisstarfsmaður á Hagstofu Íslands, sem yfirvaldið ætti erfitt með að reka úr vinnu sakir sódómsku af heyrinkunnara taginu.

Sjálfur flúði Hörður svo land í sumarbyrjun. Leitaði skjóls í Danmörku. Ofsóttur í eigin landi, atvinnulaus, með líflátshótanir á bakinu og þaðan af skárri skammir, jafnt frá felmtri slegnum feluhommum sem fólki af öllu öðru tagi. Hvað væri hann að vilja upp á dekk með því að opinbera þetta allt saman? Mátti þetta ekki liggja í láginni? Áfram – og enn um sinn?

Ekki grunaði þá unga, saklausa strákinn, sem Hörður hafði leikstýrt á sviði Samkomuhússins á Akureyri, að fjórum árum seinna væri hann að taka fyrsta blaðaviðtal sinnar tegundar við yfirlýstan alkóhólista, Hilmar Helgason að nafni, sem kvaðst vera reiðubúinn að segja sögu sína án undanbragða af því að hann ræki eigið fyrirtæki og væri fjárhagslega sjálfstæður. Enginn hefði það af honum þótt hann dirfðist að tala fyrstur manna opinskátt um allan sinn drykkjuskap.

Og samfélagið saup hveljur. Hilmar opnaði Pandóru-boxið. Og alveg að óþörfu, að mati svo margra sem nutu sín nostursamlega í felum.

Stöldrum við þessi ártöl. 1978 og 1982. Þau vega salt á því herrans ári 1980 sem er miðja vegu á milli 1975 og 1985.

Sá áratugur breytti öllu.

Hann er merkilegasti áratugur í mannréttindasögu Íslendinga og kemur eins og rökrétt framhald af pólitísku umróti ungra menntamanna á sjöunda áratug síðustu aldar, þegar krafan um frjálsræði og umbætur kom sér fyrir í kolli margra. En svo var eins og sá hugsjónaeldur væri bara glóðir einar um sinn, árin mjökuðu sér yfir í hægri umferð – og landinn varð svo upptekinn og upp með sér af landhelgissigrunum, að hann áttaði sig jafnvel ekki á eldhafinu sem blossaði óvænt upp árið 1975.

Kvennafrídagurinn breytti öllu. Hann var nýtt upphaf. Fyrsta byltingin. Krafan um kvenfrelsi var slegin í gadda. Á sama tíma var Dagblaðið stofnað af framsýnasta blaðamanni landsins, Jónasi Kristjánssyni, sem varð upptakturinn að íslenskri rannsóknarblaðamennsku og stofnun Helgarpóstsins litlu seinna. Flokksblöðin byrjuðu að hiksta. Það mátti orðið skipta um flokk. Kvennalistinn varð til í mars 1983 í rökréttu framhaldi af sögulegu kjöri Vigdísar Finnbogadóttur 1980 og ónefndur er flokkur Bandalags jafnaðarmanna, sem skar upp herör gegn stöðnuðu embættismannakerfi á sama tíma.

Það var jafnvel farið að tala um það að afnema einokun ríkisins í fjölmiðlum. Og skrattakornið, að leyfa bjór – í alvöru.

Einsleitnin vék fyrir fjölbreytileikanum. Falsmynd samfélagsins var pakkað saman og hent á öskuhauga sögunnar. Hvert opinskáa einkaviðtalið rak annað, við fólk sem reyndist aldrei hafa passað í fjórflokksins forsteyptu mót. Fólk gat verið það sjálft. Af því að upplýsingin sigraði, í bland við þekkingu og vísindi.

Fram að því hafði ekkert heimilisofbeldi þrifist á Íslandi, ekkert barnaníð, alkóhólismi þekktist ekki, hvað þá samkynhneigð og hinsegin kenndir – og svo var fólk með þroskahömlun bara geymt á hælum, bak við rimla, átti hvorki né mátti sjást, ekki frekar en geðtruflað fólk, ef það var þá til.

Svona var myndin. Forpokuð falsmyndin. Valdið var umlukið þögn og lygi.

En konur breyttu henni, svo og kjörkuð blaðamennska, einmitt óhlutdræg upplýsingin á kostnað íhaldssamrar hræðslu við eðlilegar umbætur.

Að ógleymdum sönnum sjálfstæðishetjum eins og Herði og Hilmari.

ÚTSALA!

GERÐU FRÁBÆR KAUP

Í VERSLUNUM OKKAR OG Á PENNINN.IS!




TILBOÐSVERÐ: **4.299.-** Verð áður: 5.199.-



TILBOÐSVERÐ: **4.299.-** Verð áður: 5.199.-

TILBOÐSVERÐ: **4.299.-** Verð áður: 5.299.-



TILBOÐSVERÐ: **4.299.-** Verð áður: 5.299.-

Framúrskarandi fyrirtæki

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboðsverð gilda til og með 17. febrúar. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

16. JANÚAR 2021 LAUGARDAGUR

Þetta verður algert COVID-afmæli

Norðfirðingurinn Smári Geirsson, rithöfundur með meiru, stendur á sjötugu á morgun. Hann á farsælan feril að baki í skólamálum, tónlist, bæjarstjórn, blaðaútgáfu og félagsstörfum. Svo skrifar hann eina bók eftir aðra, nú fæst hann við að rita sögu Fáskrúðsfjarðar.

Smári Geirsson, rithöfundur með meiru, er menntaður í þjóðfélagsfræði, stjórnsýslufræðum og uppeldis- og kennslufræðum. Hann hefur komið víða við, setið í bæjarstjórnum í 28 ár, kennt við grunn- og framhaldsskóla í áratugi, stjórnað Verkmenntaskólanum, ritstýrt vikublaðinu Austurlandi og skrifað ellefu bækur, allar sagnfræðilegar, svo eitthvað sé nefnt – en fyrsta spurning til hans er: Í hvaða hljómsveitum hefur þú spilað, Smári?

„Þær eru nú ansi margar. Sú fyrsta hét Kátir félagar, hún var drengjahljómsveit. Næsta hét Fónar, svo kom Austmenn, síðan Amon Ra og Ósíris tók við af henni, ein hljómsveit hét Jón og bumburnar sem síðan breyttist í Bumburnar þegar Jón hvarf af vettvangi."

Auk þessa kveðst Smári hafa verið í skólahljómsveit í Menntaskólanum á Laugarvatni og spilað í Lúðrasveit Neskaupstaðar. „Reyndar er ég enn í lúðrasveit sem starfar við Tónskóla Neskaupstaðar en hún hefur að vísu ekki æft lengi út af COVID." Á hvaða hljóðfæri? „Mest hef ég spilað á saxófón en líka oft verið trommuleikari. Svo var reynt að nota mig sem söngvara af og til."

Lítið segir Smári um böll í Neskaupstað nú, eins og annars staðar. „Það eru auðvitað stigin dansspor í lok stórsamkoma eins og þorrablóta og árshátíða en þetta er í allt annarri mynd en var. Þegar ég var í hljómsveitum var kannski spilað á tveimur böllum um helgi – og helgi eftir helgi."



„Okkar allra nánasta fólk ætlar að hitta okkur en ítrustu varúðar verður gætt," segir Smári. MYND/AÐSEND

Tókst að stöðva konuna

Smári er borinn og barnfæddur í Neskaupstað, faðir hans var Norðfirðingur en móðir hans var úr Eyjafirði, fædd á Látraströnd og alin upp á Grenivík. „Þau náðu saman í Reykjavík, pabbi fór í einhverri ævintýramennsku að keyra leigubíl fyrir sunnan, þar kynntust þau," lýsir hann. Sjálfur kveðst hann hafa náð sér í reykvíska konu, Maríu Jórunni Hafsteinsdóttur, og segir hana una sér vel fyrir austan. „Hún kom austur kornung að vinna, ég held í fiski til að byrja með. Mér tókst að stöðva hana," segir hann ánægjulegur og upplýsir að þau hjónin eigi tvö börn, dóttur í Neskaupstað og son í Kópavogi og samanlagt séu barnabörnin fimm.

Nokkrar bækur eftir Smára Geirsson

- Saga norðfirskrar verkalýðshreyfingar
- Síldarvinnslan hf – svipmyndir úr hálfrar aldar sögu
- Síldarvinnslan í 60 ár
- Samstarf á Austurlandi – Saga fjórðungsþings Austfirðinga 1943-1964 og Sambands sveitarfélaga á Austurlandi 1966 -2006.
- Iðnsaga Austurlands (2 bindi: Frá eldsmiði til eleksírs og Frá skipasmíði til skógerðar)
- Stórhvalaveiðar við Ísland til 1915

Mest hef ég spilað á saxófón en líka oft verið trommuleikari. Svo var reynt að nota mig sem söngvara af og til.

Skemmtunin ein

Nú verður Smári sjötugur á morgun, þann 17. Skyldi hann vera hættur að vinna? „Nei, en ég hætti að kenna við Verkmenntaskóla Austurlands árið 2015. Eftir það hef ég sinnt ýmsu. Núna er ég að skrifa sögu Fáskrúðsfjarðar sem verður í tveimur eða þremur bindum. Það fer mikill tími í að leita heimilda og mynda en með hjálp góðs fólks hefst allt. Þetta er áhugavert verkefni sem ég er langt kominn með. Svo skrifa ég á heimasíðu Síldarvinnslunnar, það þarf nánast að gera á hverjum degi. Þetta er skemmtunin ein."

Lokaspurningin er eftir. Hvernig hyggst Smári halda upp á afmælið? „Á þessum tímum verður ekki um neina stórveislu að ræða. Við hjónin erum komin til Akureyrar og hér munum við láta fara vel um okkur fram á mánudag. Okkar allra nánasta fólk ætlar að hitta okkur en ítrustu varúðar verður gætt. Tengdadóttir okkar er hjúkrunarfræðingur og sér um það, hún mun stjórna samkvæminu. Þetta verður algert COVID-afmæli." **gun@frettabladid.is**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigríður Friðborg Guðmundsdóttir

til heimilis að Hrafnistu, Reykjavík, áður Dalbraut 16,

sem lést á Hrafnistu, Reykjavík, laugardaginn 9. janúar, verður jarðsungin frá Háteigskirkju þriðjudaginn 19. janúar kl. 13.00 og verður athöfninni streymt á slóðinni promynd.is/silla

Hafdís Ósk Sigurðardóttir
Linda Ósk Sigurðardóttir
Brynjar Jakobsson
Helgi Kristján Gunnarsson
barnabörn og barnabarnabörn.



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Gréta Aðalsteinsdóttir

lést á Landspítalanum þriðjudaginn 12. janúar sl.
Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði miðvikudaginn 20. janúar kl. 13.

Jónína Hilmarsdóttir
Grétar Hilmarsson
Hildur Anna Hilmarsdóttir
Svala Hilmarsdóttir
Friðgeir Þorsteinsson
Soffía Sigurgeirsdóttir
Ásgeir Reynisson
Sigurður Jónsson
og fjölskyldur.

Nærgætni, hlýja og virðing *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is

Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

Þjónusta allan sólarhringinn

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS SÍÐAN 1996

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug, við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Valgerðar Einarsdóttur
(Gæju)

sem lést miðvikudaginn 9. desember 2020. Sérstakar þakkir og hlýhug sendum við yndislegu starfsfólki Mánateigs á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu í Reykjavík, fyrir ómetanlega umönnun og hlýju í garð Valgerðar, allan þann tíma sem hún dvaldi þar.

Bára Jensdóttir
Einar Valdimar Arnarsson
Ingibjörg Þóra Arnarsdóttir
Soffía Helga Magnúsdóttir
Gunnfríður Magnúsdóttir
Sigríður Rósa Magnúsdóttir
Örn Guðmundsson
Helen Everett
Jón Sigurðsson
Sigurður Stefánsson
Sophus Magnússon
Richard Hansen
Hafdís Valdimarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



†

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Fjóla H. Guðjónsdóttir
handavinnukennari,

lést á líknardeild Landspítalans 12. janúar. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju, föstudaginn 22. janúar kl. 13.

Fyrir hönd aðstandenda,
Agnar Guðnason
Anna Lillian Björgvinsdóttir
Sverrir Agnarsson
Guðni Rúnar Agnarsson
Hilmar Örn Agnarsson
Halldór Þorsteinsson
Eyrún Antonsdóttir
Sofie Wränghede
Björg Þórhallsdóttir
börn, barnabörn og barnabarnabörn.



†

Elskuleg eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,

Þóranna Bjarnadóttir
(Tóta)

lést á gjörgæsludeild Landspítalans þriðjudaginn 12. janúar í faðmi fjölskyldunnar, eftir hetjulega baráttu við krabbamein. Hjartans þakkir færum við starfsfólki Landspítalans fyrir ómetanlega aðstoð og stuðning. Útför fer fram frá Vídalínskirkju, föstudaginn 22. janúar kl. 15. Í ljósi aðstæðna verða eingöngu nánustu ættingjar og vinir viðstaddir. Athöfninni verður streymt hér: facebook.com/groups/161950685396255

Róbert Magnús Brink
Róbert Aron Róbertsson
Rannveig Hrönn Brink
Magnús Þór Brink
Elín Guðlaug Stefánsdóttir
Gunnar Örn Helgason
Ragnhildur Edda Tryggvadóttir
og barnabörn.



†

Kærar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Sigurborgar Sigurgeirsdóttur
frá Bolungavík,

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á Ölduhrauni, Hrafnistu, Hafnarfirði. Guð blessi ykkur öll.

Pálmi Gestsson
Sigríður Lovísa Gestsdóttir
Þórarinn S. Gestsson
Davíð Gestsson
Alda Ólafsdóttir
Sigurlaug Halldórsdóttir
Viðar Ernir Axelsson
Berglind Bjarnadóttir
Ásta Sóllilja Þorsteinsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Harpa Þorvalds verður í Hannesarholti og spilar lög fyrir allar kynslóðir á viðburðinum Syngjum saman. MYND/AÐSEND

Að syngja með sínu nefi

Söngstund verður í Hannesarholti á morgun, sunnudag, og í fyrsta sinn í marga mánuði tekið á móti gestum í sal, þó ekki nema fimmtán. En einnig verður streymt.

Við leggjum upp úr því að hafa þetta notalega og heimilislega stund," segir Harpa Þorvaldsdóttir, tónlistarmaður og kennari í Laugarnesskóla, um viðburðinn Syngjum saman sem verður í Hannesarholti við Grundarstíg á morgun klukkan 14. Stundin verður send út rafrænt og fáeinir gestir komast í sal.

Spurð um lagavalið nefnir hún létt, íslensk lög eins Lítill fugl eftir Sigfús Halldórsson og eitthvað eftir Jón Múla. „Ég litast líka svolítið af lögum úr Laugarnesskóla og ætla að hafa dætur mínar og vinkonur með. Það verða lög fyrir allar kynslóðir og gott fyrir hjúkrunarheimilin að kveikja á sjónvarpinu. Hugsa að ég verði með lög eftir Bríeti og smá bragð af áramótalögum af því það er nú janúar enn þá. Svo fer að detta í þorrann. Þetta verður fjölbreytt," lofar hún.

Þessum söngstundum hefur verið haldið úti í allan vetur mánaðarlega og þær sendar út með textum. En ekki hefur verið hægt að koma í Hljóðberg að syngja svo mánuðum skiptir. „Við tökum heldur ekki á móti nema um fimmtán núna því við pössum vel upp á sóttvarnir. Dagskránni er streymt, allir geta tekið undir og," segir Harpa.

„Ég legg upp úr því að hafa lögin í þægilegum tóntegundum og segi alltaf við fólk að allir eigi að syngja með sínu nefi og vera óhræddir við það."

gun@frettabladid.is



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Erlingur R. Lúðvíksson

fv. slökkviliðsmaður,

lést á lungnadeild Landspítalans 7. janúar. Útförin fer fram miðvikudaginn 20. janúar kl. 11.00 frá Digraneskirkju, að viðstöddum ættingjum og vinum og verður jafnframt streymt frá heimasíðu kirkjunnar, Digraneskirkja.is. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Sumarbúðir KFUM og K Vatnaskógi, kt. 521182-0169, reikningur 0117-05-189120.

Jakobína R. Ingadóttir
Ingi Einar Erlingsson
Elvar Örn Erlingsson **Sólveig Valgeirsdóttir**
Björg Ragna Erlingsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Kötlu Vigdísar Helgadóttur

Eiðistorgi 5, Seltjarnarnesi.

Ólafur Bragi Ásgeirsson **María Björk Traustadóttir**
Ásgeir Þór Ásgeirsson
barnabörn og barnabarnabarn.



Elsku pabbi, tengdapabbi, afi og langafi,

Sigurður Helgi Valgarðsson

sjómaður, Hófgerði 20, Kópavogi,

lést á Líknardeildinni í Kópavogi þ. 10. janúar. Athöfn fer fram í kirkju Óháða safnaðarins mánudaginn 18. janúar, kl. 15.00. Vegna samkomutakmarkana verða aðeins nánasta fjölskylda og vinir viðstaddir.
Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á minningarsjóð Líknardeildar í Kópavogi, 0513-26-22228, 640394-4479. Sérstakar þakkir færum við öllum þeim er komu að aðhlynningu hans á Bráðamóttöku, A2 í Fossvogi og á Líknardeildinni, fyrir einstaka umönnun og hlýju.

Valgarður Sigurðsson,
Fanney Sigurðardóttir, Birgir Einarsson,
Kjartan Pétur Sigurðsson, Heng Shi,
Dröfn Sigurðardóttir, Guðmundur Þorsteinsson,
Kolbrún Sigurðardóttir, Jón Þór Guðmundsson,
börn, barnabörn og fjölskyldur.




Okkar ástkæra

Ingibjörg Árný Eyþórsdóttir

til heimilis að Efstaleiti 12, Reykjavík,

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund 4. janúar 2021.
Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu að viðstöddum nánustu ættingjum og vinum. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarsamtök. Ástvinir þakka auðsýnda samúð og vináttu.

Höskuldur Ólafsson
Jóhanna Jónasdóttir
Jónas H. Jónasson
Edda Sigfríð Jónasdóttir
Marius Þór Jónasson
tengdabörn og aðrir afkomendur.



Ástkær eiginkona mín, dóttir okkar, móðir, systir og amma,

Hrefna Bjarnadóttir

Stekkjartúni 5, Akureyri,

lést á sjúkrahúsinu á Akureyri þann 31. desember sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Heimahlynningar fyrir hlýju og góða umönnun.

Gunnar Helgi Guðmundsson
Bjarni Garðarsson **Ásdís Símonardóttir**
Ásdís Gunnarsdóttir
Katrín Gunnarsdóttir
Þröstur Bjarnason
Sigurlaug María Bjarnadóttir



Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Sigrún Ásbjarnardóttir

Lindasíðu 4, Akureyri, áður Siglufirði,

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Hlíð, þriðjudaginn 5. janúar. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju, föstudaginn 22. janúar, kl. 13.30. Streymt verður frá athöfninni á Facebook-síðunni Jarðarfarir í Akureyrarkirkju – beinar útsendingar.
Sérstakar þakkir fær starfsfólk Furuhlíðar, fyrir ómetanlega umönnun þau ár sem hún dvaldi þar.

Jónína Gunnlaug Ásgeirsdóttir **Magnús Guðbrandsson**
Gunnar Björn Ásgeirsson **Ellen Hrönn Haraldsdóttir**
Ásbjörn Svavar Ásgeirsson **Sigríður Sunneva Pálsdóttir**
Rósa Ösp Ásgeirsdóttir **Unnsteinn Ingason**
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn og bróðir,

Birgir Sveinarsson

öldrunarheimilinu Hlíð, áður Ægisgötu 1, Akureyri,

lést á heimili sínu að morgni 24. desember. Útförin mun fara fram frá Akureyrarkirkju, 18. janúar kl. 13.30.

Lilja Guðbjörg Magnúsdóttir
Gunnar Sveinarsson
Guðríður Sveinarsdóttir
Jóhanna Guðmundsdóttir
Ásta Guðmundsdóttir
Guðmundur Óskar Guðmundsson
og fjölskyldur.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Sigríður Benediktsdóttir

frá Bakka í Bjarnarfirði, síðast til heimilis að Eyjaholti 10a, Garði,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði, þriðjudaginn 12. janúar. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, miðvikudaginn 20. janúar kl. 13.
Í ljósi aðstæðna munu einungis nánustu aðstandendur vera viðstaddir athöfnina. Athöfninni verður streymt á facebook.com/groups/sigridurbenediktsdottir/

Ólafur Einarsson **Anna Magnúsdóttir**
Hannes Ólafsson
Guðveig Einarsdóttir **Árni Pétursson**
Jóhann Karl Einarsson **Ása Guðmundsdóttir**
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,


Kristín Guðmundsdóttir

Sléttuvegi 25, áður Holtagerði 48, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimili Hrafnistu, Sléttunni, sunnudaginn 10. janúar.
Útför fer fram frá Kópavogskirkju, þriðjudaginn 19. janúar kl. 13.00.

Guðmundur Björgvinsson **Karen Valdemarsdóttir**
Hrafnhildur Björgvinsdóttir **Davíð Friðriksson**
Kolbeinn Björgvinsson **Unnur Þóra Proppé Valsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

PLASTPOKABANN

K	R	Ú	N	U	R	A	K	A	■	S	■	Á	■	B	■	E	■	10	■
V	■	T	■	T	■	F	■	F	L	Ó	T	T	A	L	E	I	Ð	I	R
I	I	L	K	A	L	D	U	R	■	L	■	T	■	Á	■	N	■	■	■
K	■	Á	■	N	■	R	■	Á	T	A	K	A	S	V	E	I	T	I	R
S	A	N	D	S	K	E	I	Ð	■	R	■	V	■	I	■	V	■	■	■
Y	■	A	■	K	■	P	■	I	L	L	G	I	R	N	D	I	N	N	I
N	■	Þ	J	Ó	F	I	N	N	■	J	■	T	■	G	■	Ð	■	■	N
D	■	A	■	L	■	N	■	■	J	Ó	L	A	Þ	U	L	U	R	■	N
A	U	K	A	A	F	U	R	Ð	U	M	■	N	■	L	■	R	Á	M	A
■	T	■	F	■	E	■	Ó	■	R	A	F	S	A	L	T	■	N	■	N
S	A	M	T	Ö	L	U	M	■	T	■	O	■	U	■	R	I	S	U	M
■	N	■	U	■	L	■	A	M	A	G	R	Ó	Ð	R	I	■	Í	■	E
Í	B	U	R	Ð	I	N	N	■	K	■	N	■	S	■	M	■	L	■	I
■	Ó	■	E	■	N	■	S	Á	R	A	D	Ú	K	U	M	■	D	■	N
S	K	E	L	E	G	G	I	■	E	■	Ý	■	Æ	■	A	T	A	L	S
■	A	■	D	■	A	■	N	Ú	M	E	R	A	R	Ö	Ð	■	■	A	■
E	R	K	I	P	R	E	S	T	■	G	■	T	■	F	I	S	K	U	M
■	N	■	N	■	N	■	■	Þ	J	Ó	Ð	L	Ö	G	■	Á	■	G	■
S	Á	R	G	R	A	M	U	R	■	U	■	O	■	U	P	P	L	A	G
■	M	■	U	■	R	■	■	Á	R	M	Ó	T	U	M	■	U	■	R	■

LAUSNARORÐ Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist framfaraskeið. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 21. janúar næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „16. janúar “.





FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Eplamaðurinn eftir Anne Mette Hancock** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Þuríður Elísa Harðardóttir, Múlaþingi.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÁRÉTT

1 Hefur þú sett belgjurtir á kaffibrauð? (9)
11 Það væri nú allt í lagi að flikka upp á fljót með smá göldrum (10)
12 Geta jafnar gert það sem gera þarf þessar mínútur sem mest gengur á? (9)
13 Ásælist gróða glaðrar veiðiklóar (10)
14 Blæs er spjátrungar og helsingjar fara hjá (11)
15 Saga um fitu í höll í miðri tjörn (10)
16 Hvíldi á vörum danskra eyjarskeggja (11)
17 Er vinnudýrið þá mesti álfurinn í stærstu álfunni? (10)
20 Versla föt á bóndann og hjálparhelluna hans (11)
24 Ef marka má munnmælin er gott að umlykja skurð illgresi (9)
26 Leitum kássu og möllum lengi handa þessum krökkum (10)
29 Afklæðist þegar svalur og suddalegur gustur gnauðar (8)
31 Hér hafa mikilmenni mölvað allt sem magnað er (10)
32 Mikill úrvalshópur sem þú hefur komið þér upp (4)
33 Gróðurlaus svæði karls á vegum Ratcliffes (8)
37 Tel ættleifð einskorðaða við viðtekna hefð (9)
40 Er ofurmennið þá frá Suður-Englandi? (4)
42 Saumakassi sameinar góða gaura og versta hyski (10)
43 Hann fjörgar gjarnan flugskeyti (5)
44 Hvað vilja þessir snatar, spyr skógarmaðurinn ringlaður (6)
45 Það er hreinasti galdur að fólk skuli sætta sig við skattinn (7)
46 Það vantar bitastætt atriði í annars líklegan gæðakafla (9)
47 Sá Boga og Örvar æða út í franskt stórfljót (6)
48 Segir málið vera að gera at í Gunnu (7)

LÓÐRÉTT

1 Hafa fengið nóg af þessum hlemmum á áfangastað (11)
2 Ég mun fella hin frjálsu sem ekki ugga að sér (11)
3 Aðeins einbúar fíla þessa hríslu (9)
4 Hann einhvern veginn rís úr skauti Coco Chanel (9)
5 Staða kvikmyndarinnar gerir mig hásan (9)
6 Risi segir að sellan sé uppistaða makkans (9)
7 Orlof við vatn er með þurrasta móti? (8)
8 Staða kviðlings við þessa athöfn er óljós (12)
9 Finnur landinn eitthvað matarkyns á Fróni? (10)
10 Vér leggjum áherslu á myndarskap í vorum endurbótum (8)
18 Kjaftæðið í kringum poppið er pínlegt (7)
19 Ungmennafélagið Afturelding umkringir elg sem er eitthvað að fást við dekk (7)
21 Hámenntaður klárinn ferjar foringjann heim (8)
22 Ás bölvunar lamar naglbít strits (8)
23 Á við 1501000 vellyktandi sprey (6)
25 Sæki allt að utan, líkt og postulinn (6)
27 Enn einu sinni er það hart, en það má alltaf taka það til baka (10
28 Elskuleg, flettið nú í gegnum klögupésann (10)
30 Brýt jafnvel nef fyrir réttu snyrtivörurnar (9)
34 Ofan er ekki sagnorð frekar en festarslit (7)
35 Afbökuðu og yktu það sem umlukið var (7)
36 Ekki er það þyngd umbúða sem ergir þá sem engu játa (7)
38 Sólarhringsræða hefst um klukkan níu (6)
39 Svona slátta kallar á fullkomna einingu (6)
41 Flatkjöftunes eru flestum hulin (6)

LÉTT

	1			2		5		3
	2		7	3				
		9			5			
		7						
9					3	4	1	
5			1	9		6	8	
	5		9	8	2			
7			6			8		2
		8		5		1		

MIÐLUNGS

		6		2	1			3
8				9		7		2
		5			4	6		
5			3		9			1
	6		4			3	7	
2							4	
3			9		8	1		
	7	8	1					
6				7				

ÞUNG

7	3			5	9			
			1		3			
		5	6					7
		2			6		1	
1		9		2			7	
					1	8		
2	9		8				3	
	6	8					5	
		1	9		4			

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

3	1	7	2	5	8	4	6	9
8	2	4	9	1	6	7	3	5
6	9	5	7	3	4	2	1	8
5	7	9	3	8	1	6	2	4
4	6	1	5	2	9	3	8	7
2	8	3	4	6	7	9	5	1
7	5	6	1	9	2	8	4	3
9	3	8	6	4	5	1	7	2
1	4	2	8	7	3	5	9	6

4	2	9	5	7	1	6	8	3
5	1	3	8	9	6	7	2	4
8	6	7	2	3	4	9	1	5
9	4	2	3	8	7	1	5	6
1	3	6	4	5	9	2	7	8
7	5	8	6	1	2	3	4	9
2	8	4	1	6	3	5	9	7
3	7	1	9	4	5	8	6	2
6	9	5	7	2	8	4	3	1

5	7	2	9	1	3	6	8	4
1	3	6	4	5	8	7	9	2
8	4	9	6	2	7	1	3	5
6	5	4	1	7	9	8	2	3
3	1	8	5	6	2	9	4	7
9	2	7	3	8	4	5	6	1
4	6	3	7	9	5	2	1	8
2	9	5	8	4	1	3	7	6
7	8	1	2	3	6	4	5	9

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik



Weber átti leik gegn Heemsoth árið 1973.w

1. Ha8+! 1-0. Svartur er óverjandi mát í tveimur leikjum.

www.skak.is: Allt um skák

Bridge Ísak Örn Sigurðsson

Vond lega í tromplitnum

Spilamennska á netmiðlum er vinsæl í þessu faraldursástandi, enda fer „lifandi“ spilamennska hvergi fram hjá félögum landsins. Mjög vinsælt er að hafa mót á „Realbridge“ forritinu (þar sem þú færð að sjá andstæðinga og spilafélaga í mynd (ef þú ert með myndbandsupptökuvél á tölvunni). Laugardaginn 12. janúar var haldið 29 para tvímenningsmót sem vannst örugglega af norðanmönnunum Reyni Helgasyni og Frímanni Stefánssyni. Í því móti kom þetta spil fyrir, norður var gjafari og allir á hættu:

Norður
♠ -
♥ 52
♦ D987652
♣ G653

Vestur
♠ ÁK953
♥ 94
♦ 10
♣ Á10982

Austur
♠ D762
♥ ÁG873
♦ Á4
♣ K4

Suður
♠ G1084
♥ KD106
♦ KG3
♣ D7

Algengasti samningurinn í AV var fjórir spaðar. Nokkur pör (fjögur) reyndu sex spaða, sem er ágætis samningur, sem versnar ef útspilið er hjarta, sem sjaldan kemur út. Hins vegar er legan í spaðanum mjög vond fyrir sagnhafa, sem gerði það að verkum að ekki var hægt að vinna spilið. Toppinn í NS fengu Frímann og Reynir í dobluðum sex spöðum (500) gegn sigurvegurum jólamóts Bridgefélags Reykjavíkur, Sverri og Hrannari, sem sátu AV og „náðu“ hálfslemmunni í sögnum sínum. Eitt af pörunum sem reyndi sex spaða í AV, var Aðalsteinn Jörgensen og Ómar Óskarsson, sem fóru tvo niður ódoblaðir.

vfs.is

20%40%

JANÚAR ÚTSALA

Borvélar • Bón- og massavélar • Fjölnotaverkfæri • Fræsarar • Heflar • Hersluvélar
Hita- og límbyssur • Slípivélar • Kíttisgrindur • Koppafeitissprautur • Laserar • Mælitæki
Hefti- og naglabyssur • Pressuvélar og klippur • Ryksugur • Sagir • Skrúfvélar • Slípirokkar
Útvörp • Vinkilskrúfvélar • Garðverkfæri • Verkfæraskápar • Topplyklasett • Lyklar
Heftibyssur og hnoðtangir • Kíttisgrindur • Sagir • Skotlínur • Bílverkfæri • Hamrar & Kúbein
Skrúfjárn og Sexkantar • Málningarverkfæri • Mælitæki • Rörskerar • Skóflur • Hrífur • Járnkarlar
Tangir • Toppar og bitar • Þvingur • Trésmíðaverkfæri • Múrverkfæri • Skrúfstykki • Þjalir
Borhamrar • Borvélar • Bón- og massavélar • Fjölnotaverkfæri • Fræsarar • Heflar • Hersluvélar
Hita- og límbyssur • Slípivélar • Kíttisgrindur • Koppafeitissprautur • Laserar • Mælitæki
Hefti- og naglabyssur • Pressuvélar og klippur • Ryksugur • Sagir • Skrúfvélar • Slípirokkar
Útvörp • Vinkilskrúfvélar • Garðverkfæri • Verkfæraskápar • Topplyklasett • Lyklar
Heftibyssur og hnoðtangir • Kíttisgrindur • Sagir • Skotlínur • Bílverkfæri • Hamrar & Kúbein
Skrúfjárn og Sexkantar • Málningarverkfæri • Mælitæki • Rörskerar • Skóflur • Hrífur
Tangir • Toppar og bitar • Þvingur • Trésmíðaverkfæri

VERKFÆRA SALAN

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • DALSBRAUT 1, AKUREYRI • S: 560 8888 • **vfs.is**

KRAKKAR

Konráð og félagar á ferð og flugi

437

„Jæja þá, tvær nýjar sudoku gátur,“ sagði Kata glottandi. „Nú er ég orðin svo góð í að leysa sudoku gátur að við skulum koma í kapp um hver verður fyrstur til að leysa þær,“ bætti hún við. „Allt í lagi,“ sagði Konráð. „Til er ég.“ Lísaloppa var líka góð í að leysa sudoku gátur svo hún var alveg til í keppni. „Við glímum öll við þær báðar og þá kemur í ljós hversu klár þú ert orðin,“ sagði hún. „En ég vara ykkur við, ég er orðin mjög klár,“ sagði Kata montin. „Við getum byrjað á þessari léttari,“ sagði Lísaloppa. „Þeirri léttari fyrst,“ sagði Kata hneyksluð. „Ekki ég, ég byrja á þeirri erfiðari fyrst,“ sagði hún og glotti. „Ég yrði fljótari en þið bæði til samans þótt þær væru báðar þungar.“ Kata var orðin ansi klár. En skyldi hún vera svona klár?

6	9		5					
	4	8				5		2
	5	7	6	8	4	3		9
		5	8		7	9		
9	8		3	1				
	7							3
7	6	9		4				
		4	9	3				
5	1			7		4		8

	9	5		3	4			
	7		2	5		4		1
		1		6			5	8
9			7				1	
	2	4					6	
	6		5				4	
	1	2				9	8	
			6		2			
5	3	9	4	8		6		2



Listaverkið

Þessa mynd teiknaði **Deimanté Liaugminaite** af fjölskyldunni sinni.





Ég geri ekkert í símum nema hlusta á tónlist, segir Brynhildur Björk og tendrar ljós. Brynhildur verður níu ára síðar á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fékk bréf frá Vigdísi forseta

Hún Brynhildur Björk Teitsdóttir er átta ára og kveðst verða níu ára á þessu ári.

„En ég á afmæli 29. desember þannig að ég er eiginlega nýorðin átta ára,“ tekur hún fram.

Hvað heitir skólinn þinn? Foldaskóli – og það var hægt að kaupa peysu sem stendur Foldaskóli á og ég er akkúrat í henni núna.

Eru skólabúningar í Foldaskóla? Nei, ég má vera í peysunni hvar sem er. Ég má örugglega fara í henni á handboltaæfingu. Ég er sko nýbyrjuð í handbolta og æfi líka fimleika og á píanó.

Það er nóg að gera hjá þér. Já, vandamálið er að ég á að vera á fimleikaæfingu á sama tíma og handboltaæfingu. Það væri sko ekki gott ef það væri handboltamót og fimleikamót á sama tíma líka.

Ertu góð að klifra? Já, uppáhaldið mitt er að klifra í klettum og trjám. Tónlist er líka eitt af áhugamálunum mínum. Ég geri ekkert í símum nema hlusta á tónlist. En Göngum við í kringum er búið að vera uppáhalds íslenska lagið mitt frá því ég var ponsulítil.

Hvernig gengur á píanóinu? Vel. Ég er í Suzuki píanóskólanum, byrjaði þegar ég var alveg að verða fimm ára. Skólinn er í næsta húsi við

Við eigum tvær kisur, önnur lætur eins og hún sé ekki gæludýr, hún er alltaf úti, en það besta sem hin veit er að kúra.

Bryndísi, vinkonu mína. Ég á margar vinkonur. Besta vinkona mín að eilífu á núna heima í Kópavogi. Við hittumst fyrst í leikskólanum.

Hver ræður mestu heima hjá þér? Ég held það sé eiginlega bara litla systir mín, hún Vigdís Lóa.

Eru einhver dýr á heimilinu þínu? Við eigum tvær kisur, önnur lætur eins og hún sé ekki gæludýr, hún er alltaf úti, en það besta sem hin veit er að kúra. Uppáhaldsmanneskjan hennar er ég. Hún vill meira að segja fara með mér á klósettið.

Ertu mikið í tölvu? Ekki oft en stundum mjög lengi.

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í skólanum? Úff, það er svo margt. Stærðfræði og myndmennt og textílmennt og byrjendalæsi. Ég fékk íslenskuverðlaun unga fólksins á degi íslenskrar tungu, bók með ljóðum Jónasar Hallgrímssonar og bréf sem Vigdís forseti skrifaði undir. Ég ætla að geyma það vel.

ÚTSALA

20-50%

AFSLÁTTUR



40% afsláttur

CAMEBRIDGE

3gja sæta leðursófi



Útsöluverð
321.900 kr.
Verð áður 536.500 kr.
2 litir svargrár og svarbrúnn.

Rúmföt	Heilsurúm	Sófar	Hægindastólar	Gjafavara	Húsgögn
-20%	-20-40%	-20-50%	-20%	-20%	-20-50%

KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP STRAX Í DAG

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Laugardagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
2 °C | 7 °C ↘	3 °C | 4 °C ↙	1 °C | 3 °C →
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
3 °C | 6 °C ↘	3 °C | 9 °C ↘	-1 °C | 7 °C ↘

Norðan og norðvestan 10-18 í dag og víða slydda eða rigning með köflum og snjókoma til fjalla, en rofar til á SA-landi. Hiti 0 til 7 stig, hlýjast sunnan heiða.

	Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
Reykjavík	2 °C | 9 °C →	1 °C | 10 °C ↘	1 °C | 6 °C ↓	-3 °C | 8 °C ↓	-3 °C | 7 °C ↓
Ísafjörður	0 °C | 3 °C ↘	-1 °C | 9 °C ↓	-1 °C | 9 °C ↙	-6 °C | 9 °C ↙	-3 °C | 8 °C ↓
Akureyri	1 °C | 1 °C ↖	3 °C | 4 °C ↘	3 °C | 4 °C ↘	-2 °C | 4 °C ↘	-1 °C | 1 °C →
Egilsstaðir	1 °C | 0 °C ○	3 °C | 4 °C ↓	2 °C | 8 °C ↓	-2 °C | 8 °C ↘	0 °C | 9 °C ↓
Kirkjubæjarklaustur	0 °C | 5 °C ↗	1 °C | 10 °C ↘	0 °C | 6 °C ↘	-5 °C | 4 °C ↘	-2 °C | 7 °C ↘
Hveravellir	-3 °C | 4 °C ↑	-4 °C | 15 °C ↘	-5 °C | 11 °C ↘	-10 °C | 14 °C ↓	-8 °C | 9 °C ↘

Á frettabladid.is finnur þú..

- nýjar fréttir
- léttar frettir
- íþróttafréttir
- viðskiptafréttir
- skoðanapistla
- Halldór

og auðvitað blað dagsins ásamt eldri blöðum



FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Pondus

Eftir Frode Øverli




Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is



Fyrsti Joe & The Juice Drive-Thru staður heims hefur opnað á **Miklubraut**

JOE *to go*

18. — 22. janúar eru allar samlokur á 50% afslætti



Mundu eftir appinu

joeandthejuice.is

Verk sem bæði kallast á og leita hvert frá öðru

Veit andinn af efninu? nefnist fyrsta sýning ársins í Nýlistasafninu í Marshallhúsinu. Stórt er spurt. En gestir geta leitað svara strax í dag. Sýningin verður opnuð á hádegi. Þrír listamenn tefla fram verkum.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Ragnheiður, Sigrún og Sindri sýna nú saman í fyrsta skipti. Þau nota margs konar efni, möl, leir, málningu og kertavax. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Listafólkið Sindri Leifsson, Ragnheiður Gestsdóttir og Sigrún Hrólfsdóttir, efnir til samsýningarinnar Veit andinn af efninu? – Is the spirit aware of the matter? í Nýlistasafninu í Marshallhúsinu. Þremenningarnir eru að leggja lokahönd á verk sín og uppsetningu þegar ég lít inn og labba milli þeirra í sömu röð og fram kemur í upphafi.

Salt jarðar

Sindri krýpur við stóran malarflöt á hvítum palli. Verkið tekur yfir eitt hornið í salnum og er viss hindrun sem þó er hægt að yfirstíga. Það er auðsýnilega gert undir áhrifum frá nýju landfyllingunni við Laugarnestangann. Titill þess er: Á dauða mínum átti ég von. „Ég er ekki að setja fram ákveðna skoðun á þeim flennistóra, stranglínulaga ferningi sem er búið að planta þarna niður í sjó og nýlega birtist frétt um að væri „nýtt útivistarsvæði í Reykjavík“," tekur Sindri fram. Annað verk hans er í formi parísarhjóls sem hann hefur smíðað úr stáli, verkið nefnist Salt jarðar og verður á stöðugum en hægum snúningi með salt á litlum hillum. Það salt hefur Sindri sjálfur unnið úr hafinu. „Salt var mjög verðmætt og mikil munaðarvara," segir hann og nefnir ýmsar vísanir sem verkið hefur.

Allt tengist andanum

Ragnheiður er að mála sýningarstöpla fyrir ketilbjöllur úr leir, þær eru holar að innan, brenndar, glerjaðar og hver með sínum lit. Hún kveðst aldrei hafa prófað ketilbjöllur sem þrekæfingatæki. Ég er nýbyrjuð að kynnast leirnum, og fannst eitthvað spennandi við að gera kúlur sem eru holar að innan, þær þróuðust út í þessar handmótuðu ketilbjöllur. Margar pælingar kviknuðu í framhaldinu, til dæmis að hér væru mínar hendur að móta hlut sem síðan ætti að móta líkama minn. En þær vísa líka í þrá okkar eftir að umkringja okkur með fegurð og fallegum munum."

> **MARGAR PÆLINGAR KVIKNUÐU Í FRAMHALDINU, TIL DÆMIS AÐ HÉR VÆRU MÍNAR HENDUR AÐ MÓTA HLUT SEM SÍÐAN ÆTTI AÐ MÓTA LÍKAMA MINN.**
>
> Ragnheiður

Ragnheiður vinnur einnig með uppstillingar úr listasögunni. Meðal þeirra er dúkur gerður úr kertavaxi með fínlegu mynstri sem minnir á fortíðina. „Ég auglýsti á fésbók eftir kertaafgöngum og fékk slatta úr Hallgrímskirkju. Allt tengist andanum," segir hún og lítur upp eftir súlu í miðjum salnum.

Samspil náttúruaflanna

Sigrún sýnir teikningar, málverk og vatnslitamyndir, auk stórra rýmisverka. Rauð filma er í glugga sem veit að höfninni og flaksandi hvít himna innan við. „Þegar sólin skín gegnum þessar himnur tekur allt breytingum hér inni," bendir hún á. Annað verk sýnir hráolíu undir glerkúpli. „Til þess að upplifa þetta verk til fulls þarf að panta tíma gegnum appið Noona," tekur hún fram.

Glær blaðra með eðallofttegundinni helíum og hangandi í 24 gramma silfursnúru er mitt á meðal okkar, en málverkin hennar Sigrúnar eru enn niðri við gólf og halla sér upp að veggnum. Þau eiga eftir að leita ofar. Þar má sjá borgarlandslag og eitt verkið er af barninu hennar Kylie Jenner í Kardashian-fjölskyldunni. „Á tímabili var þessi mynd mest lækaða mynd á Instagram, með 18 milljónir læka," segir Sigrún og bætir við: „Mynd af móður og barni er líklega vinsælasta myndefni allra tíma."

Sunna Ástþórsdóttir er sýningarstjóri. Hún getur þess að í salnum séu eingöngu ný verk, verk sem bæði kallist á og leiti hvert frá öðru. Listamennirnir séu að sýna saman í fyrsta sinn og bendi á mismunandi leiðir til að skilja regluverk og öfl, en leiti ekki eiginlegra svara.

Sýningin verður opin á hefðbundnum opnunartíma safnsins, miðvikudaga til sunnudaga frá klukkan 12 til 18, frá og með deginum í dag, 16. janúar til sunnudagsins 28. febrúar.

Listamannaspjall í tengslum við sýninguna verður síðar.

Til sölu úr þrotabúi

Lyftari Linde rafmagns
Bakkaþvottavél
2 Marel viktar
Ísvél
Karahvolfari
Þvottakör og færibönd
og fleira

Upplýsingar og myndir veittar á tölvupósti
bjarni@svartaperlan.is

Sundurliðuðum tilboðum þarf að skila
á ofangreint netfang eigi síðar en 24. janúar 2021

Halda frásögnum og hefðum um þorrann lifandi

Þorralögin eftir Ragnhildi Gísladóttur, við texta Steinunnar Þorvaldsdóttur, eru nú aðgengileg á Spotify. Halldór G. Pálsson Fjallabróðir sá um upptökur. Flutning annast hljómsveitin Spraðabassar en hana skipa, auk Ragnhildar og Halldórs, Bryndís Jakobsdóttir, Sverrir Bergmann, Tómas Jónsson og Magnús Magnússon.

Öll lögin sex eiga það sameiginlegt að segja sögur tengdar þorranum og að halda þeim frásögnum og hefðum lifandi.

„Eins furðulega og það kann að hljóma eru þetta fyrstu alíslensku þorralögin, því þau lög sem við tengjum yfirleitt við þennan mánuð eru öll erlend," segir Ragnhildur.

Í bókinni Velkominn þorri, sem kom út árið 2010 hjá Sölku, tóku þær Ragnhildur og Steinunn saman fróðleik um þorrann og þorrahefðirnar og kynntu tvö ný lög, Velkominn þorri og Þorrinn er kominn. Í kjölfarið sömdu þær tvö önnur, Bóndadagshopp og Þorragleðigleðigaman, sem komu út á disknum Þorralögin árið 2011, ásamt hinum tveimur. Árið 2017 bættust við lögin Reynir að gera gott úr því og Þorralitirnir. Þau voru kynnt það ár í sjónvarpsþætti ríkissjónvarpsins sem byggðist á samantekt Ragnhildar og Steinunnar um þorrann. – gun



Ragga Gísla á þorralega tóna í sinni hörpu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



RIF
RESTAURANT

20% afsláttur

HM TAKE AWAY TILBOÐ

Gildir út janúar 2021

Forréttur

Premium vængir	1.032 kr	~~1.290 kr~~

Réttir

Fish and chips (2 bitar)	1.752 kr	~~2.190kr~~
Tríó	1.912 kr	~~2.390 kr~~
Beikonborgari	2.072 kr	~~2.590 kr~~
El Paso salat	2.152 kr	~~2.690 kr~~

Eftirréttur

Súkkulaðikaka	1.032 kr	~~1.290kr~~

Pantanir í síma 578-0100



Tríó | El Paso | Beikonborgari

2.HÆÐ - FJÖRÐUR VERSLUNARMIÐSTÖÐ | rif.is

pepsi

Yfir 100 síðna
útsölublað á husa.is
Gildir einnig í vefverslun



ÚTSA

Sértilboð
Gildir á meðan útsölu stendur

AEG



Þvottavél AEG 8 kg, 1400 sn.
Þvottavél með kolalausum mótor. Prosense tæknin vigtar sjálfkrafa þyngd þvottar, velur ákjósanlegan þvottatíma. Styttir þannig bæði tíma, vatn og orku. **1860502**

79.990kr
~~89.990kr~~

Electrolux



Þurrkari barkalaus
Tekur 7 kg, orkuflokkur B, Stærð: 85x 59,6x57 cm, 67dB Tromla. **1835646**

Sjáðu verðið!

86.995kr
~~96.995kr~~

33%



BLACK+DECKER

Skrúfvél 3,6V
Hraðhleðsla, 60 mín., kemur í tösku, Led ljós sem auðveldar vinnu, 5.5Nm hersla. **5246076**

5.995kr
~~8.995kr~~

25%



Vegg-og gólfflís
K.Slate Silver, 30x60 cm, Rectif. R9, frostþolin. **8611164**

3.915kr/m²
~~5.221kr/m²~~

25%



Borvél 18V, 2 stk., 1.5Ah
2 stk., 2.5Ah Li-Ion rafhlöður, 13 mm patróna, taska HSC. Þyngd: 1,7 kg. **5247085**

37.480kr
~~49.978kr~~

30%

NEO TOOLS



Vörutrilla
Ber 90 kg, samanfellanleg. **5080151**

5.595kr
~~7.995kr~~

9 ltr.

30%



Græn vara

JOTUN

Jotun vegg- og loftamálning
Hentar bæði á loft og veggi. **7119784**

7.995kr
~~11.495kr~~

20%



LAUFEN

Vegghengt salerni með setu
PRO-N veggskál+seta kit. **7920021**

47.876kr
~~59.845kr~~



30%

Verkfærataska
19". **5024804**

1.395kr
~~1.995kr~~

30%

GROHE



Eldhústæki
GROHE StarLight áferð, auðveldar þrif. **7911066**

12.895kr
~~18.495kr~~

33%



BLACK+DECKER

Borvél 12V + 100 fylgihlutir
Tvær rafhlöður, 1.5Ah - Lion. Hersla 25Nm. 10 mm patróna. **5245566**

14.495kr
~~21.495kr~~

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Pottaplöntudagar í Blómavali | 20-50% afsláttur

Ný sending í hverri viku

26%

blómaval



Orkidea
12 cm pottur. **11325000**

1.990kr
~~2.690kr~~

21%

blómaval



Skúfdreki
19 cm pottur. **11328154**

3.790kr
~~4.790kr~~

26%

blómaval



Friðarlilja
12 cm pottur. **11400004**

1.990kr
~~2.690kr~~

26%

blómaval



Gúmmífíkus
Robusta 13 cm pottur. **11261873**

1.490kr
~~1.990kr~~

blómaval

Tilboð

Túlípanar 10 stk.



1.990kr
~~2.490kr~~

LA

28%



Electrolux

Ofn EEA4235POX

Ryðfrítt útlit, katalískur sjálfhreinsibúnaður, mjúk lokun, orkuflokkur A, tekur 72 ltr. **1841248**

64.990kr

~~89.990kr~~

31%



FERRO

Sturtusett með blöndunartæki

Trinity. 7810200

19.995kr

~~28.855kr~~

21%



Baðinnrétting

Smart, 3x1, hvít eða grá, 45 cm. Skápur, handlaug og spegill.

7900460, 7900462

24.900kr

~~31.475kr~~

30%



STANLEY

Búkkar

Samanbrjótanlegir 2 stk. í pakka. Stærð 1017x758x125 mm Hvor búkki ber 340 kg.

5079930

12.595kr

~~17.995kr~~

HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Við **berjum** niður verðið

Allt að **60%** afsláttur

Verkfæratöskur **30%** • NEO topplyklasett **30-50%** • Ryksugur **20%** • Rafmagnsverkfæri **20%**
Strauborð og þvottasnúrur **25%** • Valin smáraftæki **25-40%** • Handverkfæri **20%** • Búsáhöld **25%**
Pottar og pönnur **20-30%** • Flísar **25-40%** • Matarstell, glös og könnur **30-50%** • Blöndunartæki **20-60%**
Bökunarvörur **20%** • Matvinnsluvélar **30%** • Smáhlutabox **30%** • Loftpressur (Stanley) **20%** • Glös og diskar **30%**
Barnaöryggisvörur og bílstólar **30%** • Eldhúsáhöld **30%** • Vinnuljós og kapalkerfi **25-35%** • Hillurekkar (Avasco) **20%**
Geymslukassar og plastbox **25%** • Moppur og kústar **25%** • Hreinsiefni og hreingerningaráhöld **25%**
Slökkvitæki og reykskynjarar **25-30%** • Hnífapör **30%** • Vinnufatnaður **20-25%** • Herðatré **30%**
Andlitsgrímur og öryggisvörur **30%** • Handsótthreinsivörur **30%** • Skálar og eldföst mót **30%** • Worx vélar **20%**
Háþrýstidælur (Nilfisk) **25%** • Vegg & Tak innimálning **30%** • Spreybrúsar **20%** • Útivistarfatnaður **25%** ... **o.fl.**



Alls staðar mætti ég góðu fólki, segir Sigrún Árnadóttir er hún lítur yfir farinn veg. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hlaut orðu og þýðingarverðlaun sama árið

Meðal þeirra sem forseti Íslands, Guðni Th., sæmdi hinni íslensku fálkaorðu í árslok 2020, var Sigrún Árnadóttir þýðandi. Þó hún sé á tíunda tugnum í aldri er andinn óbilaður. Hún kveðst samt hætt að vinna.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Hér á Vesturgötu er ég algerlega ótækjavædd, henti öllu frá mér og hef ekkert nema heimilið. Ég kaus það sjálf, ákvað að ég væri hætt störfum og lokaði bókinni," segir Sigrún Árnadóttir þýðandi, sem býr í íbúð fyrir eldri borgara á Vesturgötu í Reykjavík.

Lestu samt ekki enn þá? spyr ég hikandi. „Jú, bara af bók, ég hef góða sjón. Var að lesa Ólaf Jóhann, fannst sagan fara svolítið seint í gang en svo líkaði mér hún mjög vel." Hún kveðst muna eftir Ólafi Jóhanni sem strák, hún hafi þekkt foreldra hans.

Úr ellefu systkina hópi

Sigrún fæddist árið 1927 og er því komin á tíræðisaldur. Auk þess að taka við hinni íslensku fálkaorðu á gamlársdag úr hendi forseta Íslands, hlaut hún á liðnu sumri þýðingarverðlaun Letterstedtska sjóðsins, sem styrkir norræna samvinnu í vísindum, listum og iðnaði. Hún hefur þýtt 60 bækur á íslensku, flestar fyrir börn og unglinga, margar geysivinsælar. Í bunkanum eru 20 bækur eftir Astrid Lindgren og allar bækur Gunillu Bergström um snáðann Alfons Åberg, sem Sigrún gaf nafnið Einar Áskell. Viðtöl hafa birst við Sigrúnu um hann og fleiri persónur bókanna, en ég er forvitin um sögu hennar sjálfrar, einkum æsku og uppvöxt. Við hittumst ekki heldur spjöllum saman í síma.

„Fjölskylda mín er stór. Við vorum ellefu systkinin og öll komumst við upp og urðum foreldrar mismargra barna. Ég eignaðist sex og er svo lánsöm að þó ég sé orðin svona gömul eru þau öll á lífi og heilbrigð," segir Sigrún og heldur áfram. „Það er margvísleg reynsla sem fæst við að alast upp í stórum systkinahópi, reynsla sem þau börn fá síðar að kynnast sem eru einbirni eða kannski tvö systkini í fjölskyldu. Það er barist um eitt og annað og oft þarf að liðka til. Ég gerði nokkrar vísur í tilefni sextugsafmælis Kristínar, systur minnar heitinnar og vék að þessu.

Við strákana eldri var stríðið oft heitt
og stóð jafnt um nætur og daga,
það var klórað og argað og rifið og reytt
og rokið svo heim til að klaga.

Heilög ævintýrabók

Sigrún ólst upp á Vopnafirði og segir fleiri barnmargar fjölskyldur hafa verið þar, bæði í þorpinu og sveitinni. „Pabbi var læknir og sinnti hverju heimili, tók til dæmis á móti mörgum börnum við mismunandi kringumstæður og var vel treyst. Hann hafði farið í framhaldsnám í lækningum til Bergen í Noregi og þá komist til Ósló á námskeið hjá fæðingarlækni sem þótti flinkastur á Norðurlöndum. Það kom honum vel."

Læknishúsið stóð í miðju plássinu. „Það var timburhús sem eyðilagðist í eldi eina nótt eftir að foreldrar mínir seldu það og það var gert að hreppsskrifstofum," minnist Sigrún. „Skyldmenni mín hafa unnið að því undanfarið að koma upp vef um húsið og fjölskylduna.

> **Það er margvísleg reynsla sem fæst við að alast upp í stórum systkinahópi, reynsla sem þau börn fá síðar að kynnast sem eru einbirni eða kannski tvö systkini í fjölskyldu.**

Verkefnið er vel á vegi statt, ég sá myndir af því um daginn hjá syni mínum."

Þegar lesefni Sigrúnar í æsku ber á góma nefnir hún eina bók sérstaklega. „Við Kristín systir, sem vorum elstu stelpurnar, fengum Ævintýri H. C. Andersens í jólagjöf, kannski 1935 eða 6, og sú bók var svo heilagur gripur að hún var aldrei höfð í bókahillu í barnaherberginu heldur geymd í læsta skápnum þar sem sparibækur foreldranna voru, enda sá ekki á henni þegar ég afhenti hana löngu seinna elsta barnabarni mínu, Theresu, sem nú býr í Sviss og er tónlistarkona. Hún hefur aldrei búið á Íslandi en mamma hennar var svo ötul að kenna henni íslensku að enn þann dag í dag talar hún eins og hún hafi verið hér alla tíð. Þó á hún ungverskan föður, bassaleikara sem býr í Frakklandi."

Brautin mörkuð í MR

Sigrún segir áhugafólk á Vopnafirði hafa í sjálfboðavinnu reynt að halda uppi svolítilli framhaldskennslu til að krakkar gætu bætt við sig þekkingu eftir barnaskólann. „Pabbi kenndi eitthvað og kennslukonan kenndi eitthvað, fólk hjálpaðist að. Þetta var nytsamur undirbúningur og það voru nokkrir unglingar sem gátu farið beint í annan bekk í gagnfræðadeildinni á Akureyri, þar á meðal ég. Vinafólk foreldra minna skaut skjólshúsi yfir mig fyrir norðan."

Svo kveðst Sigrún hafa lent á braut sem hún var ekki sérlega spennt fyrir og lokaði að baki sér. Ég fór í Húsmæðrakennaraskólann sem þá var, hann var í kjallara Háskóla Íslands, norðurálmunni. Ég byrjaði í öðrum árgangi hans 1946, og var í tvo vetur, við vorum þar tólf og nú er ég ein eftir. Helga Sigurðar skólastjóri var dugleg og kraftmikil kona, hún fékk háskólakennara til að kenna okkur bóklegu fögin. Steingrímur J. Þorsteinsson kenndi íslensku. Þegar náminu var að ljúka hélt Helga veislu og bauð gestum, meðal þeirra var Sigurður Nordal. Við stúlkurnar snerumst kringum gestina, Sigurður heilsaði mér og sagði: „Steingrímur vill endilega fá yður í íslenskudeildina." Hann Steingrímur lét þetta ekki bara lauslega út úr sér, því þegar ég svo þurfti á því að halda að vera utan skóla í fjórða bekk í Menntaskólanum í Reykjavík, vegna þess að ég varð að vinna dálítið fyrir mér, þá var það Steingrímur sem lagði inn gott orð hjá Pálma rektor MR. Mín braut var mörkuð þarna. Ég las fimmta bekkinn utan skóla um sumarið til að spara tíma, sat í sjötta bekk fram að hátíðum og las svo utanskóla til stúdentsprófs. – *Hvernig gekk?* – Jú, það gekk ágætlega, ég dúxaði."

Við frekara spjall kemst ég að því að Sigrún hafði líka dúxað á gagnfræðaprófinu fyrir norðan. Þó hafði hún verið heima að sinna yngri systkinum um tíma undir vor, því pabbi hennar lá veikur á Landspítalanum og mamma hennar fór suður til hans.

Vikunám í þýsku dugði vel

Í Húsmæðraskóla Suðurlands á Laugarvatni kenndi Sigrún einn vetur með Bryndísi Steinþórsdóttur, vinkonu sinni og skólasystur. Það var rétt áður en hún tók ákvörðun um að fara í menntaskóla. „Alls staðar mætti ég góðu fólki," segir hún. „Einn hængur gat verið á inngöngu minni í fjórða bekk í MR því þar var þýska kennd í þriðja bekk, en ég hafði enga þýsku lært fyrir norðan. Þórður Kristleifsson, kennari á Laugarvatni, kenndi mér þá þýsku í viku áður en ég fór í MR og hún dugði vel." Þegar haft er orð á að hún hljóti að hafa verið námfús segir Sigrún: „Ég átti létt með að læra og hafði gaman af því." Að loknu stúdentsprófi kveðst hún hafa lokið fyrri hluta prófs í íslenskum fræðum við Háskólann, samsvarandi BA gráðu, sem hafi verið hennar undirstaða undir ævistarf við þýðingar, lestur þingræða og prófarka.

Marga vikna einangrun

Nú hefur Sigrún verið margar vikur í sjálfskipaðri einangrun. „Ég veit að hjartað í mér er það lélegt að COVID-19 mundi drepa mig í einum hvelli, svoleiðis að ég fer ekkert í félagsstarfið hér á Vesturgötunni. Set bara upp grímu og sæki matinn, borða hann svo heima hjá mér," segir hún. „Ég hef lent í að meiðast í þrjú skipti og er háð göngugrind, það hefur líka dregið úr ferðum mínum."

FERSK UPPLIFUN



DOMUSNOVA
KYNNIR MEÐ STOLTI
OKKAR KONUR
Í FASTEIGNAVIÐSKIPTUM



Bergþóra Lárusdóttir
Löggiltur Fasteignasali
S: 895 3868
bergthora@domusnova.is

Ingunn Björg Sigurjónsdóttir
Löggiltur Fasteignasali
S: 856 3566
ingunn@domusnova.is



Vilborg Gunnarsdóttir
Löggiltur Fasteignasali
S: 891-8660
vilborg@domusnova.is

Nadia Katrin Banine
Löggiltur Fasteignasali
S: 692 5002
nadia@domusnova.is



Bergrós Hjálmarsdóttir
Löggiltur Fasteignasali
S: 893 9381
bergros@domusnova.is

Guðný Guðmundsdóttir
Löggiltur Fasteignasali
S: 821-6610
gudny@domusnova.is



Þórey Thorlacius
Skrifstofustjóri

thorey@domusnova.is

Kristín Einarsdóttir
Löggiltur Fasteignasali
S: 894-3003
kristin@domusnova.is

LÁTTU FAGKONUR
SELJA ÞÍNA EIGN
DOMUSNOVA
Fasteignasala

HLÍÐASMÁRA 4 KÓPAVOGI - AUSTURVEGI 6 SELFOSSI & STILLHOLTI 16-18 AKRANESI
SÍMI 527 1717 - WWW.DOMUSNOVA.IS

DAGSKRÁ

Laugardagur

HRINGBRAUT

20.00 Bókahornið fjallar um bækur af öllu tagi, gamlar og nýjar, með viðtölum við skapandi fólk.
20.30 Helgarjóga Í Helgarjóga með Þóru Rós róum við okkur niður í núvitundinni – og verum til staðar í stundinni.
21.00 Sir Arnar Gauti Arnar Gauti snýr aftur á skjáinn með umfangsmikinn lífsstílsþátt sem tekur saman allt sem snýr að heimilum, hönnun, innlitum, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og mörgu fleiru.
21.30 Saga og samfélag er þáttur þar sem málefni líðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.

RÚV SJÓNVARP

07.15 KrakkaRÚV
07.16 Tölukubbar
07.21 Poppý kisuló
07.32 Kátur
07.44 Eðlukrúttin
07.55 Bubbi byggir
08.06 Lestrarhvutti
08.13 Hið mikla Bé
08.35 Stuðboltarnir
08.46 Hvolpasveitin
09.09 Grettir
09.21 Stundin okkar
09.45 Húllumhæ
10.00 Gettu betur - Stjörnustríð
11.10 Vikan með Gísla Marteini
11.55 Sannleikurinn um offitu
12.45 Nærmyndir
13.20 Hringfarinn
14.20 HM í handbolta
16.05 Nile Rodgers: Galdurinn við að slá í gegn
17.05 James Cameron: Vísindaskáldskapur í kvikmyndum
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Óargadýr
18.29 Herra Bean
18.40 Hjá dýralækninum
18.45 Landakort
18.54 Lottó
19.00 Fréttir og veður
19.20 HM í handbolta (Alsír - Ísland) Bein útsending frá leik Alsír og Íslands á HM karla í handbolta.
21.05 HM stofan
21.30 Tónatal
22.35 The Hurt Locker. Myndin gerist í Íraksstríðinu og fjallar um sprengjuleitarlið á vegum Bandaríkjahers. William James liðþjálfi er skipaður nýr leiðtogi liðsins og undirmenn hans eiga erfitt með að venjast vinnubrögðum hans, sem þeim finnst kæruleysisleg og hættuleg. En þegar William lendir í bráðri hættu sjá mennirnir loks hvern mann hann hefur að geyma.
00.40 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

09.05 PGA Special: The Alamo 2020
09.55 PGA Tour 2021
13.25 PGA Special: Memorial Week of Show
13.50 PGA Special: Coming Home (Nicklaus)
14.30 World Golf Championship 2020
20.25 PGA Tour 2021
00.00 PGA Tour 2021

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
10.00 The Block
11.02 The Block
11.56 Dr. Phil
12.37 Dr. Phil
13.17 Dr. Phil
14.30 West Ham - Burnley
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Four Weddings and a Funeral Þættirnir fjalla um fjóra vini sem hittast á ný í London þar sem einn úr vinahópnum er að fara að gifta sig. En eftir óvænta uppákomu í brúðkaupinu breytist allt í lífi vinanna og framundan eru fleiri brúðkaup... og jarðarför.
18.20 This is Us
19.05 Life in Pieces
19.30 Intelligence
20.00 Failure to Launch Tripp er 35 ára og býr ennþá hjá foreldrum sínum. Hver álasar honum fyrir það? Það er ókeypis, hann býr í frábæru herbergi og mamma hans þvær fötin af honum. En foreldrar hans vilja endilega losna við hann og ráða hina fallegu Paulu til að ýta aðeins við honum. En þeir gerðu ekki ráð fyrir því að Tripp myndi ýta á móti.
21.35 Walk of Shame
23.00 Spooks: The Greater Good
00.40 Blue Ruin
02.10 Serena
03.55 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.55 Morgunbæn og orð dagsins
07.00 Fréttir
07.03 Vinill vikunnar
08.00 Morgunfréttir
08.05 Úr byggðum vestra: Hinrik Vagnsson
09.00 Fréttir
09.03 Á reki með KK
10.00 Fréttir
10.05 Veðurfregnir
10.15 Loftslagsdæmið
11.00 Fréttir
11.03 Vikulokin
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
13.00 Gestaboð
14.00 Útvarpsleikhúsið: Heimkoma
15.00 Flakk
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Orð um bækur
17.00 Tónlist frá A til Ö
18.00 Kvöldfréttir
18.10 Í ljósi sögunnar
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Sveifludansar
20.45 Fólk og fræði
21.15 Bók vikunnar
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Litla flugan
23.00 Vikulokin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

11.30 Won't You Be My Neighbor
13.05 Hotel Transylvania 3: Summer Vacation
14.40 Now Add Honey
16.15 Won't You Be My Neighbor
17.45 Hotel Transylvania 3: Summer Vacation
19.20 Now Add Honey
21.00 Downhill
22.25 Braveheart
01.15 Searching
02.55 Downhill

STÖÐ 2

08.00 Strumparnir
08.20 Monchhichi
08.30 Vanda og geimveran
08.40 Tappi mús
08.50 Latibær
09.00 Heiða
09.20 Blíða og Blær
09.45 Zigby
09.55 Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn
10.05 Mæja býfluga
10.20 Mía og ég
10.40 Latibær
11.05 Angelo ræður
11.15 Ella Bella Bingó
11.20 Friends
12.00 Bold and the Beautiful
12.20 Bold and the Beautiful
12.40 Bold and the Beautiful
13.00 Bold and the Beautiful
13.20 Bold and the Beautiful
13.45 Líf dafnar
14.30 All Rise
15.15 Kjötætur óskast
15.55 Shark Tank
16.20 Í kvöld er gigg
17.10 The Masked Singer
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.40 Sportpakkinn
18.53 Lottó
18.55 Top 20 Funniest
19.35 Palm Beach
21.15 The Hangover Part 2
22.55 Spy
00.55 Lady Macbeth
02.20 Us
04.15 Shark Tank

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

06.50 Blíða og Blær
07.15 Dagur Diðrik
07.35 Heiða
08.00 Dóra könnuður
08.20 Mörgæsirnar frá Madagaskar
08.45 Mæja býfluga
08.55 Áfram Diego, áfram!
09.20 Svampur Sveinsson
09.40 Stóri og Litli
09.50 Strumparnir
10.15 Skoppa og Skrítla út um hvippinn og hvappinn
10.30 Ævintýraferðin
18.15 Rasmus fer á flakk
20.00 Friends
20.20 Friends
20.50 Stelpurnar
21.10 American Dad 16
21.35 Bob's Burgers
22.00 Mrs. Fletcher
22.35 Room 104
23.00 Suits
23.45 Friends
00.10 Friends
00.30 Stelpurnar

STÖÐ 2 SPORT

08.35 Dominos Körfuboltakvöld
09.50 Grindavík - Þór Ak.
11.35 Keflavík - Þór Þorlákshöfn
13.15 Seinni bylgjan - kvenna
14.20 Fram - ÍBV
16.50 KR - Breiðablik
18.55 Haukar - Valur
21.05 Dominos Körfuboltakvöld
22.20 Seinni bylgjan - kvenna
23.20 Fram - ÍBV
00.50 Haukar - KA/Þór

STÖÐ 2 SPORT 2

07.55 Lazio - Roma
10.00 LA Clippers - Chicago Bulls
12.25 Middlesbr. - Birmingham
14.30 Lazio - Roma
16.10 Inside Serie A
16.50 Torino - Spezia
18.55 Bologna - Hellas Verona
20.35 La liga: The Best Matches
21.25 Green Bay Packers - LA Rams
01.00 Buffalo Bills - Balt. Ravens.

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin



Við segjum fréttir

Í 34 ár hefur fréttastofa Stöðvar 2 verið hluti af daglegu lífi íslensku þjóðarinnar. Á þessum tíma hefur samfélagið tekið miklum breytingum og fjölmiðlar hafa ekki farið varhluta af því. Frá og með 18. janúar tekur Stöð 2 þeim breytingum að útsending verður aðeins aðgengileg áskrifendum. Á sama tíma kynnum við áður óþekkt verð á Stöð 2 og Stöð 2+ efnisveitunni ásamt sveigjanlegri áskriftarskilmálum.

Við hlökkum til að fylgja þjóðinni áfram og færa henni traustar, nútímalegar fréttir til framtíðar.

\+ = **7.990 kr./mán.**

Lægra verð á Stöð 2 & Stöð 2+ saman

Engin binding á áskrift

Skilmálar okkar eru einfaldir og þægilegir. Þú getur sagt upp eða breytt áskrift til og með 25. hvers mánaðar. Breytingin tekur þá gildi fyrsta dag næsta mánaðar.

Stöð 2+
3.990 kr./mán.

Tryggðu þér áskrift á stod2.is

DAGSKRÁ

Sunnudagur

HRINGBRAUT

20.00 Mannamál Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
20.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum. Umsjón: Páll Ketilsson. Framleiðandi: Víkurfréttir ehf.
21.00 Fjallaskálar Íslands er heillandi heimildaþáttur um landnám Íslendinga upp til fjalla og inni í óbyggðum.
21.30 Stjórnandinn Niðurtalning í Viðurkenningarhátíð FKA sem haldin verður 27. janúar 2021. Á hátíðinni kemur framlína íslensks viðskiptalífs og félagskonur FKA saman, til að heiðra konur úr atvinnulífinu.

RÚV SJÓNVARP

07.15 KrakkaRÚV
07.16 Refurinn Pablo
07.21 Úmísúmí
07.44 Kalli og Lóa
07.56 Poppý kisuló
08.06 Lalli
08.13 Kúlugúbbarnir
08.36 Nellý og Nóra
08.43 Flugskólinn
09.05 Hrúturinn Hreinn
09.12 Múmínálfarnir
09.34 Kátur
09.36 Konráð og Baldur
09.49 Sjóræningjarnir í næsta húsi
10.00 Krakkaskaup 2020
10.30 Loftlagsþversögnin
10.40 Óperuminning
10.45 Hyggjur og hugtök – þjóðernishyggja
11.00 Silfrið
12.10 Meistarinn
12.35 Poirot
14.20 HM í handbolta
16.05 Tónatal
17.10 Manneskja ársins 2020
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Stundin okkar
18.25 Menningin - samantekt
18.45 Gert við gömul hús
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.40 Fyrir alla muni (Stýrið úr Pourquipas?) Þáttaröð þar sem heimur íslenskrar sögu og sagna er kannaður með því að skoða muni sem tengjast sérstökum atburðum í sögu þjóðarinnar.
20.15 Ormstunga
21.15 Um Atlantsála
22.10 Saga ástar og myrkurs
23.45 Silfrið
00.45 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

08.50 PGA Special: Tour Life
09.10 PGA Tour 2021
12.40 PGA Tour 2020
15.50 PGA Highlights 2020
16.45 PGA Highlights 2021
17.40 PGA Special: Must-See Moments
18.20 PGA Special: Arnold Palmer Special
18.40 PGA Special: In the Spotlight
19.25 PGA Tour 2021
23.00 PGA Tour 2021

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
10.30 The Block
11.30 The Block
12.30 Dr. Phil
13.15 Dr. Phil
14.00 The Bachelor
15.20 Amazing Hotels: Life Beyond the Lobby
16.30 Family Guy
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 For the People
18.20 This Is Us
19.05 Lifum lengur
19.35 Vinátta Skemmtileg þáttaröð þar sem fjallað er um vináttu frá ýmsum hliðum. Við köfum í sögulegt samhengi vináttunnar, ræðum samskipti, blóðtengsl, einmanaleika, einelti og vinamissi, auk þess að velta upp mikilvægi vináttu í samfélaginu í heild.
20.00 The Block
21.20 Des
22.10 Your Honor
23.10 Cold Courage
00.20 The Good Fight
01.05 The Resident
02.00 The Rookie
02.45 MacGyver
03.30 Snowfall
04.15 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.55 Morgunbæn og orð dagsins
07.00 Fréttir
07.03 Hringsól
08.00 Morgunfréttir
08.05 Á tónsviðinu
09.00 Fréttir
09.03 Svona er þetta
10.00 Fréttir
10.05 Veðurfregnir
10.15 Bók vikunnar
11.00 Guðsþjónusta í Grensáskirkju
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
13.00 Sögur af landi
14.00 Víðsjá
15.00 Lestin
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Strokið um strengi: Sinfóníuhljómsveit Íslands 65 ára
17.00 Sunnudagskonsert
17.30 Orð af orði
18.00 Kvöldfréttir
18.10 Loftslagsdæmið
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Óskastundin
19.40 Úr byggðum vestra: Hinrik Vagnsson
20.35 Gestaboð
21.30 Fólk og fræði
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Á reki með KK
23.10 Frjálsar hendur
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

10.15 Working Girl
12.05 Honey: Rise Up and Dance
13.40 Breakthrough
15.35 Working Girl
17.25 Honey: Rise Up and Dance
19.05 Breakthrough
21.00 Chappaquiddick
22.40 Carlito's Way
01.00 The Nun
02.35 Chappaquiddick

STÖÐ 2

08.00 Strumparnir
08.20 Blíða og Blær
08.40 Greppibarnið
09.10 Mæja býfluga
09.20 Adda klóka
09.40 Zigby
09.55 Mía og ég
10.15 Lína langsokkur
10.40 Latibær
11.05 Lukku láki
11.30 Ævintýri Tinna
12.00 Nágrannar
13.50 Friends
14.10 Hell's Kitchen USA
14.55 Masterchef UK
15.55 Masterchef Junior
16.40 60 Minutes
17.30 Víglínan
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.40 Sportpakkinn
18.50 Ísland í dag
19.05 Tónlistarmennirnir okkar
19.45 The Great British Bake Off
20.55 Years and Years
21.55 Two Weeks to Live
22.25 Briarpatch
23.10 City Life to Country Life
00.00 Coyote
00.55 High Maintenance
02.40 Hell's Kitchen USA
03.25 Masterchef UK
04.30 Masterchef Junior

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

06.50 Barnaefni
19.05 Skoppa og Skrítla í bíó
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 Stelpurnar
21.10 Wu-Tang Clan: of Mics and Men
22.15 Dagvaktin
22.55 Magnum P.I.
23.40 Last Man Standing
00.05 Friends
00.25 Friends
00.50 Stelpurnar

STÖÐ 2 SPORT

08.55 KR - Breiðablik
10.40 Fram - ÍBV
12.05 Haukar - KA/Þór
13.35 Haukar - Valur
15.15 Grindavík - Þór Ak.
16.55 Keflavík - Þór Þorlákshöfn
18.40 Domino's körfuboltakvöld
20.00 Dallas Mavericks - Chicago Bulls
23.50 Þór Þ. - Grindavík

STÖÐ 2 SPORT 2

06.15 Middlesbrough - Birmingham
07.55 Casademont Zaragoza - Urbas Fuenlabrada
09.35 Sampdoria - Udinese
11.20 Napoli - Fiorentina
13.50 Sassuolo - Parma
15.55 La liga: Top Goals 2020
16.50 Atalanta - Genoa
19.15 Inside Serie A
19.40 NFL Extra 20/21
20.00 Kansas City Chiefs - Cleveland Browns
23.30 New Orleans Saints - Tampa Bay Buccaneers

Mánudagur

HRINGBRAUT

20.00 Atvinnulífið Sigurður K. Kolbeinsson heimsækir íslensk fyrirtæki og kynnir sér starfsemi þeirra. Fjölbreyttir og fróðlegir þættir sem endurspegla þá grósku sem er í íslensku atvinnulífi og fyrirtækjarekstri.
20.30 Karlmennskan- Femíniskt sjónarhorn á karlmennsku, karla og jafnrétti í feðraveldissamfélagi.
21.00 Heima er Bezt er samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits
21.30 Bílalíf er fjörlegur og fjölbreyttur þáttur um bílana okkar í leik og starfi.

RÚV SJÓNVARP

09.00 Heimaleikfimi
09.10 Spaugstofan 2007 - 2008
09.35 Mósaík 2000-2001
10.10 Með okkar augum
10.45 Mamma mín
11.00 Upplýsingafundur Almannavarna
11.30 Maður er nefndur
12.05 Heimaleikfimi
12.15 Meistarinn
12.45 Sagan bak við smellinn – Apologize
13.20 Basl er búskapur
13.50 Orlofshús arkitekta
14.20 HM í handbolta
16.10 Pricebræður elda mat úr héraði
16.40 Grænir fingur 1989-1990
17.00 Matur og munúð
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Loðmundur
18.08 Skotti og Fló
18.15 Hæ, Sámur – 43. þáttur
18.22 Kalli og Lóa
18.33 Nellý og Nóra
18.40 Sammi brunavörður
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir og veður
19.15 HM í handbolta (Ísland - Marokkó) Bein útsending frá leik Íslands og Marokkó á HM karla í handbolta.
21.05 HM stofan
21.25 Nærmyndir
22.00 Tíufréttir
22.20 Veður
22.25 James Cameron: Vísindaskáldskapur í kvikmyndum Heimildaþættir þar sem kvikmyndagerðarmaðurinn James Cameron kannar sögu vísindaskáldskapar í kvikmyndum. Hann ræðir við helstu frumkvöðla og stjörnur á sviði vísindaskáldskapar.
23.10 Besta mataræðið
00.10 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

09.00 PGA Tour 2021
12.30 PGA Tour 2021
16.00 PGA Tour 2021
19.30 PGA Highlights 2021
20.25 PGA Tour 2021

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show with James Corden
14.00 mixed-ish
14.25 The Block
15.45 Vinátta
16.30 Family Guy
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 Man with a Plan
19.30 Superstore
20.00 The Block
21.00 The Rookie
21.50 MacGyver
22.35 Snowfall
23.20 The Late Late Show
00.20 The Good Fight
01.05 The Resident Læknadrama af bestu gerð. Sögusviðið er Chastain Park Memorial spítalinn í Atlanta þar sem læknar með ólíkar aðferðir og hugsjónir starfa.
01.35 Innan vi dör
02.35 Why Women Kill
03.20 The Chi
04.10 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Flugur
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.03 Hádegið
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegið
13.00 Dánarfregnir
13.02 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Hringsól
15.00 Fréttir
15.03 Orð um bækur
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Útvarp KrakkaRÚV
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Egils saga
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

10.25 Every Day
12.00 Lego Movie 2: The Second Part
13.45 Gold
15.40 Every Day
17.15 Lego Movie 2: The Second Part
19.00 Gold
21.00 Cold Pursuit
22.55 Eastern Promises
00.30 211
01.55 Cold Pursuit

STÖÐ 2

08.00 The Goldbergs
08.20 Claws
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Gilmore Girls
10.05 The Goldbergs
10.25 The Mindy Project
10.50 Major Crimes
11.30 Um land allt
12.05 Friends
12.35 Nágrannar
12.55 First Dates
13.40 Beauty Laid Bare
14.50 Sweet Home Carolina
16.10 Ordinary World
17.35 Bold and the Beautiful
17.55 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.05 Kjötætur óskast
19.40 City Life to Country Life
20.30 All Rise
21.15 Coyote
22.05 Shameless
22.55 60 Minutes
23.45 S.W.A.T.
00.30 Magnum P.I.
01.15 Sweet Home Carolina
02.35 Ordinary World
04.00 Major Crimes

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Dóra könnuður
08.20 Mörgæsirnar frá Madagaskar
08.45 Mæja býfluga
08.55 Áfram Diego, áfram!
09.20 Svampur Sveinsson
09.40 Stóri og Litli
09.50 Strumparnir
10.15 Skoppa og Skrítla
10.30 Ævintýraferðin
10.40 Zigby
18.20 Lína langsokkur á ferð og flugi
20.00 Friends
20.50 Stelpurnar
21.10 Last Man Standing
21.35 Divorce
22.05 You're the Worst
22.35 Wyatt Cenac's Problem Areas
23.10 The Bold Type
23.50 Friends
00.35 Stelpurnar

STÖÐ 2 SPORT

07.55 Steve hátíðardagskrá - Árið í máli & myndum
09.20 Haukar - KA/Þór
10.50 KR - Breiðablik
12.30 Þór Þ. - Grindavík
14.15 Tindastóll - Njarðvík
15.55 Domino's tilþrifin
16.45 Seinni bylgjan - kvenna
17.45 Domino's körfuboltakvöld - upphitun
18.10 Haukar - Keflavík
20.10 Valur - KR
22.10 Domino's körfuboltakvöld
23.35 Seinni bylgjan - kvenna

STÖÐ 2 SPORT 2

07.30 Napoli - Fiorentina
09.10 Crotone - Benevento
10.50 Sassuolo - Parma
12.30 Atalanta - Genoa
14.10 Inter Milan - Juventus
15.50 Dallas Mavericks - Chicago Bulls
18.10 Ítölsku mörkin 2020/2021
19.00 Football League Show 2020/2021
19.35 Cagliari - AC Milan
21.40 Lokasóknin
22.10 San Antonio Spurs - Houston Rockets

Ennþá meira úrval af listavörum



Listverslun.is

AMSTERDAM ACRYLICS dream • create

van Gogh The Quality Brand

REMBRANDT The Professional Choice

Liquitex

Conté à Paris DEPUIS 1795

LEFRANC BOURGEOIS PARIS

2017 2020 Framúrskarandi fyrirtæki

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is

Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

Tónlistin gefur mér tilgang

Natan Dagur söng sig inn í hjörtu landsmanna þegar upptökur úr norsku útgáfu The Voice slógu í gegn á íslenskum netmiðlum. Faðir hans, **Benedikt**, er ótrúlega stoltur, enda segir hann Natan ekki bara hæfileikaríkan heldur líka með stórt hjarta.

Um síðustu helgi birtust fréttir á öllum helstu netmiðlum hérlendis af ungum dreng, Natani Degi Benediktssyni, sem er að gera það gott í norsku útgáfunni af The Voice. Allir dómararnir sneru stól sínum við og sóttust eftir að fá að vinna með Natani. Einn dómaranna brast meira að segja í grát yfir einstökum flutningi hans á laginu Bruises með Lewis Capaldi. Natan á sér áhugaverða sögu og fallega hugsjón. Hann óskar þess helst að geta mögulega sýnt fordæmi fyrir ungt fólk þegar kemur að því að láta drauma sína rætast.

Þegar hann er beðinn um að lýsa sér segist Natan vera nokkuð rólegur og njóta þess að vera einn með hugsunum sínum.

„Mér finnst gott að gleðja aðra og ég reyni að vera duglegur að setja mig í spor annarra. Mér finnst það mikilvægt. Ég hef oft reynt að passa aðeins betur inn í samfélagið en ég dregst aftur til baka. En ég er núna persónan sem ég trúi að mér sé ætlað að vera," segir Natan. Hann viðurkennir að í sér séu tveir ólíkir pólar. „Ég er einfari en samt félagslyndur í kringumstæðum þar sem ég hef styrk, þar sem mér finnst ég hafa eitthvað fram að færa."

Natan er fæddur í Reykjavík árið 1999. Hann var orkumikið barn og sífellt að finna upp á ævintýrum með vinum sínum.

„Ég var þakklátur krakki. Eitt skiptið gáfu mamma og pabbi mér bara hnetur í jólagjöf og ég varð yfir mig glaður, svo þau yrðu nú ekki leið yfir því eða héldu að ég væri óánægður með gjöfina," segir hann og hlær. „Svo sáu þau hvað ég var þakklátur, sögðu mér að loka augunum og þá fékk ég aðalgjöfina," rifjar Natan upp.

Veit fátt betra en að gleðja

Að sögn föður hans og dyggasta stuðningsmanns, Benedikts Viggóssonar, var Natan mikill gleðigjafi strax frá fæðingu.

„Hann vildi hafa líf og fjör í kringum sig og var óhræddur við að skapa það fjör sjálfur. Hann er falleg sál með risastórt hjarta. Hann samgleðst öðrum auðveldlega og veit fátt betra en að gefa og gleðja aðra. Hann er staðfastur, ákveðinn og fer eigin leiðir, pabba sínum til mikillar armæðu stundum. En ég get sennilega ekki sakast við hann um það, þar sem hann hefur líklegast erft það frá mér. Við tökumst stundum á en vinátta okkar og gagnkvæm virðing sigrar alltaf að lokum," segir Benedikt um son sinn.

> **ÞAÐ AÐ FJÓRIR DÓMARAR HAFI SNÚIÐ SÉR VIÐ, ALLIR STAÐIÐ UPP FYRIR MÉR KLAPPANDI OG AÐ FÁ ÞESSI UMMÆLI FRÁ ÞEIM. ÞAÐ VAR ALVEG ÓRAUNVERULEGT.**
>
> Natan

Benedikt segir Natan Dag snemma hafa sýnt áhuga á tónlist og söng.

„Hann leit mikið upp til bróður síns, Björns Ísaks, og vinar hans Patreks. Þeir eru fjórum árum eldri og voru oft að búa til tónlist og rappa. Áhugi hann á söng kviknaði fyrst fyrir alvöru þegar hann sá Justin Bieber syngja. Þá sagðist hann ætla að verða eins og hann. Ég heyrði strax að hann var mjög lagviss og það var einhver sérstakur, fallegur tónn í röddinni sem ég heyri enn í dag," bætir Benedikt við.

Natan tók sig til og gerði nokkur myndbönd þar sem hann syngur af einlægni og miklum krafti fyrir krakka á þessum aldri. Viðbrögðin voru því miður ekki þau sem hann vonaðist eftir.

„Ég fékk góð viðbrögð frá mínum nánustu en tók neikvæðu viðbrögðin frá hinum mun meira inn á mig. Strákar úr skólanum og í fótboltanum með mér endurtóku setningarnar úr myndbandinu í stríðnistón. Ég fékk þá tilfinningu að þetta væri asnalegt og hætti því alveg að eltast við drauminn um að verða eins og Bieber. Á þessum tíma hætti ég því að syngja að mestu þar til síðar," segir Natan.

Hann ber þó engan kala til þeirra sem hæddust að honum á þessum tíma.

„Þetta voru auðvitað bara börn. Ég er ekki týpan sem hugsar „look at me now, losers", af því við vorum bara börn og börn geta verið eins og þau eru. Þau hugsa stundum ekki áður en þau tala. „No hard feelings" núna. Nokkrir af þessum strákum voru bestu vinir mínir fyrir þetta og svo aftur í 7. til 10. bekk," segir hann.

Natan Dagur hefur verið duglegur að syngja seinustu þrjú, fjögur árin, en þó mest í einrúmi.

„Ég hef reynt að taka skrefið með því að syngja fyrir framan fleiri og fleiri með tímanum. Sjálfur hef ég ekkert mikla trú á því að vinsældir eða frægð muni veita mér einhverja hamingju. Mig langar bara að halda mér uppteknum við að elta drauma mína, verða betri í að syngja og koma fram á sviði, skrifa mín eigin lög og vonandi hjálpa öðrum sem hafa gengið í gegnum það sem ég gerði með því að segja mína sögu og með tónlistinni minni," segir Natan.



Natan hélt fyrst að það væri verið að grínast í honum þegar hann fékk símtalið frá The Voice í Noregi. MYND/AÐSEND



Allir dómararnir snéru sér við fyrir Natani síðasta föstudag. MYND/TV2

Hélt að þetta væri grín

Natan hafði lengi langað til að taka þátt í keppni í þessum anda. Hann hafði gaman að því að horfa á klippur úr The Voice, X-Factor og Got Talent keppnunum.

„Eftir að ég byrjaði að syngja fyrir framan Björn Ísak bróður minn, æskuvin hans og vin minn Patrek Sólrúnarson og frænda minn Bjarka Guðmundsson, hafa þeir hvatt mig til þess að taka þátt í svona keppni. Þegar við hittumst hvetja þeir mig alltaf til að syngja. Einn morguninn þegar ég var á leiðinni í salsadanskennslu sendi bróðir minn á mig skilaboð og spurði hvað símanúmerið mitt væri aftur. Ég hélt að hann væri bara kominn með nýjan síma og sendi honum því númerið."

Eftir kennsluna var hringt í Natan úr númeri sem hann kannaðist ekki við og hélt hann að bróðir hans væri að hringja, þar sem númerið var norskt.

„Ég kannaðist ekki við röddina. Mig grunaði að bróðir minn hefði fengið einhvern félaga sinn til að grínast í mér. Svo sagði hann: „Hæ, þetta er The Voice, er þetta Natan?" Ég hélt hann hefði sagt „The Vice" og hugsaði: „Sénsinn að Vice sé að hringja til að búa til heimildaþátt um mig," segir Natan hlæjandi, en Vice er veftímarit sem sérhæfir sig

> **ÉG ER EINFARI EN SAMT FÉLAGSLYNDUR Í KRINGUMSTÆÐUM ÞAR SEM ÉG HEF STYRK, ÞAR SEM MÉR FINNST ÉG HAFA EITTHVAÐ FRAM AÐ FÆRA.**
>
> Natan

í að gera heimildaþætti og -myndir.

„Ég hélt þarna að þetta væru bróðir minn og vinur hans að rugla í mér og byrjaði bara að rugla í honum til baka. Strákurinn hinum megin á línunni fór eiginlega bara í sjokk og skildi ekki hvað var í gangi. Þegar hann var að fara að slíta samtalinu áttaði ég mig á því að þetta var ekkert grín. The Voice var í alvöru að hringja. Ég talaði við stráknn í smástund og komst að því að bróðir minn hefði skráð mig í keppnina og að mér væri boðið að koma í áheyrnarprufur," rifjar Natan upp.

Vill sjá drauma sonarins rætast

Mörgum finnst það merkilegt að Benedikt, faðir Natans, hafi ákveðið að rífa sig upp með rótum og fara út með syni sínum. Þeir hafa verið úti síðan í september.

„Ég hef alltaf sagt Natani að ég styddi hann til góðra verka, þeirra sem styrktu hann og þroskuðu. Í þessu tilfelli er það að láta drauma sína rætast. Sem foreldri tel ég það mína skyldu að gera allt sem í mínu



Natan heldur mikið upp á kanadíska tónlistarmanninn Justin Bieber, en faðir hans segir marga hafa haft orð á því að nokkur líkindi séu með þeim.



Natan með Christ Medina, en hann heldur upp á tónlistarmanninn sem hafði sögu að segja þegar hann tók þátt í American Idol árið 2011. MYND/AÐSEND



Natan með föður sínum Benedikt, en þeir eru nú búsettir í Lillehammer.

valdi stendur til að fylgja honum dyggilega út í lífið sem ungum manni. Í mínum huga var það engin spurning. Ef þú virkilega vilt þetta þá getur þú treyst á mig þér við hlið. Þannig að það var bara að byrja að pakka," segir Benedikt.

Björn Ísak, bróðir Natans, sendi inn myndband af Natani að syngja. Því næst voru 80 keppendur valdir til að koma á svonefnd „Blind auditions". Í þeim eru fjórir dómarar; Ina Wroldsen, Matoma, Espen Lind og Yosef Wolde-Mariam, en þau eru meðal hæfileikaríkasta tónlistarfólks Noregs. Dómararnir snúa baki í keppendurna. Snúi einn dómari sér við, er viðkomandi kominn áfram í keppninni. Í tilfelli Natans snéru allir fjórir dómararnir sér við.

Það eru æfingar og viðtöl fyrir hverja umferð. Af þessum 80 eru það um það bil 48 sem komast áfram í aðra umferð. Þá er komið að lið sem kallast „Duel". Þá keppa tveir keppendur úr sama liðinu hvor á móti öðrum. Þeir syngja lag saman og svo velur þjálfarinn annan áfram. Útsláttur heldur svo áfram þar til sextán eru eftir, sem munu syngja í beinni útsendingu. Þá fá áhorfendur að ráða hverjir komast áfram.

„Ég var mjög stressaður en spenntur á sviðinu. Ég var búinn að æfa mig mjög mikið og var tilbúinn til þess að sýna öllum hvað í mér byggi. Ég labbaði á sviðið þegar allt var tilbúið. Ég varð ekkert meira stressaður fyrir framan allt fólkið og byrjaði að syngja. Það var eins og ég hefði dottið inn í einhverja búbblu af einbeitingu. Ég varð stressaður þegar ég heyrði að ég söng ekki alveg eins og ég ætlaði mér á sumum stöðum, en ég var bara svo hrikalega einbeittur í að gleyma ekki textanum. Þegar ég var búinn með sönginn upplifði ég alveg ólýsanlega tilfinningu og var í hálfgerðu sjokki. Þegar þetta var búið þá mundi ég eiginlega ekkert eftir að hafa flutt lagið og mundi ekki hvað dómararnir sögðu," segir Natan.

Þetta rifjaðist allt fyrst upp fyrir honum þegar að hann sá þetta í sjónvarpinu.

„Þetta er tilfinning sem er ekki hægt að kaupa. Ég var algjörlega i skýjunum," segir hann.

> ÉG HEF ALLTAF SAGT NATANI AÐ ÉG STYDDI HANN TIL GÓÐRA VERKA, ÞAÐ SEM STYRKTI HANN OG ÞROSKAÐI. Í ÞESSU TILFELLI ER ÞAÐ AÐ LÁTA DRAUMA SÍNA RÆTAST.
>
> Benedikt

Lét stressið ekki stoppa sig

Komu viðbrögð dómaranna þér á óvart?

„Já, þetta kom mér allt saman svo mikið á óvart. Ég fór á sviðið með engar væntingar, hélt að enginn myndi snúa sér við. Mig hefur skort sjálfstraust í langan tíma en vonaði innilega að einn dómari myndi snúa sér við þannig að ég kæmist allavega áfram. Það að fjórir dómarar hafi snúið sér við, allir staðið upp fyrir mér klappandi og að fá þessi ummæli frá þeim var alveg óraunverulegt," segir Natan.

Hann segist hafa reynt að tileinka sér þá hugsun að hann hefði engu að tapa.

„Ég hugsaði bara að þetta væri eitthvað sem myndi gera mig hamingjusaman og að þetta væri eitt skref í rétta átt að draumunum mínum. Ég hef engu að tapa. Þótt ég dytti út í fyrstu umferð, þá fengi ég að minnsta kost reynsluna. Þannig að ég kýldi bara á þetta. Ég leyfði sjálfum mér að vera stressaður. Stress hefur aldrei drepið neinn, en ég lét það ekki ná tökum á mér. Draumurinn er það mikilvægur. Ég náði að syngja þetta ágætlega en hefði stressið ekki verið til staðar hefði ég náð að syngja þetta aðeins betur. Ég skalf í hægra hnénu og í augnlokunum gegnum lagið og þornaði í munninum. En ég vil þetta svo mikið að ég einbeitti mér bara eins og ég gat og lét það ekki stoppa mig."

Hann segir það einstaka upplifun að taka þátt í framleiðslu af þessari stærðargráðu.

„Þetta er mikil reynsla sem maður fær og maður kynnist góðu fólki. Þetta er alveg nýtt fyrir mig, að fara í viðtöl og vera í kringum svona stóra uppsetningu. Það er heiður að fá að vera nálægt fólki með einstaka sönghæfileika á borð við Inu, sem er ein af dómurunum," segir Natan. Hann valdi Inu sem sinn þjálfara, en hún er ein af þekktustu og bestu söngkonum Noregs. Hún skipar dúettinn Ask Embla með hinum íslenska Arnþóri Birgissyni.

Aldrei jafn spenntur

Viðbrögðin hafa verið einstaklega jákvæð að sögn feðganna.

„Síminn sprakk á föstudaginn síðastliðinn, það var sérstök upplifun. COVID er hér í fullum gangi og þess vegna er ég ekki mikið úti. Ef maður kíkir út, þá er maður með grímu. Ég hef því enn ekki lent í því að einhver kannist við mig," segir Natan.

Það stendur ekki á svörum þegar Natan er inntur eftir því með hvaða tónlistarmanni hann myndi helst vilja starfa.

„Minn stærsti draumur er að vinna með Justin Bieber. Ég veit að ég miða hátt, en ég geri það í flestum tilfellum. Svo langar mig líka mikið að vinna með með Lewis Capaldi. Það eru ótalmargir fleiri sem koma til greina, en þetta eru svona þeir helstu. Svo finnst mér alltaf gaman að finna nýja tónlist á netinu," segir hann.

Natan á sér, eins og áður hefur komið fram, þann draum heitastan að geta tileinkað líf sitt tónlistinni.

„Það væri frábært ef daglega rútínan væri að syngja í hljóðveri allan daginn, og kynnast fólki í bransanum. Að fá tækifæri til að skrifa lög út frá minni eigin upplifun, tilfinningum og hugsunum. Ég vona innilega að ég geti skapað tónlist, sem kemur beint frá hjartanu og að fólk sem upplifir eða gengur í gegnum svipaða hluti nái að tengja við textann. Þannig að það viti að það stendur ekki eitt. Ég stefni á toppinn og kannski verð ég þekkt nafn í framtíðinni. Ég tek bara eitt skref í einu og býst ekki við neinu, reyni bara mitt besta," segir hann.

Benedikt segist einstaklega stoltur af syni sínum, ekki bara frammistöðunni, heldur fyrst og fremst fyrir það hvaða mann Natan Dagur hefur að geyma.

„Jú, ég er mjög stoltur af honum, sérstaklega fyrir að vera falleg og góð manneskja sem vill svo gjarnan gera heiminn að betri stað. Þess vegna samgleðst ég honum sérstaklega í dag, ég veit hvað hann hefur langað þetta lengi en ekki haft styrk og þor fyrr en núna. Ég er stoltur af honum fyrir að sýna þann mikla kjark sem þarf til að vera dæmdur á svona stóru sviði. Það gleður pabbahjartað meira en ég get komið í orð," segir Benedikt.

Ertu spenntur fyrir keppninni?

„Ég er mjög spenntur. Ég hef aldrei verið jafn spenntur í lífinu," svarar Natan.

Stefnir þú á sigur?

„Stefna ekki allir á sigur?" segir Natan Dagur að lokum.

steingerdur@frettabladid.is

briet.is



Leigufélagið Bríet óskar eftir byggingaraðilum til að taka þátt í uppbyggingu íbúða víðsvegar um landið

Leigufélagið Bríet stefnir á uppbyggingu á hagkvæmum leiguíbúðum og auglýsir því eftir byggingaraðilum til samstarfs. Byggingaraðili skal vera aðalverktaki og annast framkvæmd verkefnis í samráði við sveitarfélagið og Leigufélagið Bríeti.

Gögn fyrir samstarfsaðila er hægt að nálgast með því að senda tölvupóst á soffia@briet.is og skal gögnum skilað fyrir mánudaginn 1. febrúar 2021.

Við val á byggingaraðilum til samstarfs verður tekið tillit til reynslu aðila ásamt hagkvæmni og gæði lausna.

Upplýsingar veita Soffía Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Bríetar (soffia@briet.is) og Elmar Erlendsson, byggingafræðingur hjá HMS (elmar.erlendsson@hms.is).

Nánari upplýsingar eru að finna á briet.is

Leigufélagið Bríet

Lífið í vikunni 10.01.21-16.01.21

BANDARÍSKUR BRJÁLÆÐINGUR



Rithöfundurinn Bret Easton Ellis, sem þekktastur er fyrir skáldsöguna American Psycho, kemur að framleiðslu vefseríu sem tekin er upp á Íslandi. Kærasti hans, Todd Michael Schultz, er yfirframleiðandi þáttanna sem York Underwood stjórnar.

SPLIFF, DONK OG GENGJA



Elsa Rúna Árnadóttir komst að því eftir eftirgrennslan á Brask og brall.is að spliff, donk og gengja eru svo gott sem ófáanleg. Sem er verra ef það er klast í íbúðinni. Örfá stykki voru til sölu fyrir 20 árum en eru svo sjaldgæf að Sigurjón Kjartansson, sem kynnti græjurnar fyrir þjóðinni, hefur aldrei eignast sett.

BUBBI ÓSTÖÐVANDI



Bubbi Morthens hefur ekki látið faraldurinn stöðva sig og elskar að vakna alla daga. Hann sendi í vikunni frá sér lagið Á horni hamingjunnar og ætlar að halda streymitónleika á Valentínusardaginn í febrúar. Þá er ljóðabók frá honum væntanleg á árinu.



SPURNINGAR OG VON

Tónlistarmennirnir Birnir og Páll Óskar gáfu saman út lagið Spurningar sem ætlað er að blása fólki von í brjóst á viðspyrnutímum. Páll Óskar gekk svo langt að segjast í samtali við Fréttablaðið halda að þetta sé „með betri popplögum sem ég hef nokkurn tímann fengið að koma nálægt.“



Vilja fyrir alla muni finna silfursjóð Egils

Viktoría Hermannsdóttir og **Sigurður Helgi Pálmason** leita að silfri Egils í nýrri röð þáttanna Fyrir alla muni, þar sem þau halda áfram að grúska með hluti tengda atburðum og fólki í sögu þjóðarinnar.

Þetta er bara svo skemmtilegt og svo ótrúlega gaman að fá að vera að grúska í einhverju svona endalaust,“ segir dagskrárgerðarkonan Viktoría Hermannsdóttir um sjónvarpsþættina Fyrir alla muni, þar sem hún og safnvörðurinn og dellusafnarinn Sigurður Helgi Pálmason rekja sögu gamalla hluta sem tengjast misþekktum atburðum og manneskjum í sögu þjóðarinnar.

„Fyrsta þáttaröðin var sýnd haustið 2019 og nú erum við mætt aftur. Þetta eru sex þættir núna og við vitum meira hvað við erum að gera núna þannig að þetta er orðið fastmótaðra.“

Önnur þáttaröðin hefur göngu sína á RÚV annað kvöld að loknum fréttum og veðri og þótt Viktoría sé þar reynslunni ríkari segir hún að enn komi henni á óvart hversu „mikið er af merkilegum atburðum og manneskjum,“ sem hægt sé að fjalla um með því að rekja sig áfram frá einum litlum hlut.

Áhugasamir áhorfendur

„Við byrjum með einhvern einn mun í hverjum þætti og fylgjum honum eftir. Við erum alltaf með einhverjar hugmyndir þegar við byrjum en síðan kemur alltaf svo miklu, miklu meira í ljós.“

Viktoría bætir við að hver einn og einasti þáttur hafi breyst eitthvað meðan á vinnslunni stóð. „Þetta er brjálæðislega áhugavert og ég er búin að læra svo mikið og við fengum svo ótrúlega margar ábendingar eftir síðustu þáttaröð.

Þar tókum við fyrir hluti sem Siggi vissi um, eða hafði heyrt af í gegnum vinnu sína þegar hann var með Safnaramiðstöðina. Hann er náttúrulega inni í þessum safnaraheimi,“ segir Viktoría og bendir á að ólíkt fyrstu þáttaröðinni spretti nánast allir þættirnir í þessari út frá ábendingum áhorfenda.

„Fólk hefur bara alveg ótrúlega mikinn áhuga á þessu og þetta er náttúrlega alltaf svo miklu meira heldur en einhver gamall hlutur og við förum alltaf í svo stóra sögu sem býr að baki. Það eru alls konar sögur hér og þar og við erum svo þakklát fyrir hversu áhorfendur hafa sent okkur margar ábendingar.“

Hvers vegna ekki?

Grúsk Viktoríu og Sigurðar Helga í kringum ábendingar áhorfenda leiðir þau í alls konar ólíkar áttir. Í fyrsta þættinum skoða þau grip sem hefur verið í eigu íslenskrar fjölskyldu í nokkra áratugi og er sagður vera úr franska skipinu Pourquoi-Pas? sem fórst í aftakaveðri undan Mýrum í Borgarfirði árið 1936.

„Það er ótrúlega áhugaverð saga þar. Við erum alltaf að kanna hvort þessar tengingar munanna við söguna séu raunverulegar og það er oft erfitt að sanna það,“ segir Viktoría og nefnir til sögunnar annað þekkt skip sem kemur við sögu í einum þættinum.

„Þar erum við að fjalla um mjög flottan hlut sem tengist Petsamoferðinni og svo erum við með hlut sem tengist Fjalla-Eyvindi þannig að það eru stór nöfn þarna,“ segir Viktoría brosandi og bætir við að inn á milli séu minna þekktir hlutir, en engu að síður mjög áhugaverðir.



Viktoría og Sigurður Helgi halda áfram að grúska í kringum safngripi í þáttunum Fyrir alla muni og eru þakklát áhorfendum fyrir bæði áhugann og ekki síður allar þær fjölmörgu ábendingar sem hafa borist. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> ÞETTA ER BARA SVO SKEMMTILEGT OG SVO ÓTRÚLEGA GAMAN AÐ FÁ AÐ VERA AÐ GRÚSKA Í EINHVERJU SVONA ENDALAUST.

Málmleit í Mosó

„Við getum líka sagt að við komum aðeins inn á þekktustu fjársjóðssögu Íslands í leit að silfri Egils. Þannig að það er farið víða þarna,“ segir Viktoría og bætir við að Sigurð Helga hafi lengi dreymt um að finna hið goðsagnakennda silfur Egils.

„Ég hafði nú ekki mikla trú á honum í þeim leiðangri. En við sjáum hvernig það fer. Hann stóð þarna bara tímunum saman með málmleitartæki að leita að silfri Egils í Mosfellsbænum,“ heldur Viktoría áfram og áréttar að þau hafi fengið öll tilskilin leyfi, þar sem bannað er að nota málmleitartæki á Íslandi.

toti@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrimsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077: Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

Orrustan um England
Sunnudaginn kl. 16:00

Loksins fáum við draumaleikinn. Það eru ár og dagar síðan **Liverpool og Manchester United**, tvö eftirlætislið landsmanna, mættust í toppslag og því er svo miklu meira en bara toppsætið í húfi. Fylgstu með á **Síminn Sport** þegar Tómas Þór og félagar hefja upphitun hálftíma fyrir upphafsflautið en stórleikurinn hefst kl. 16:30.

Þú sérð Enska boltann á Síminn Sport.



BYKO

Þú sérð öll tilboðin á byko.is

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

ÚTSALA

LAUFEN
Bathroom Culture since 1892 www.laufen.com

-30%



Tilboðsverð

Handlaug
í borð 55x41cm,
tæki fylgir ekki með.

17.217
12951035
Almennt verð: 24.595



-25%

GROHE

Tilboðsverð

Eurosmart
Handlaugartæki, krómað.

8.846
15332467
Almennt verð: 11.795

GROHE

Tilboðsverð

Euphoria sturtusett
með stöng, barka, 260 mm
höfuðúðara með 3 stillingum og
handúðara með 3 stillingum

68.796
15327296
Almennt verð: 85.995

-20%





Verslaðu á netinu á byko.is



cortex
Excellence in Cork

Tilboðsverð

Vinyl korkparket

Stærð borða er 1225x195mm, 6mm þykkt.

5.455kr/m²

19091001

Almennt verð: 8.389kr/m²

Vatns-helt

-35%

GROHE

Tilboðsverð

Essence Pro

Eldhústæki, krómað. Hægt er að skipta um lit á barka.

56.171

15330294

Almennt verð: 74.895



-25%

AEG

Tilboðsverð

Kastari

LED

2.538

52261881

Almennt verð: 3.625



-30%

• **25-50%** **Handverkfæri** (valdar vörur) • **20-30%** **Rafmagnsverkfæri** (valdar vörur)
• **20-30%** **Háþrýstidælur** • **25-50%** **Vinnufatnaður, regnfatnaður, kuldafatnaður, stígvél og skór**
• **40%** **Jólavörur** • **40%** **Matar- og kaffistell** • **40%** **Ferðavörur** • **40%** **Leikföng, spil, púsl og snjóþotur**
• **25%** **Verkfæratöskur og skápar** • **25%** **Skil rafmagnsverkfæri** • **25%** **Járnhillur**
• **25%** **Pottar og pönnur** • **25%** **Kerti og luktir** • **25%** **Kósívara** • **25%** **Búvara** • **25%** **Hestavörur**
• **25%** **Barnabílstólar** • **25%** **Harðparket** • **25%** **Flísar** • **20%** **Heimiliströppur** • **20%** **Eldhústæki**
• **20%** **Handlaugartæki** • **20%** **Loftpressur** • **20%** **Inniljós** (ekki Philips Hue) • **20%** **Vinnuljós**
• **20%** **Innimálning** • **20%** **Iðnaðarryksugur** • **20%** **Steypuhrærivélar** ...og fjöldi stakra vara á frábæru verði

-30%

Tilboðsverð

Skrúfbitasett

33stk.

830

72602711

Almennt verð: 1.185



LUX TOOLS

Tilboðsverð

Málband

5 m.

1.459

68573108

Almennt verð: 1.945



-25%

RYOBI

Tilboðsverð

Rafhlöðuborvél

Kolalaus rafhlöðuborvél með höggi. Kemur með hleðslutæki, 2X2,0 Ah rafhlöðum og mjúkri tösku.

33.671

7133003734

Almennt verð: 44.895



-25%

Einhell

Tilboðsverð

Rafhlöðuskrúfjárn

Létt og þægilegt rafhlöðuskrúfjárn sem hentar vel við viðhald heima við. Þægilegt er að vinna með það í aðstæðum sem erfitt getur verið að ná til. Það er hægt að snúa handfanginu á vélinni og gera það að hefðbundnu skrúfjárni.

4.057

74804106

Almennt verð: 5.795



-30%

LUX TOOLS

-30%

Tilboðsverð

Verkfærasett

70stk.

6.472

68566705

Almennt verð: 9.245



BOSCH

Tilboðsverð

Rafhlöðuborvél

EASY1200. Létt og þægileg skrúfvél 12V með 2x1,5Ah rafhlöðum.

16.196

74864070

Almennt verð: 21.595



-25%

Verslaðu í vefverslun BYKO

SENT HEIM

Frí heimsending er á pöntunum yfir 20.000 kr

Gerðu frábær kaup!

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000 **RITSTJÓRN** ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Torg ehf. **DREIFING** Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

BLÖÐIN

Blaðið í dag og safn eldri blaða á frettabladid.is

BAKÞANKAR



Óttars Guðmundssonar

Tungur tvær

Árið 1000 lá við blóðugum trúarátökum á Alþingi. Kristnir menn og heiðnir stóðu andspænis hverjir öðrum og skóku vopn sín. Ákveðið var að foringi heiðingja, Þorgeir Ljósvetningagoði, skyldi gera út um þetta viðkvæma mál. Hann lagðist undir feld og hugsaði stíft. Niðurstaða Þorgeirs var að Íslendingar skyldu verða kristnir en heiðnir menn mættu blóta goðin, bera út börn og éta hrossakjöt á laun. Menn lifa enn samkvæmt þessum tvíræða úrskurði. Þjóðin er kristin að nafninu til, en fjöldi fólks iðkar ásatrú á laun og opinberlega. Margir stunda enn þá svívirðu að leggja sér hrossakjöt til munns.

Í heimi geðsjúkdómafræðinnar væri talað um tvöföld skilaboð hjá Þorgeiri. Þetta hefur æ síðan verið plagsiður á Íslandi. Margir eru meistarar tvíræðninnar og tekst að fara í svo marga hringi að áheyrandinn veit ekki sitt rjúkandi ráð. Orðræða kollega-anna Kára og Þórólfs er þessu marki brennd. Kári eys Þórólf lofi en segir jafnframt að sumar ákvarðanir hans séu byggðar á draumarugli. Báðir segjast hafa átt hugmyndina að því að tala við Pfizer sjálfan og troðast fram fyrir í bóluefnisröðinni. Klögumál ganga á víxl en báðir segja hinn valinkunnan sómamann. Kári hafði uppi háðuleg orð um hina dönsku Mettu hjá Pfizer. Hann dró það allt til baka daginn eftir þegar lyfjarisinn ygglði sig. Þetta er hið besta mál enda segir gamalt orðtæki: Gott er að hafa tungur tvær og tala sitt með hvorri.

Í nótt dreymdi mig reyndar að til mín kæmi Þorgeir Ljósvetningagoði og færi með þessa vísu:

Bjargaði oss frá bráðu fári
og bóluefnislausu ári
Kári.





© Inter IKEA Systems B.V. 2021



ÚTSALA
VÅGSJÖN þvottastykki
~~350,-~~ 250,-/4 í pk.



ÚTSALA
BROGRUND aukahlutir á baðherbergi
~~995,-~~ 695,-/3 í setti



ÚTSALA
BORSTAD hengi með krókum
~~995,-~~ 495,-



ÚTSALA
TORKIS þvottakarfa
~~2.190,-~~ 1.590,-

ÚTSALAN er í fullum gangi

Færðu heimilinu nýtt yfirbragð á einfaldan og áhrifaríkan hátt. Aukahlutir og handklæði í fríska lit lífga upp á baðherbergið og færa þér ánægjulegt upphaf á deginum. Líttu við og skoðaðu litríkt útvalið, það borgar sig!



ÚTSALA
1.990,-
RUTER strauborð
~~2.690-~~



ÚTSALA
395,-
SVARTSJÖN sápudæla ~~695,-~~

ÚTSALA
595,-/stk.
VÅGSJÖN handklæði 70×140cm ~~895,-~~



ÚTSALA
TORKIS þvottakarfa
~~1.290,-~~ 895,-



ÚTSALA
GIGANTISK ruslafata með þrýstiopnun ~~5.690,-~~ 4.690,-



ÚTSALA
FNISS ruslafata
~~245,-~~ 165,-



ÚTSALA
TORKIS karfa með 30 klemmum
~~595,-~~ 395,-




ÚTSALA
395,-
SKUTTRAN handklæði 40×70cm
~~595,-~~

ÚTSALA
SKUTTRAN handklæði 70×140cm
~~1.590,-~~ 995,-



ÚTSALA
SVARTSJÖN tannburstaglös
~~295,-~~ 195,-/stk.



ÚTSALA
BORSTAD klútar ~~395,-~~
195,-/2 í pk.



ÚTSALA
FYLLEN þvottakarfa
~~1.490,-~~ 1.190,-

IKEA® BAKARÍ

Pastrami-samloka
Með súrsuðum gúrkum, sinnepi og majónesi
695,-



Grænkerasamloka
Með blómkáli, kartöflum, epli, Dijon-sinnepi, tómötum og sósu
695,-



Verslun opin 11-20 – IKEA.is
IKEA Bakarí opið 11-18 – Sænska matarhornið og IKEA Bistro opið 11-20